

Almanak 1922



"Þið þekkið fold með blíðri brá og bláum tindri fjalla,
og svana hljómi, silungsa og sælu blómi valla
og bröttum fossi, björtum sjá og breiðum jökulska-
drjúpi' hana blessun drottins á um daga heimsins alla!"

ÚTGEFANDI: ÓLAFUR S. THORGEIRSSON
WINNIPEG, MANITOBA

Dodd's Kidney Pills

ERU ÞEKTAR YFIR ALLAN HEIM


Gott fyrir—

Brights-sýki,

Sykur-sýki,

Gigt.

Verð 50c eða
6 öskjur fyrir
\$2.50



Gott fyrir—

Sciatica,

Lumbago,

Bakverk,

Þvagveiki.

Verð 50c eða
6 öskjur fyrir
\$2.50

Diamond Dinner Pills

Fyrir
LIFRINA
og
MAGANN



Læknar—


Lifrarveiki,

Niðurgang,

Harðlífi.

25c askjan

Dodd's Dyspepsia Tablets



Fyrir

Magaveiki,

Meltingarleysi

og öll Eymsl í

Maganum

50c eða 6
öskjur fyrir \$2.50

Til sölu hjá öllum kaupmönnum, eða beint frá

The Dodds Medicine Co. Limited

TORONTO, ONT.

Guarantee Electric ÞVOTTAVÉLARNAR

Vegna þess hve auðveldlega þær vinna, hversu alt efni í þeim er vand- að, hversu fegurð og lögun þeirra er svo aðgengileg og vegna þeirrar á- birgðar sem fylgir þeim frá okkar hendi, af því vér vitum að hún hefir alla þá kosti sem beztu þvottavélar hafa, þá segjum vér að hún standi með þeim fremstu að gæðum.

Guarantee þvottavélin er grá að lit, stállögð og er það vitund dekkra að lit. Hún er fullkomin í öllu tilliti, snot- ur og sérlega eiguleg að sjá og reyna. Um þetta sannfærast þú, þegar þú sérð hana.

Vindan er af beztu tegund og vind- ur hún á báða vegu jafnt og má snúa henni og loka á fimm vegu, og skola og bláma á meðan vélin þvær.

REYNST
AÐ VERA
BEZTAR




GUARANTEE Þvottahúsavélar fyrir :

Steam Laundries
Wet Wash Laundries
Hospitals
Hotels
Apartment Blocks
Schools and Colleges
Chinese Laundries
Construction Camps
Community Centers
Abattoirs
Rag Dealers
and

Wherever large quanti-
ties of Cleaning are
required.

Capacity 85 Sheets in 15 Minutes



GUARANTEE WASHER

Standard Size - Capacity 80 shirts
Inside Cylinder - 28 in. x 36 in.
Floor Measurements
5 ft. 4 in. x 2 ft. 11 in.
Weight 1,000 lbs.
Half-horse power Motor

Bäum til allar
tegundir véla
fyrir þvottahús.

Skrifið eltir
upplýsingum

The **GUARANTEE IRON FORGING CO.**

(Hafa bygt Laundry vélar í Winnipeg í 17 ár)

FACTORY PHONE A-7545

NOTRE DAME AND TECUMSEH


Brunswick

PHONOGRAPHS AND RECORDS

311

ULTONA

sem leikur allar hljómplötur alveg eins og þær á að leika og verður á svipstundu breytt svo að hún leikur allar tegundir af hljómplötum með þar til gerðu áhaldi, rétttri nál og þyngd—alt mjög vandalaust. Ultona er fullkomin.



HLJÓÐBERINN ER ÚR VIÐ SPORÖSKJU-MYNDADUR,

búinn til á sama hátt og fiólin. Hin sporöskjumyndaða lögun hans, án nokkurrar málmtegundar, gerir það að verkum að hjóðaldan berst í sínum ríkulegasta mæli, mjúk og nátturleg. Þessi einkenni er það að þakka að miklu hinir undraverðu tónar, sem einkenna BRUNSWICK.

HLUSTIÐ Á Brunswick Hljómplöturnar

sem má leika á allar tegundir Phonographs.

Snú þér til þess mans sem næstur þér er og selur BRUNSWICK. Við skulum senda þér nöfn allra þeirra sem verzlá með BRUNSWICK í þínu nágrenni. Einnig skrá yfir hljómplötur. Gerðu svo vel og segðu frá því að þú hafir séð auglýsing þessa í Almanakinu.



The Musical Merchandise Sales Co.

Sole Canadian Distributors

79 WELLINGTON ST. WEST - TORONTO

Western Office—143 Portage Ave., Winnipeg, Man.

DE LAVAL

Betri aðferð til mjalta.

Kúnni falla þægindin. Hin óbreytta aðferð De Laval mjaltavélarinnar (De Laval Milker), leysir úr því spursmáli því mjólkinn eykst svo mjög frá kúahiörðinni, þar sem hún er brúkuð. Einn maður getur mjólkað þrisvarsinum fleiri kýr á klukkutímanum með De Laval mjaltavél enn með hendi og á þessum tímum, þegar upphæð bankaávisanna frá smjörgerðarhúsinu hafa svo mikið að segja, þá ætti að mjólka hverja kúr, sem er á búinu. *De Laval Milker* leysir úr öllum vanda hvað mjaltir snerta. Mjaltaáhöldin eru betri enn vinnumaður og ódýrari.

Arðmesti vegur til fóðurgjafa.

Á vissum tíma ársins sjóða menn niður aldini og garð-ávexti til brúkunar yfir þann tíma ársins sem lítið er til af þesskonar. Á líkan hátt ætti að fara með hinar miklu gnægtir af sólarplöntum, maís, hafra, bannir og fjölda annarra grænna fóðurtegunda, með því að koma þeim fyrir í De Laval Silo, með því móti hafa bændur ódýrt og vökvaríkt fóður fyrir kýr sínar yfir veturinn og framan af vori til mjólk-uraukningar. Að eiga De Laval Silo mundi tvöfalda mjólk-urframleiðsluna yfir þann tíma ársins, sem jörð er eigi græn.

Arðmesta skilvindan.

Skilvindur fara og skilvindur koma, en De Laval skilvindan stendur alt af fremst. Hún er á undan hvað endurbætur snerta og gefa meira verðgildi á móti dollarnum. Verðleikar hennar til að aðskilja undir öllum kringumstæðum langt um, meiri en annarra og því verðlægrri. De Laval skilvindan hefir lækkað að verði og er í dag ódýrari enn fyrir stríðið.

Skrifið eftir katalog og upplýsingum.

THE DE LAVAL CO. LTD.

WINNIPEG

CANADIAN ORDER OF FORESTERS

LEIÐANDI BRÆÐRA

—og—

ÁBYRGÐARFÉLAG
Í CANADA

Meðlimatala yfir 90,000

Al-Candískt — Þjóðlegt — Ákveðin gjöld — Engin dauðsfalla-álög.

ALDURSTAKMARK 16—45 ÁRA.

nálægt **\$16,000,000** hafa verið borgaðir til meðlima og erfingja þeirra síðan félagið var stofnað 1879.

AFGANGS-SJÓÐUR 1. Oct. 1921: \$7,115,058.71

Fyrir \$3,000,000 af þeim sjóði hafa verið keypt skuldabréf Canada-stjórnar og afgangurinn trygður verðmætum eignum í Canada og þessi sjóður vex um \$25,000-30,000 þúsund dollara á mánuði

Félag þetta gefur út skirteini yfir \$500 og \$2,000 gegn eftirfylgjandi fyrirfram borguðum mánaðariðgjöldum.

Age	Rate per Mo. \$250	Rate per Mo. \$500	Rate per Mo. \$1000	Rate per Mo. \$1500	Rate per Mo. \$2000	Age	Rate per Mo. \$250	Rate per Mo. \$500	Rate per Mo. \$1000	Rate per Mo. \$1500	Rate per Mo. \$2000
16	.20	.40	.80	\$1.20	\$1.60	31	.32	.63	\$1.25	\$1.88	2.50
17	.21	.41	.82	1.23	1.64	32	.33	.65	1.30	1.93	2.60
18	.21	.42	.84	1.26	1.68	33	.34	.67	1.35	2.02	2.70
19	.22	.44	.87	1.31	1.74	34	.35	.70	1.40	2.10	2.80
20	.23	.45	.90	1.35	1.80	35	.37	.73	1.45	2.18	2.90
21	.24	.47	.93	1.40	1.86	36	.38	.75	1.50	2.25	3.00
22	.24	.48	.96	1.44	1.92	37	.39	.78	1.55	2.33	3.10
23	.25	.50	.99	1.49	1.98	38	.40	.80	1.60	2.40	3.20
24	.26	.51	1.02	1.53	2.04	39	.42	.83	1.65	2.48	3.30
25	.27	.53	1.05	1.58	2.10	40	.43	.85	1.70	2.55	3.40
26	.27	.54	1.08	1.62	2.10	41	.44	.88	1.75	2.63	3.50
27	.28	.56	1.11	1.67	2.22	42	.46	.93	1.85	2.78	3.70
28	.29	.57	1.14	1.71	2.28	43	.48	.97	1.95	2.92	3.90
29	.31	.60	1.20	1.80	2.40	45	.53	1.05	2.10	3.15	4.20
29	.30	.59	1.17	1.76	2.34	44	.50	1.00	2.00	3.00	4.00

Dauðsföll í Canadian Order of Foresters voru síðastl. ár — 40, árið — að eins 9.12 af 1000 og meðaltal dauðsfalla síðan félagið var stofnað 1879 er 5.72.

Yfir 50,000 af meðlimum félagsins standa í veikinda og útfarar-hagnaðardeild félagsins. Hagnaðurinn við að vera í þeirri deild er \$3.00 á vika, fyrir 2 veikinda vikurnar og \$5.00 úr því í 10 vikur — alls \$56.00 auk útfarartillags, sem er \$50.00. Gjöldin borgist fyrirfram mánaðarlega og eru: Fyrir 16—25 ára 25c.
" 25—30 ára 30c.
" 30—35 ára 35c.

Meðlimum er í sjálfsveld sett hvort þeir standa í þeirri deild eða ekki.

Frekari upplýsingar geta menn leitað hjá meðlimum eða skrifað

F. A. WOOD, D.H.C.R.

D. E. McKINNON, D.H., Sec.

Brandon, Man.

Winnipeg, Man.

Skrifstofa: 318 McINTYRE BLOCK, WINNIPEG

Entered according to Act of the Parliament of Canada in the year
1896 by Ólafur S. Thorgeirsson, at the Department of Agriculture.

Almanak

fyrir árið

1922

annað ár eftir hlaupár
og 5. ár eftir sumarauka.

Reiknað eftir afstöðu Winnipeg-bæjar í Manitoba.

Safn til laudnámssögu Íslendinga í Vesturhelmi og fleira.

TUTTUGASTA OG ÁTTUNDA ÁR.

WINNIPEG

Útgefandi og Prentari ÓLAFUR S. THORGEIRSSON.

1921

Á þessu ári teljast liðin vera
frá Krists fæðingu 1922 ár
Árið 1922 sunnudagsbókstafur A; Gyllinital 4.

Myrkvar.

Árið 1922 verða tveir myrkvar.

1. Hringmyndaður sólmyrkvi 28. marz; ósýnilegur hér í álfu.
2. Almyrkvi á sólu 21. sept.; ósýnilegur hér í álfu.

Um tímatalið.

Forn-Egyptar skiftu degi og nóttu í 12 kl.-stundir hvoru,—og hafa Gyðingar og Grikkir ef til vill lært þá venju af Babýloníu mönnum. Það er sagt, að deginum hafi fyrst verið skift í klukkustundir árið 293 f. Kr., þegar sólskífa fyrst var smíðuð og sett upp í Quirinus-mustertiau í Róm. Þangað til vatnslukkurnar voru uppfundnar (árið 158 f. Kr.) voru kallarar (eða vaktarar) viðhafðir í Róm til að segja borgarbúum hvað tímanum liði. Á Eng. landi voru vaxkertaljós höfð fyrst frameftir, til að segja mönnum, hvað tímanum liði. Var áætlað, að á hverri klukkustund eyddust 3 þumlungar af kertinu. Hin fyrsta stundaklukkan (tímamælir—sigurverk í líkingu við þær, sem nú tíðgast, var ekki fundin upp fyr en árið 1250. Fornmenn á Norðurlöndum töldu flestir, að dagur byrjaði með upprás sólar. Aþenumenn og Gyðingar töldu hann byrja á sólsetri og Rómverjar, eins og vér, á miðnætti.

BRUKID TUCKETTS
ORINOCO
Skorið stórt fyrir Pípu—
Skorið fínt fyrir Cigarettes.



VEÐURFRÆÐI HERSCHEL'S.

er segir fyrir um veðrabreytingar, er verða á öllum tunglköllum, og meðan hvert tungl er uppi árið um kring.

Tafía þessi, og athugasemdir þær, er fylgja henni er byggð á athugunum, er starfið hefir verið græð-
gæflega að um langt tímabil, og er hún samín samkvæmt nákvæmum athugunum aðdráttarafi sólar-
innar og tunglsins, með tilliti til hinnar breytilegu afstöðu þeirra við jörðina.

Það er auðvelt að sjá af töflu þessari, hvers konar veðurátta eða veðrabreyting muni verða með
hverjum tungljórðungi, og hún fer svo nálægt því, sem fram kemur, að sjaldan eða aldrei skeikar.

Ef nýtt tungl. fyrsta kvartil, fullt tungl
eða síðasta kvartil kemur

Á sumri:

Á vetri:

" kl. 2 og 4 um morguninn	Fagurt veður	Frost, nema sunnanvindur sé.
" " 4 og 6 "	"	Regn.
" " 6 og 8 "	Vindur og regu	Stormasamt.
" " 8 og 10 "	Breytilegt veður	Kallt og regn, sé vindur af vestri ; snjór, sé vindur af austri.
" " 10 og 12 "	Tíðar skúrir	Kallt og hvarst veður.
" " 12 og 2 e.m.	Mjög rigningasamt	Snjór og regn.
" " 2 og 4 "	Breytilegt veður	Fagurt veður og hlýtt.
" " 4 og 6 "	Fagurt veður	Fagurt veður.
" " 6 og 8 "	Fagurt, sé vindur af norðvestri	Fagurt með frosti, sé vindur af n. eða n.a.
" " 8 og 10 "	Rigning, sé vindur af s. eða s.v.	Regn eða snjór, sé vindur af s. eða s.v.
" " 10 og miðnættis.	Fagurt	Fagurt veður með frosti.

Páskatímabilið.

Kirkjuþingið í Nicæa, er haldið var árið 325 eftir Krists fæðing, ákvað og leiddi í lög kirkjunnar, að páska-hátíðin skyldi ætíð haldin vera hinn fyrsta sunnudag eftir fyrsta tungl, er springi út næst eftir 20. marzmán. Samkvæmt ákvæði þess getur páskahátíðin átt sér stað á 35 daga tímabili, nefnilega á tímabilinu frá 22. marz til 25. apríl, að þeim dögum báðum meðtöldum. Þetta tímabil er nefnt páskatímabilið. Af þessu leiðir, að ef tungl væri fult 21. marz, og 22. marz bæri upp á sunnudag, þá yrði sá dagur (22.) páskadagur. Fyr á ári geta páskar aldrei orðið. Þetta átti sér stað árið 1818. En sé tungl fult 18. apríl og 18. apríl bæri upp á sunnudag, yrði næsti sunnudagur páskudagur, nefnl. 25. apríl. Það kom fyrir síðast árið 1886.

Sóltími.

Sólarhringur er sú tímalengd, er liður á milli þess, e-sólin gengur yfir ákveðna hádegislínu, og er það hin eðlilegasta skifting tímans. En sökum hinnar mismunandi hreifingar jarðarinnar umhverfis sólina og sökum bugsins á sólargangslínunni (Ecliptic), er aldrei nákvæmlega jafnlangur tími milli þess, er sól gengur yfir ákveðna línu. Af því leiðir, að það er litt mögulegt að setja stundaklukkan eftir sól. Til að ráða bót á þessum mismun, setja menn svo að önnur sól sé til, og að hún gangi með jöfnum hraða þvert yfir miðjarðarlínuna. Er sú ímyndaða sól þá stundum á undan og stundum á eftir hinni einu virkilegu sól. Er sá mismunur mestur 16 mínútur. Réttur sóltím er miðaður við hina virkilegu sól, en hinn svo kallaði "meðal sóltími" aftur á móti, er miðaður við hina ímynduðu sól. Til skýringar má geta þess að það er að eins á tveimur dögum á árinu—á jafndægum haust og vor—að "meðal sóltíma" og réttum sóltíma ber saman, því á þeim tveiu dögum að eins er buglínan eða sólargangslínan yfir miðjarðarlínunni.

Stærð úthafanna.

Norður-Íshafið er um	4,781,000	ferh. míl. flatarmál.
Suður-Íshafið	30,592,000	“ “ “
Índlandshafið	17,084,000	“ “ “
Atlandshafið	24,536,000	“ “ “
Kyrrahafið	50,309,000	“ “ “

Lengstur dagur.

Pegar klukkan er 12

kl.	á hádegis í Washington, höfuðstaður Bandaríkjanna, þá er hún í
Reykjavík..... 20 56	New York..... 12.12 e. h
Pétursborg..... 18 38	St. John, Nýfundnal. 1.37 “
Stökkhólmi..... 18 36	Reykjavík..... 4.07 “
Endinborg..... 17 32	Edinburgh..... 4.55 “
Kaupmannahöfn..... 17 20	London..... 5.07 “
Berlín..... 16 40	París..... 5.17 “
London..... 16 34	Róm..... 5.53 “
París..... 16 05	Berlín..... 6.02 “
Victoria B.C..... 16 00	Vínarborg..... 6.14 “
Vínarborg..... 15 56	Calcutta, Indland..... 11.01 “
Boston..... 15 14	Pekin, Kína..... 12.64 f. h.
Chicago..... 15 08	Melbourne, Ástralía..... 2.48 “
Miklagarði..... 15 04	San Francisco..... 8.54 “
Cape Town..... 14 20	Lima, Perú..... 12.00 á háð
Calcutta..... 13 24	

TÍMINN er í þessu almanaki miðaður við 90. hádegisþing. Til þess að finna meðaltíma annara staða, skal draga 4 mínútur frá fyrir hvert mælistig fyrir vestan þennan þing, en bæta 4 mínútum við fyrir hvert mælistig austan hans.


BRUKID TUCKETTS

ORINOCO

Skorið stórt fyrir Pípu—
Skorið fínt fyrir Cigarettes.



*Ef þú getur ekki sagt
 "vel, þökk fyrir" laktu
CARNOL
 hið bragðljúfa heilsulyf.*



Carnol er sett saman samkvæmt forskiftum varfærarstu lækna. Þinn eigin læknir gæti ekki ráðlagt þetra eða öruggara heilsulyfi. Það inniheldur slík lækningarefni, sem kraft-safann úr kjötinu, Glycerophosphates og aðal-styrkingarefni úr þorskalyðinu og fleiri heilsusöm og auðmelt efni. Carnol læknar ekki alt, en það er söttvarnandi og heilsubyggjandi. Það fyrirbyggir sjúkdóma og byggir upp líkama þinn mjög hrað fara eftir veikindi. Eykur matarlyst, greiðir fyrir meltingunni og vekur til lífs lagakerfið. Börnum þykir það gott vegna hins góða keims og af því það byggir þau upp. Ein matskeið undan hverri máltíð og sú fjórða um leið og til svefns er gengið, og ein teskeið handa börnum er nægilegt. Stór flaska á \$1.00 hjá öllum lyf-sölum. Mundi ekki svara kostnaði fyrir \$1.00 að komast fyrir veikindi og geta brosað á eftir heilbrigður.

Með pósti er verðið \$1.25. Pantanir með pósti, fljótt afgreiddar.

Home Remedies Sales

850 Main St.

WINNIPEG



		<i>Umskurn Krists, Lúk. 2.</i>	MÖRSUGUR
S	1	Nýársdagur	
M	2	Prælahald aftek. í Bandaríkj. 1865	
P	3		
M	4	Konráð Gíslason d. 1891	
F	5	Stjórnarskrá Íslands 1874.	
F	6	Þréttandi (jóladaðurinn gamli) - F.kv. 5.24 f.m.	
L	7	Knútsd. - Árni Magn. d. 1730.	12. v. vetrar
<i>Þegar Jesús var 12 ára, Lúk. 2.</i>			
S	8	1. s. e. þrett. - Galílei d. 1642	
M	9	Napóleón 3. d. 1873	
P	10		
M	11	Brettevumessa	
F	12	Gissur jarl Þorvaldss. d. 1268.	
F	13	Geisladaður - Fult 9.37 f.m.	
L	14	Mag. lög. Ólafsson d. 1800	13. v. vetrar
<i>Brúðkaupið í Kana, Jóh. 2.</i>			
S	15	2. s. e. þrett. - Hilmar Finsen d. 1886	
M	16	British Museum opnað 1759	
P	17	Antoniusm. - Benjam. Franklin. f. 1706	
M	18	B. Lytton d. 1873	
F	19	Gull fundið í Californíu 1848	
PORRI			
F	20	Bræðramessa - Síð.kv. 1.00 f.m.	Miður vetur
L	21	Agnesarmessa	14. v. vetrar
<i>Jesús gekk ofan af fjallinu, Matt. 8.</i>			
S	22	3. s. e. þrett - Vincentiusmessa - Byron f. 1788	
M	23		
P	24	Friðrik mikli f. 1712	
M	25	Pálm. - Kirkjufél. V. - Ísl. stofn. 1885	
F	26		
F	27	Mózarf. 1756 - Nýtt 6.48 e.m.	
L	28	Holberg d. 1754	15. v. vetrar
<i>Jesús gekk á skip, Matt. 8.</i>			
S	29	4. s. e. þrett. - Em. Swedenborg f. 1688.	
M	30		
P	31	Dr. Guðbr. Vigfússon d. 1889	



Sendu eftir Premiu-skrá
ókeyptis og hirtu kúponin

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.
654 Main St., Winnipeg

More Bread and Better Bread
PURITY FLOUR



TRADE MARK REGISTERED

KOREEN

Yngir upp hárið og
eyðir væring

(Eftir leyndardómsfullum gömlum
fyrirsögnum).

Endurnýjar grátt og
upplitað hár og gefur
því sinn upphaflegalit
og fegurð.

ÁRÍÐANDI.

Geymdu meðalið á köldum og þurrum stað. Eftir að farið er að brúka það, skiftir það litum. En það breytir áhrifum þess alls ekkert. Hafðu hárkambinn og hárbustan hreinann, það er mjög áriðandi, þegar þú brúkar meðalið. Þvo hár þitt sjaldan, en brúkaðu hárgreiðuna og bustann oft. Það er engin olía í Koreen, sem óhreininkar koddann eða hattbandið.

KOREEN GERIR SITT VERK.

af því það verðar að vinna upp vanrækslu áráanna. Koreen verkar hægt en áreiðanlega. Furðulegur árangur fæst ætíð ef fylgt er hinum einföldu Koreen fyrirsögnum.

Kæri herra — Eg leyfi mér að gefa yður til kynna að eg hef brúkað eina flösku af "Koreen" hinu nýja hárméðali og hefur það reynst mér betur enn eg bjóst við. Þessi eina flaska hefir gert hár mitt eins og það var fyrir 20 árum. Það var orðið grátt og komið los í það. Það hefir algerlega læknað væringuna og kláða í hársrótunum.

Oska þér allsgóðs. Eg er, H. SMITH.

Lake Wapta, Hector, B.C., Maí 19, 1921.

Kæri herra — Síðan og kom frá Frakklandi hef og átt í vandræðum með væring og hárlós. Vinur minn benti mér á KOREEN. Eg hef brúkað tvær flöskur og mér er á nægja í að tilkynna þér að eg er hinn ánægðasti yfir árangrinum. Hár mitt er ítrítt við væring og nær því eins þétt og það var áður.

Ykkar einlægur, E. F. COLLINS, Lieutenant.
Late Royal Munster Fus and R. Flying Corps

Selt með fullri ábirgð, að það sé sem það er hér er sagt.

KOREEN SALES CO.

2140 Broad Street

REGINA, SASK.

PORRI

- M 1 | Innl.ráðherrastjórn á Íslandi 1904
 F 2 | Kyndilmessa
 F 3 | Blásfusmessa -Mendelsshon-Bartholdy f. 1809
 L 4 | ☉F. kv. 11.52 e.m. 16. v. vetrar

Íllgresi meðal hveitisins. Matt. 13.

- S 5 | 5.s.e.þrett.--Jóhann Runeberg f. 1804
 M 6 |
 P 7 | Charles Dickens f. 1812
 M 8 | Pétur mikli d. 1725 -Sprengikvöld
 F 9 | Baldvin Einarsson d. 1833--Öskudagur
 F 10 |
 L 11 | Bellman d. 1795--☉Fult 8.18 e.m. 17. v. vetrar

Verkamenn í vingarði, Matt. 20.

- S 12 | Níuviknafasta -Lincoln f. 1809
 M 13 |
 P 14 | Lúters síðasta prédikan 1546
 M 15 | Jón landl. Þorsteinsson d. 1855
 F 16 | Melankton f. 1497
 F 17 | Michael Angelo d. 1563
 L 18 | Mart. Lút d. 1546--Þorraþ, ☉S.k. 1.18 e.m.-18.v.v.

Fernskonar sáðjörð, Lúk. 8

GÓA

- S 19 | 2. s. í níuv.föstu
 M 20 | Styrmir fróði Kárason d. 1245
 P 21 | Spinoza d. 1677
 M 22 | Pétursm.--Geo. Washing. f. 1732--
 F 23 |
 F 24 | Matthíasmessa--Ingeman d. 1862
 L 25 | Thomas Moore d. 1852 19.v.vetrar

Skírn Krists, Matt. 3.

- S 26 | Langaf. (sjöv.f.)-V.Hugo d.1802 -☉N.1.48 e.m.
 M 27 | Longfellow f. 1807
 P 28 | Sprengikvöld



Sendu eftir Premiu-skrá
 ókeypis og hirtu kúponin

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.
 654 Main St., Winnipeg

PURITY FLOUR
 More Bread and Better Bread




CHAMBERLAIN'S

meðöl ættu að vera á hverju heimili

CHAMBERLAIN'S MUSTARD BALSAM gerir sama gagn og Mustard plástur en langtum þægilegra til brúknar, er bezt áburðurinn af þeirri tegund, sem enn hefir verið búinn til. Verð 60c

CHAMBERLAIN'S COUGH REMEDY er beztá hósta- og kvefmeðalið er menn þekkja. Moeðrum er sérstaklega ráðlegt að gefa það börnum sínum. Hefir það reynst þeim ágætlega á undanförum árum og mun reynast eins í framtíðinni. Jafnvel við kíghósta hefir þetta meðal reynst vel. Verð 35c og 65c.



Nýrnaveiki er sífelt að fara í vöxt. Juniper tablets eru góðar við öllum kvillum sem frá nýrunum stafa. Þær hreinsa blóðið og koma lagi á þvagrásina. Verð 50c.

Ef þú þjáist af höfuðverk reyndu



Chamberlain's Tablets 25c

CHAMBERLAIN MEDICINE CO., LTD.

TORONTO, CANADA

Dept. 11

Fæst hjá öllum lyfsölum og HOME REMEDIES SALES, 848-850 Main Street, Winnipeg, Man.

M	1	Öskudagur	
F	2	Fyrsta þing Bandaríkjanna sett 1781	
F	3	Jónsmessa h. f.	
L	4	Sigurður Breiðfjörð f. 1798	20. v. vetrar
		<i>Djöfullinn freistar Jesú, Matt. 4.</i>	
S	5	1. s. í föstu—Oddgeir Stephensen d. 1885	
M	6	Mich. Angelo f. 1475—(F.kv. 2.25 e.m.)	
P	7		
M	8	Jón Thoroddsen d. 1868	
F	9	Sverrir konungur d. 1202	
F	10	Árni lögm. Oddsson d. 1665	
L	11		21. v. vetrar
		<i>Kanyerska konan, Matt. 15</i>	
S	12	2. s. í föstu—Síra Páll Þorl. d. 1882—Gregoriusm.	
M	13	Guðbr. Vigfússon f. 1827—☺ Fult 6.14 f.m.	
P	14	Klopstock skáld d. 1803	
M	15	Julíus Cæsar d. 44 f. Kr.	
F	16	Gvöndardagur	
F	17	Björn Gunnögsson d. 1876	
L	18	Fyrsti landlæknir á Íslandi 1760	22. v. vetrar
		<i>Jesús rak út djöful, Lúk. 11.</i>	
S	19	3. s. í föstu—David Livingstone f. 1813	
M	20	Góuþræll—☺ Síð. k. 3.43 f.m.	
			EINMÁNUDUR
P	21	Bened. m.—Jafnd.—Vor byrjar	
M	22	Goethe d. 1832	
F	23	Halld. yfirk. Friðriksson d. 1902	
E	24	Guðm. skáld Bergþórsson d. 1705	
L	25	Boðunardagur Maríu	23. v. vetrar
		<i>Jesús mettar 5000 manna, Jóh. 4.</i>	
S	26	Miðfasta—Bethoven d. 1827	
M	27	Yfirréttur settur á Íslandi 1563	
P	28	☉ Nýtt 8.03 f.m.	
M	29	Swedenborg d. 1772—Jón Konfer. Eiríkss. d. 1787	
F	30	Skáli rektor Thorlacius d. 1815	
F	31	Bjarni konf. Þorsteinsson f. 1781	



Sendu eftir Premíu-skrá
ókeypis og hirtu kúponin

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.
654 Main St., Winnipeg

PURITY FLOUR
More Bread and Better Bread

CHAMBERLAIN'S COLIC AND DIARRHOEA REMEDY

Það er ekki til áreiðanlegra meðal selt í Canada enn þetta. Það hefir verið brúkað með góðum árangri, bæði í Canada, Bandaríkjum og öðrum löndum. Ein flaska á heimilinu getur sparað nokkrum úr familfunni nokkura stundar þjáninga og ferðalag til bæjar eftir lækni. 35 cents.



CHAMBERLAIN'S COLD BREAKERS

Að komast hjá vondu kvefi er að taka fyrir það í byrjuninni og því skildi ætíð hafa eina eða tvær öskjur við hendina af þessum tablets. Þær eru samsettar af áhrifamestu meðölum sem þekt eru, til að drepa kvef um leið og fólk verður þess vart. Svo eins eða tveggja daga brúkun þessa meðals er það sem þarf nauðsynlega. Þær kostar aðeins 25c.

HANDY CORN PLASTER

Handhægasta, áhrifamesta og ódýrasta líkþorna-meðal á markaðinum. Hver sem það hefir reynt er ánægður með árangurinn. Enginn vandi við brúkun þess eða óþægindi; hvaða skór sem eru geta gengið utanyfir það. Kostar aðeins 15 cents hjá kaupmönnum eða með pósti.

CHAMBERLAIN MEDICINE CO., LTD.

TORONTO, CANADA

Dept. 11

Fæst hjá öllum lyfsölum og HOME REMEDIES SALES,
848-850 Main St., Winnipeg, Man.

		EINMÁNUDUR
L	1	Fyrsti lyfsali á Ísl. 1772 <i>Gabriel engill sendur, Luk. 1.</i> 24.v.vetrar
S	2	5.s.í föstu--Emil Zola f. 1840
M	3	
P	4	Ambrosiusmessa
M	5	Jos, Lister f.1827--Rafael d.1520--@F.k.0.40 f.m.
F	6	Sókrates d. 399 f. Kr.
F	7	Drummond d. 1907
L	8	Kristján IX. f. 1818 <i>Krists innreið í Jerúsalem, Matt. 21.</i> 25.v.vetrar
S	9	Pálmásunnud.--Dymbilvíka--Kristj. Jónss. d.1869
M	10	Swinburne d. 1909
P	11	Síra F. J. Bergmann d. 1918—Fult t.3.44 e.m.
M	12	
F	13	Skírdagur
F	14	Föstudagurinn Langi--Tibúrtiúsmessa
L	15	Abraham Lincoln d.1865 Sumarmál (af 26.v.v.) <i>Krists upprisa, Mark. 16</i>
S	16	Páskadagur—Magnúsm. (Eyjajarls h. f.)
M	17	Benj. Franklin d. 1790
P	18	☉ Síð. k.7.54 e.m.
M	19	Byron d. 1824—Darwin d. 1882
F	20	Muhamed f. 571 Sumard. fyrsti—1. v. sumars
F	21	
L	22	
<i>Jesús kom að luktum dyrum, Jóh. 20.</i>		
S	23	1. s. e. páska--Jónsm. Hólab. h.s.--Shakespear
M	24	Verzlunin á Ísl. gefin laus 1854 [f.1564, d.1616]
P	25	Gangdagurinn eini (mikli)
M	26	Björnstjerne Björnsson d. 1910
F	27	Herbert Spencer f. 1820--☉ N,t,0.04 f.m. 2.v.s.
F	28	Jón Ögmundss. bisk. á Hólum d; 1121
L	29	Konráð Maurer f. 1823 <i>Jesús er góði hirðirinn, Jóh. 10.</i>
S	30	2.s.e.páska—J. P. Jacobsen d. 1885

HARPA

More Bread and Better Bread

PURITY FLOUR

**ROYAL
CROWN
SOAP**

Sendu eftir Premiu-skrá
ókeyptis og hirtu kúponin

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.
654 Main St., Winnipeg

HARPA

- M 1 Tveggja postulamessa---Dav. Liv. d. 1873
 P 2
 M 3 Krossmessa á vori (fundinn krossinn)
 F 4 ☉ F.kv.7.56 f.m. 3.v.sumars
 F 5 Napóleon mikli d. 1821
 L 6 Runeberg d. 1877
Burtför Krists til föðursins, Jóh. 16.
 S 7 3. s. e. páska- Óundarbrenna 1197
 M 8 Hannes bisk. Finsson f. 1739
 P 9 Schiller d.1805---Gangdagavika
 M 10 Eldaskildagi
 F 11 Joh. Arndt d. 1621---☽ F. 1.06 f.m. 4.v.sumars
 F 12 Oddur Hjaltalín d. 1840
 L 13 Fyrsta ensk nýlenda stofnsett í America 1601
Sending heilags anda, Jóh. 16.
 S 14 4. s. e. páska—Vinnuhjúaskildagi á Íslandi
 M 15 Hallvarðsmessa
 P 16
 M 17 Tómas Sæmundsson d. 1841
 F 18 ☽ Síð.kv.1.17 e.m. 5.v.sumars
 F 19 Gladstone d.1898
 SKERPLA
 L 20 St. Mills d. 1806
Biðjið í Jesú nafni, Jóh. 16.
 S 21 5. s. e. páska—Kristófer Kolumbus d. 1506
 M 22 Sæmundur fróði d. 1133
 P 23 Hinrik Ibsen d. 1906
 M 24 Nic. Kopernikus d. 1543
 F 25 Uppstigningard.—Urbanusmessa 6. v. sumars
 F 26 Jónas Hallgrímsson d. 1845—☉ Nýtt 1.04 e. m.
 L 27 Þormóður Torfason, sagnfræð. f. 1636
Þegar huggarinn kemur, Jóh. 15.
 S 28 6. s. e. páska---Gissur biskup Ísleifsson d. 1118
 M 29 Gísli Brynjólfsson d. 1888
 P 30 Eggert Ólafsson d.1768
 M 31 Jón ritstjóri Guðmundsson d. 1875



Sendu eftir Premíu-skrá
 ókeypis og hirtu kúponin

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.
 654 Main St., Winnipeg

PURITY FLOUR

More Bread and Better Bread

JÚNI

hefir 30 daga

1922

		SKERPLA
F 1		7. v. sumars
F 2	Garibaldi d. 1882---☉F.kv.1.10 e.m.	
L 3	Síra Jón Bjarnason, D.D., d. 1914---Dýridagur <i>Sá, sem mig elskar, Jóh. 14.</i>	
S 4	Hvítasunnudagur---Vísí-Gísli d. 1696	
M 5		
Þ 6	Alexander mikli d. 365 f. Kr.	
M 7	Tómas Sæmundsson f. 1807	
F 8	Jón Hjaltalín, landlæknir d. 1882	8. v. sumars
F 9	Charles Dickens d. 1870---☺F.t. 10.58 e.m.	
L 10		
	<i>Kristur og Nikódemus, Jóh. 3</i>	
S 11	Trínitatis---Penningarhátið	
M 12	Bryant skáld d. 1878	
Þ 13	Jón Sveinsson, landlæk. d. 1803	
M 14	Steingr. biskup Jónsson d. 1845	
F 15	Vítusmessa	9. v. sumars
F 16		
L 17	Jón Sigurðsson f. 1811---☾S.kv.7.03 e.m. <i>Hinn auðugi maður. Lúk. 16.</i>	
S 18	1. s. e. trín ---Bardaginn við Waterloo 1815	SÓLMÁNUÐUR
M 19		
Þ 20		
M 21		
F 22	Sólstöður---lengstur dagur	10.v.sumars
F 23	Vilhj. Finsen d. 1892	
L 24	Jónsm.--Kristni lögt. á Ísl. 1000---●N. 11.20 e.m. <i>Hin mikla kvöldmáltíð, Lúk. 14.</i>	
S 25	2. s. e. trín.---Guðmundur ábóti Arason d. 1390	
M 26	Jón Sigurðsson á Gautl. d. 1889	
Þ 27	Arngr. Jónss. lærði d. 1648 (f. 1568)	
M 28	Björn á Skarðsá d. 1655	
F 29	Pétursmessa og Páls	11.v.sumars
F 30	Jón biskup Vigfússon d. 1690	

More Bread and Better Bread
PURITY FLOUR



Sendu eftir Premiu-skrá
ókeypis og hirtu kúponin

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.
654 Main St., Winnipeg

PURITY FLOUR

More Bread and Better Bread

JÚLÍ

hefir 31 dag

1922

SÓLMÁNUÐUR

- L 1 | Dominiondagur---☉F.k.5.52 e.m.
Hinn týndi sauður, Lúk. 15
- S 2 | 3. s. e. trín.—Þingmáriumessa---Sviðhúnsm.
- M 3
- P 4 | Þjóðminningard. Bandar. (1776)
- M 5 | Þjóðfundurinn settur í Reykjavík 1851
- F 6 | Jóhann Húss brendur 1415 12.v.sumars
- F 7
- L 8 | Seljumannam.---Grundarbard.1362-☺F.10.07e.m.
Verið miskunnsamir, Lúk. 6.
- S 9 | 4. s. e. trín.
- M 10 | Jóhann Calvin f. 1509
- P 11 | Benidiktssmessa
- M 12 | Hinrik Wergeland d. 1845
- F 13 | Margrétarmessa 13.v.sumars
- F 14 | Þjóðminning Frakka (Bastille) 1789
- L 15 | Sviðhúnsmessa h.s.
Jesús kennir af skipi, Lúk. 5.
- S 16 | 5. s. .e. trín.--Roald Amundsen f. 1873
- M 17 | Adam Smith d. 1790--☉Síð.kv.0.11 f.m.
- P 18 | Sira J. Þorst., píslarv. 1627
- M 19 | Þverárbardagi 1255--Aukanætur
- F 20 | Þorlákssmessa á sumri 14. v. sumars
- F 21 | Sig. Breiðfjörð d. 1846
- L 22 | Kolbeinn ungi d. 1245
Réttlæti fariseanna, Matt. 5.
- S 23 | 6. s. e. trín.—Mið-umar Heyannri
- M 24 | ☉Nýtt 7.47 f.m.- Hundadagar byrja
- P 25 | Jakobsmessa
- M 26 | Sig. skólakennari Sigurðsson d. 1884
- F 27 | 15.v.sumars
- F 28 | Kopavogseiður 1662
- L 29 | Ólafsmessa h.f.--P.próf. Péturss. á Viðivöll. d.1842
Jesús mettar 4000 manna, Mark. 8.
- S 30 | 7.s.e.trín.—St.Þórd.lög.d.1284--☺F.kv.11,22 f.m
- M 31 | Kolbeinn kaldaljós Arnórsson d.1246

**ROYAL
CROWN
SOAP**

Sendu eftir Premiu-skrá
ókeypis og hirtu kúponin

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.

654 Main St., Winnipeg

HEYANNIP

- P 1 | Bandadagur—Jón Espólin d. 1836
 M 2 | Ben.Sveinsson, sýslum. d.1899
 F 3 | Ólafsmessa h.s. 16. v. sumars
 F 4 | H.C.Andersen d. 1875
 L 5 | Brynj. Sveinsson, bk. d.1675—J.Gutenberg d. 1396

Um fals-spámenn, Matt. 7.

- S 6 | 8. s. e. trín.—Kristr dýrð
 M 7 | ● Fult 11.19 f.m.
 P 8 | Canning d. 1827
 M 9 | Þjóðfundinum slitit 1851
 F 10 | Larentíusm. 17. v. sumars
 F 11 | Jón próf. Stgr. d. 1791
 L 12 | Egill bp. Eyjófss. d. 1341

Hinn rángláti ráðsmaður, Lúk. 16.

- S 13 | 9. s. e. trín.—Bólu-Hjálmar d. 1875
 M 14 |
 P 15 | Maríum.h.f.--(Himnaför Maríu) ● Síð.k.3.46 e.m.
 M 16 |
 F 17 | Sveinbjörn Egilsson d. 1852 18. v. sumars
 F 18 |
 L 19 | Gestur Pálsson d. 1891

Jesús grætur yfir Jerúsalem, Lúk. 19.

- S 20 | 10.s.e.trín.---William Booth d. 1912
 M 21 | Njálsbrenna 1011
 P 22 | Symphórianusmessa—● Nýtt 3.34 e.m.
 M 23 | W.Herschel d. 1822---Hundadagar enda
 F 24 | Barthólóm.m.---Bj.Thorarensen d. 1841-49.v.sum.
 F 25 | Pétur Guðjohnsen d. 1877
 L 26 |

Tvímánudur

Faríseinn og tollheimtumáðurinn, Lúk. 18.

- S 27 | 11 s. e. trín.—Finnur Magnússon f. 1781
 M 28 | Goethe skáld f. 1749
 P 29 | Höfuðdagur — (F.k.v. 6.55 f.m.
 M 30 | Jón bisk. Vídalín d.1720
 F 31 | Jón konferensráð Eiríksson f. 1728 20.v.sumars



Sendu eftir Premiu-skrá
 ókeypis og hirtu kúponin

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.
 654 Main St., Winnipeg

PURITY FLOUR
 More Bread and Better Bread

PURITY FLOUR

More Bread and Better Bread

SEPTEMBER

hefir 30 daga

1922

Tvímánuður

- F 1 | Egídiusmessa
L 2 | Henry George f. 1839

Daufi og málhalti maðurinn, Mark. 7

- S 3 | 12.s.e.trín.--Oliver Cromwell d. 1658
M 4 | Jón bókavörður Arnason d. 1888
P 5 | Jón Jónsson lærði d. 1846
M 6 | McKinley forseti d. 1901--☺ Fult 2.47 e.m.
F 7 |
F 8 | Maríum, h.s.-- 21. v. sumars
L 9 | Svoldarorusta 1000

Hinn miskunnssami samverji, Lúk. 10.

- S 10 | 13. s. e. trín.--Jón próf. Steingr.sson f. 1728
M 11 |
P 12 | Halldóra Guðbrandsdóttir biskups d. 1658
M 13 | Bretar tóku Quebec 1759
F 14 | Krossm.(kros. upphaf.)--☾ S,k,5.20 f.m. 22.v.s.
F 15 |
L 16 | Moscow-borg brend 1812

Tíu líkþráir, Lúk. 17.

- S 17 | 14. s. e. trín.--Willard Fiske d.1904
M 18 | Fyrsti banki stofnaður á Íslandi 1885
P 19 | Garfield forseti d. 1881
M 20 | Geir bishup Vídalín d. 1823----☉ Nýtt 11.38 e.m.
F 21 | Mattheusmessa 23. v. sumars
F 22 | Ólafur konungur kyrrí d. 1093
L 23 | Snorri Sturluson veginn 1241

Enginn kann tveimur herrum að þjóna, Matt. 6.

- S 24 | 15.s.e.trín.--Jafndægur á hausti
M 25 | Björn Gunnlögsson f. 1788
P 26 | Kristján X.f. 1870
M 27 | Fyrsta jarnb. f. á Englandi 1825--☽ F.kv.5.40 e.m.
F 28 | Louis Pasteur d. 1895 24.v.sumars
F 29 | Mikaelismessa---Nelson lávarður f. 1758
L 30 |



Sendu eftir Premíu-skrá
ókeypis og hirtu kúponin

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.
654 Main St., Winnipeg

HAUSTMANUDUR

Sonur ekkjunnar af Nain, Lúk. 7.

- S 1 | 16. s. e. trín.---Remigiusmessa
 M 2 | Sauðafellsbardagi 1550
 Þ 3 | Pétur bisk. Pétursson f. 1808
 M 4 | Síð, kv. 4, 18 e.m.
 F 5 | Jón Thoroddsen f. 1819---☉ F t. 7.58 e.m.---25. v.s.
 F 6 | Eldadagur---Tennyson d. 1892
 L 7 | Edg. Poe d. 1849---Marteinn bisk. Einarss. d. 1576

Vatnssjúki maðurinn, Lúk. 14.

- S 8 | 17. s. e. trín.---Weyse d. 1842
 M 9 | Diónysiusmessa
 Þ 10 |
 M 11 | Ari magnússon í Ögri d. 1652
 F 12 | Kolumbus fann Ameríku 1492 26. v. sumars
 F 13 | Bjarni meistari Jónsson d. 1798---☉ S. k. 4.55 e.m.
 L 14 | Kalixtusmessa---Wellington d. 1852

Hvers son er Kristur? Matt. 9.

- S 15 | 18. s. e. trín.---Gregoríska tímatalið innleitt 1582
 M 16 | Gallusmessa
 Þ 17 | Fr. Chopin d. 1849
 M 18 | Lúkasm---Brynj. Péturs d. 1851
 F 19 | Einar Ásmundss. í Nesi d. 1893 27. v. sumars
 F 20 | ● Nýtt 8,44 f.m.

Gormánuður

- L 21 | Síra Jón Þorlákss. á Bægisá d. 1819 Vetrad, fyrsti
Limafallssjúki maðurinn, Matt. 9.

- S 22 | 19. s. e. trín.---Jón Espólin f. 1769
 M 23 | Helga Jónsdóttir biskups frú d. 1662
 Þ 24 |
 M 25 | Mag. kon. góði Ólafs. d. 1047
 F 26 |
 F 27 | Hallgr. prest. Pétursson d. 1674---☉ F, k. 8.26 f.m.
 L 28 | Tvegg. postulam. (Sím. og Júdas) 2. v. vetrar

Brúðkaupsklæðin, Matt. 22.

- S 29 | 20. s. e. trín.---Síra Arnljótur Ólafsson d. 1904
 M 30 | Gambetta f 1832
 Þ 31 | Reformation Lúters 1517

More Bread and Better Bread

PURITY FLOUR



Sendu eftir Premiu-skrá
 ókeypis og hirtu kúponin

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.
 654 Main St., Winnipeg

STAFROFSKVER



sérstaklega ætlað ísl. börnum í Vesturheimi.

Eftir

SÍRA ADAM ÞORGRÍMSSON.

Með 20 myndum.

KOSTAR 50 CENTS.

OLAFUR S. THORGEIRSSON

674 Sargent Ave., Winnipeg, Man.

NOVEMBER hefir 30 daga

1922

- Gormánuður
- M 1 Allra heilagramessa—Jón Loptss. í Odda d. 1197
- F 2 Allra sálnam.--E. Tegné r d. 1846
- F 3 Jenny Lind d. 1887
- L 4 mendels.-Bartholdy d. 1847—O.F. 1.37 e.m. 3.v.v.
Jesús prédikar um sælu, Matt. 5.
- S 5 24. s. e. trín.---Jón rektor Þorkelsson f. 1822
- M 6 Fall Gustafs Adolfs 1632
- Þ 7 Aftaka Jóns bisk. Arasonar og sona hans 1550
- M 8
- E 9 Ari fróði Þorg. ss. d. 1148- Skúli fóg. Magn. ss. d. 1794
- F 10 Lúter f. 1483---Schiller f. 1749
- L 11 marteinsm.— Willard Fiske f. 1831 4.v. vetrar
Hinn skuldugi þjónn, Matt. 18
- S 12 22.s.e.trín.---Sif. kv. 2.53 f.m.
- M 13 Árni magnússon f. 1663
- Þ 14
- M 15 F. W. Herschel f. 1783
- F 16 Jónas Hallgr. f. 1807---Hólak. h. 1624
- F 17 Lönguhl, skriða (Rafn lög. d. 1390)
- L 18 Hannes stipt. Finsen 1892---N. 7.06 e.m. 5.v.v.
Skattpeningurinn, Matt. 22
- S 19 23.s.e.trín.—Albert Thorvaldsen f. 1770
- ÝLIR
- M 20 Leo Tolstoj d. 1910
- Þ 21 Maríumessa (maríu offurgjörð)
- M 22 Cecilíumessa
- F 23 Klemensmessa---Otto mikli f. 912
- F 24 Björn Jónss. ráðh. d. 1912
- L 25 Katrínarmessa 6.v. vetrar
Konan blóðfallssjúka, Matt. 9.
- S 26 24.s.e.trín.—Konráðsmessa---F. k. 3.15 f.m.
- M 27 Grímur Thomsen d. 1896
- Þ 28
- M 29
- F 30 Andrésmissa



Sendu eftir Premíu-skrá
ókeypis og hirtu kúponin

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.
654 Main St., Winnipeg

More Bread and Better
PURITY FLOUR

Ýlir

- F 1 | Eligíusmessa---Eggert Ólafsson f. 1726
 L 2 | Orustán við Austerlitz 1805 7. v. vetrar
Krists innreið í Jerúsalem, Matt. 21.
 S 3 | 1. s. í jólaföstu---Steinn biskup Jónsson d. 1739.
 M 4 | Barbarusm.---Porl. Repp d.1857--☺ Fult 6.24 f.m.
 P 5 | Mozart d. 1791
 M 6 | Nikulásmessa
 F 7 | Jón Sigurðsson d.1879
 F 8 | Maríumessa---Getnaðard. Maríu, lögtek. á Ísl.1364
 L 9 | Gustaf Adólf f. 1594---Milton f. 1608 8. v. vetrar
Teikn á sól og tungli, Lúk. 21.
 S 10 | 2. s. í jólaföstu---Jón ritstj. Guðm. ss. f. 1807
 M 11 | ☹ Síð. k. 11.41 f.m.
 P 12 | Skúli fógæti Magnússon f. 1711
 M 13 | Lucíumessa
 F 14 | Þórh. bisk. Bjarnarson d. 1916
 F 15 | Niels Finsen f. 1860
 L 16 | Beethoven f. 1770 9. v. vetrar
Jóhannes í böndum, Matt. 11.
 S 17 | 3. s. í jólaföstu---Páll amtm. Briem d 1904
 M 18 | ☹ Nýtt 7.20 f.m.
 P 19 | Björn próf. Halldórsson í Laufási d.1882
 M 20 | Stefán amtm. Stephensen d. 1820
 F 21 | Tómasmessa
 F 22 | Sólhvörf, skemstur dagar
 L 23 | Þorláksdagur---Páll sk. Ólafss. d.1905---10.v. vetrar
Vitnisburður Jóhannesar, skírara, Jóh. 1.
 S 24 | 4. s. í jólaföstu---Afangadagur jóla---Nóttin helga
 M 25 | Jóladagur---Heitdagur Eyfirð. í Svarta dauða 1402
 P 26 | Annar í jolum---☪ F. kv. 0. 53 f.m.
 M 27 | Magnús konf. Stephensen f. 1762
 F 28 | Hóladómkirkju braut 1393
 F 29 | Gladstone f. 1809
 L 30 | Bjarni Thorarensen f. 1786 11. v. vetrar
Simon og Anna, Lúk. 2
 S 31 | S. milli jóla og nýárs---Gamlársdagur

ROYAL
 CROWN
 SOAP

Sendu eftir Premíu-skrá
 ókeypis og hirtu kúponin

THE ROYAL CROWN SOAPS, LTD.
 654 Main St., Winnipeg

PURITY FLOUR

More Bread and Better Bread



SUMAR
— OG —
VETUR

hefir þú ánægju
af
SMEKKGÓÐUM, HRESSANDI
OG
ÞORSTASLÖKKVANDI

Coca-Cola




Kauptu það í kössum svo hafi
það handbært fyrir
Dansa, skemtanir
heima og gesti.

*"Þorstinn þekkir engar
árstiðir"*

Made in Canada

THE COCA-COLA CO.
WINNIPEG, MAN.

Order a case
from your dealer




VÉR HÖFUM MESTAR BIRGÐIR AF
CONGOLEUM RÖGGVUM
 Í VESTUR-CANADA.

Ef það er búið til úr Congoleum þá höfum vér það. Vorar birgðir af Congoleum Röggvum eru fullkornastar, bæði í stærðum og munstrum. Munið það, að Congoleum Rögg fylgir afdráttarlaus ábirgð. Vér gefum aðrar í stað þeirra sem eigi reynast í fylsta máta góðar. Hinar nýjustu útgáfur af þeim líkjast reglulegum gólfáhreiðum, og engin vandræði að halda þeim hreinum.



ATHUGIÐ það, að vér höfum ætíð eitthvað nýtt í Congoleum Röggvum sem elgi læst annarsstaðar.

J. A. BANFIELD, 492 MAIN ST.
 THE RELIABLE HOME FURNISHER PHONE N6667



Almanak

28. ár

WINNIPEG

1922

Warren G. Harding

eftir

Jónas A. Sigurðsson.

Hetjudýrkun er almenn. Hún er jafn gömul mannkyninu og fylgir því enn. Enn tigna menn ósjálfrátt frækna og drengilega fyrirliða.

Ættfeður, flokksforingjar, fylkishöfðingjar, herkóngar og sævikingar, smá stækkuðu ávalt í umhverfinu. Auður, karlmenska og sigursæld jók frægðina. Norrænn andi er hér engin undantekning. Ásatrúin var tilbeiðsla almennings á mikilmennum, — hetjudýrkun. Meðal þeirra var Þór ímynd hreystinnar, hetjan. Og því var Þór goðanna vinsælastur. Íslendingar, í hið minsta, tignuðu hann um fram önnur goð. Um það eru öll Þórsnöfnin hjá þjóð vorri órækur vottur. Hetjudýrkun og hetju-sagnir hafa jafnan fylgt oss Íslendingum. Fáir munu þeir Íslendingar, er ekki finna enn, eftir rúm þúsund ár, til lotningar og addáunar gagnvart Gunnari og Gretti, Kjartani og Herði. Auður íslenzkra sagna er fólgin í ágæti íslenzkra manna, — kappanna á sögutíðinni. Svipað má segja um einstaka menn síðari alda. Jón Sigurðsson forseti, þreytti sund við erlenda höfðingja engu síður en Kjartan forðum, og varði land og lýð eins og fornaldar kappi á víkingaöldinni, — þó íþrótt hans væri íþrótt andans og örvar hans orð.

Treysta skal því, að hetjudýrkun Íslendinga framleiði ávalt hetjur meðal þeirra, hvar sem þeir eiga dvöl.

Þá hefir og barátta mannanna öll aukið afl þeirra. Vígaferli og styrjaldir hafa einatt framleitt fyrirliða og hetjur. Þegar samlíf manna kemst í uppnám, innbyrðis styrjöld eða stjórnleysi stendur fyrir dyrum, ris upp einhver Lincoln frá rótum alþýðu-hjartans. Menn koma og menn fara Leiðtogar látast og fæðast. Þegar Móse leið, tók Jósúa við. En sjórinn er ókyr, og svo er mannlífið. Ný mannfélagsmein koma í ljós. Og ávalt er þörf á læknum og leiðtogum. —

Stundum gerir samtíðin afburðamanninn að útlaga, en eftirkomendur að dýrting eða goði. Valdassessinn er valtur, nú á dögum álíka ókyr og jarðskjálfta-svæðið vestur á Snæfellsnesi, er einn Íslenzkur aflamaður seldi, að sögn, efnuðum Englendingi fyrir ærið fé. Samkvæmt lýsing seljanda, var jörðin þar aldrei kyr, heldur háð sífeldum landskjálftum. Staðurinn því fágætur sýningarstaður og kaupíð dæmafátt gróðakaup—fyrir Engiend-inginn.

Síðari árin hefir árferðið óneitanlega verið fremur óstöðugt og örðugt fyrir keisara og kónga. Því þrátt fyrir þessa tilhneiging fjöldans að tigna hetjur, fýsir fáa að fylgja til lengdar fótgangandi þeim er riður. Ýmsir munu þá þess all-fúsir, að hjálpa riddaranum af baki og setjast sjálfir í söðulinn. Stjórn málin hafa ekki sloppið við þá stefnu. Árin síðari hafa því verið veltiár fyrir alþýðu leiðtoga. Alþýðan hefir stundum reynst hinn rétti aðall, mennirnir stærri en mentaskólinn. Í skauti almennings fæðast jafnan upp hinir sönnu höfðingjar og leiðtogar. Eftir Lincoln er haft: "Guð hlýtur að eiska alþýðumennina, því þá skóp hann fjölmennasta. Þaðan uxu Lincoln, Lloyd George, Briand og Warren G. Harding, forseti Bandaríkjanna í Vest-

urheimi, sá maðurinn, er nú stendur einna fremst frægra manna í heiminum, og hér verður getið að nokkuru.

Þegar margir af oss komum til Ameríku fyrir 30—40 árum, var Harding enn umkomulaus og óbreyttur sveitamaður. Nú hefir hann, með kostum og karlmensku, á friðsamlegan hátt, komist til ædstu valda hjá auðugustu og völdugustu nútíðarþjóð heimsins.

Á tímabilinu eftir þrælastríðið, með öll þátíðar vandræðin í huga, kvað ameríska skáldið og blaðamaðurinn Holland, þessi orð, sem bergmál frá þjóðarsálinni:

“Guð, gef oss menn!”

Flestir munu telja skáldið bænheitan mann, er þeir rifja upp endurminningarnar um þá ágætu menn, sem Bandaríkjaþjóðin hefir valið til forseta. En sjaldan mun heiminum hafa verið brýnni þörf á góðum leiðtogum en nú, á fardagatíð hins forna, þegar allir vilja stjórna, en of fáir hlýða. — Bænin um menn ætti víðar en í Bandaríkjunum að verða lifandi orð í lífi einstaklinga og þjóða.

Warren Gamaliel Harding er fæddur 2. nóvember 1865, í sveit einni í Ohio-ríkinu. Þar höfðu forfeður hans búíð. Bar sveitin fyr á árum nafnið Corsica, eftir fæðingarey Napóleons mikla. Síðar var nafninu breytt í Blooming Grove eða Blómsturlund. Forældri hans voru ung, gift innan við tvítugt, og efnafá. Hétu þau George Tyron Harding og Phoebe Dickerson Harding. Bæði höfðu þau lagt stund á læknisfræði, og var faðir hans, sem enn er á lífi 77 ára, þar sveitarlæknir. Er hann sá eini maður, er lifað hefir það, að sjá son sinn kjörinn forseta Bandaríkjanna. En móður sína misti Warren G. Harding 1910, og var hún öllum harmdauði.

Warren var elztur af átta börnum þeirra hjóna. Var því í mörg horn að líta í fœðugarði, því auk

heimilisanna og barnfósturs, aðstoðaði hin ágæta móðir mann sinn í kærleiksstarfi hans, einkum við hjúkrun hinna snauðustu meðal sjúklinganna. En í frásögu er það fært, að Warren hafi aldrei verið án móður sinnar náttlangt, meðan hann var enn á æsku skeiði. Væri hún náttlangt að heiman, varð hann að fylgjast með henni. Svo var frændsemi þeirra mæðgina góð frá öndverðu.

Öll voru börn Hardings-hjónanna hin mannvænlegustu. Auk forsetans eru meðal þeirra kennari, læknir og trúboði.

Að langfeðgatali er Harding kominn frá Skotum og Hollendingum, sem margt annara ágættra Vesturheimsmanna. Föðurættin er skozk, en móðurættin hollenzk. Föðurættin flutti til Ameríku árið 1624. Er saga forfeðra hans auðug af ýmsum þrekraunum og fórnfýsi. Í einu áhlaupi Indíána féllu þrír Hardings eftir fræga vörn. Varð þá að viðkvæði þeirra vinnu, er eftir lifðu: "Remember the Hardings."

Í áhlaupi þessu rændu Indíánar meybarni þrevetru. Barnið var af ættkvísl Hardings-manna. Til þess spurðist þó löngu síðar, sem konu Indíána-höfðingja. Var hún þá heilluð með öllu og neitaði að hverfa aftur til hvítra manna.

Frá bernskuárum Hardings forseta er nú margt hermt, þegar hann er orðinn frægur maður. Hann var heitinn eftir meþodista prest, Warren Gamaliel Bancroft, er þótti ágætur maður. Ein hin fyrsta lýsing á sveininum er þessi, eftir föður hans: "Warren hafði snemma sterka rödd, góða lund og enn betri matarlyst. Um fríðleik sveinsins voru skoðanir skiftar. Sumir sögðu já, en aðrir nei; en okkur móður hans leizt snemma vel á Warren." Sveinninn var bráðger og snemma námfús. Þrevetur fór hann að læra. Um það skeið kom hann eitt sinn til móður sinnar, "hátíðlegur eins og prestur," og segist nú vilja læra að lesa.

Tók móðirin þá skó-umbúðir og reit á þær upphafsstafi með viðarkoli. Þannig lærði Bandaríkjaforsetinn stafrófið. Mikið af sögum bibliunnar lærði hann af móðurvörum, áður en hann gat lesið. Löng ljóð lærði hann þá einnig utanbókar, og var jafnan mjög fús að hafa yfir það, sem hann kunnir. Af einurðarskortri hafði hann aldrei að segja, sem annars hefir þjáð marga helztu menn heimsins framan af æfi þeirra.

Meðan Warren var enn á æskuskeiði, fluttu foreldrar hans búferlum í þorp, sem Caledonia heitir, og telur um 600 íbúa. Flutti læknirinn þá fjölskyldu sína og búslóð á heyvagni. Hér gekk Warren í skóla þorpsins unz hann var sextán ára að aldri. Mjög var hann bráðþroska til líkama og sálar. Í skólanum var hann ávalt nefndur "Doc." af félögum sínum. Þótti hann þá þegar alvörugefinn og líklegur til leiðtoga. Bar brátt á því eðli hans, að vilja í engu gera öðrum rangt til, né þola öðrum ofbeldi og ranglæti. Hófust þá hinar dæmafáu vinsældir, er hann hefir ávalt átt að fagna meðal þeirra, er umgangast hann, og fara nú dagvaxandi.

Í æsku höfðu æfisögur sem Patrick Henry's, Napóleons og Alexander Hamiltons, mikil áhrif á hann. Tók hann þá að skrifa smávegis frá eigin brjósti og jafnvel að yrkja. Á þessum árum lærði hann prentið og að þeyta lúður. Á skólatíðinni var hann ritstjóri skólablaðsins og ungur varð hann formaður í lúðraflokk sínum.

Harding læknir og kona hans létu sér annast um uppeldi og uppræðing barna sinna. En fjárhagur þeirra var fremur þröngur. Færðu þau því byggð sína í grend við bæ, sem Iberia nefnist, þar sem presbýteríanska kirkjan átti þá mentaskóla. Á þann hátt gátu börnin dvalið heima, meðan þau rutu mentunar í æðri skóla. En sex mílur fór Warren daglega til föðurhúsa. Treysti þetta stór-

um trygðaböndin milli ágætra foreldra og efnilegra barna, er ávalt mun reynast einn veigamesti þátturinn í þroskálífi manna. — Úr þessum skóla útskrifaðist Warren G. Harding níttján ára gamall. Á þeim árum vann hann fyrir sér við nálega öll almenn störf: heyskap, akstur, peningsgeymslu, mjaltir, járnbrautarvinnu, brenslu tígulsteins og sem málari. Skóla kendi hann seytján ára. Einnig vann hann við blað eitt, er gefið var út í bænum. Fylgdi ritstjóri þess demókrötum að málum. En Harding læknir og sonur hans, sem engan dreymdi þá um, að síðar myndi sjálfur sækja um forsetaembætti hjá þjóð sinni, dáðu mjög hinn fræga James G. Blaine, er þá var forsetaefni Republikana. Rak ritstjóri þessi Warren G. Harding frá blaðinu, fyrir það, að bera Blaine-hatt meðan á kosningum stóð. Lætur að líkindum, að hinn ungi tákmaður hafi við það atvik orðið enn ákveðnari í því áformi, að gera blaðamensku að æfistarfi, og bera merki Lincolns og Blaines, McKinleys og Roosevelt's í þjóðmálum.

Að loknu skólanámi fluttist Harding fjölskyldan til Marion, sem er stjórnarsetur héraðsins. Hér vann Harding yngri baki brotnu. Mælt er, að ýmsir Marion-manna búi í húsum úr tígulsteini, er Harding brendi á þeim dögum.

Þá var gefið út í Marion dvergvaxið dagblað, er nefndi sig **Marion Star**. Átti það örðugt uppdráttar og lenti loks í algerða fjárkreppu. Varð að selja það vegna skulda. Harding yngri hafði lengi þráð, að gera blaðamensku að æfistarfi. Hjálpaði faðir hans honum þá til að ná eignarhaldi á **Marion Star**. Upphaflega var annar ungur maður eigandi blaðsins með Harding.

Byrjaði nú hið þyngsta af öllu starfi hins unga manns: að bjarga blaði, sem komið var í fjárkröggur og niðurlæging. Vann hann nú nálega dag og nótt og varð að neita sér um flest, er ungir menn þrá.

Frá því er sagt, að eitt sinn varð Harding að háttu ofan í rúm um hádag, eftir að hafa lokið óhjákvæmilegu verki við blað sitt, meðan buxur hans voru bættar og hreinsaðar. — Minnir það eitthvað á æfiferil annars forseta Bandaríkjana, úr hópi snauðra alþýðumanna með hinni miklu og auðugu Vesturheimsþjóð.

Brátt kvað við annan tón í Marion Star undir stjórn Hardings. Blaðið varð skjótt víðlesið og vinsælt. Réttisýni í málum og ráðvendni í viðskiftum skipuðu þar öndvegið. Með aðstoð konu sinnar, er einatt vann með manni sínum við blaðið fram á nótt, batnaði hagur blaðsins bráðlega. Innan skamms varð það tekjulind. Orðstír hans, sem ritstjóra, barst nú víða. Útbreiðsla blaðsins margfaldaðist. Og nú eru áhrif Marion Star talin einna mest allra þeirra dagblaða í landinu, sem ekki eru gefin út í stórborgunum. — Aldrei hafa verkamenn Hardings við blaðið gert verkfall, né gripið til þeirra annara örþrifaráða, er nú tíðkast við svipuð og samkynja störf. —

Eitt sinn heimsótti einhver höfðingi Harding, eftir að hann var orðinn efrideildar þingmaður (Senator). Fann gesturinn Harding önnum kafinn í prentsmiðjunni, klæddan erfiðisfötum og aðan prentsvertu. "Frægur þingmaður!" var ávarp gestsins. En Harding gegndi: "Já, eg væri þingmaður að gagni, þekti ekkert annað en þingbekkina. — En í alvöru talað, þá er helgidagur að morgni, og eg er að hjálpa mönnum mínum ofurlitið, svo þeim verði meira úr hvíldarstundinni." Skömmu síðar heyrði hann, þar sem hann var í skrifstofunni, að vélin stöðvaðist. Á augnabliki var hann aftur kominn á þann vettvang og hafði kipt í lag því sem að var. Segja kunnugir, að í sinn hóp telji Harding sér það helzt til gildis, að hann þekki iðn sína frá upphafi til enda.

Þegar blað hans stækkaði og starfsmönnum þess

tók að fjölga, afhenti hann öllum fregnriturum blaðsins eftirfarandi reglur:

“Gleymdu aldrei, að á hverju máli eru tvær hliðar. Kynn þér báðar.

Vertu sannorður. Afla þér sannleikans.

Hjá yfirsjónum verður ekki komist, en reyndu að herma rétt frá.

Eg vil heldur eina fregn alveg rétta, en hundrað að hálfu rangar.

Vertu hreinn, sanngjarn, göfuglyndur.

Bygðu upp, — rifðu ekki niður.

Það er eitthvað gott í öllum. Legðu áherzlauna á það, sem gott er hjá mönnum, en særðu aldrei að óþörfu tilfinningar nokkurs manns.

Í fréttum af stjórn mála fundum þá segðu sannleikann; herm frá hlutunum eins og þeir eru, en ekki eins og þú vildir haga þeim. Ger öllum flokkum jafnt undir höfði.

Ef nokkur pólitískur leikur skal leikinn, verður það gert í ritstjórnargreinum blaðsins.

Höndla öll trúarbragðaefni með fjálgleik.

Ef mögulegt er, þá ófrægðu aldrei saklausan mann, né barn með frásögu um óknytti eða óhöpp ættmenna.

Bíð ekki þangað til þú ert beðinn; ger verkið án bænna, en um fram alt, vertu hreinn og lát aldrei saurugt orð né spillandi sögu prentaða.

Eg æski að þessu blaði sé þannig stjórnað, að það megi koma á hvaða heimili sem er, án þess að skemma sakleysi nokkurs barns.

Warren G. Harding.”

Blaðamenska Hardings hefir á ýmsan hátt verið einstök. Hafi hann sjálfur verið umsækjandi um opinbera stöðu, hefir blað hans sneitt hjá umræðum um eigandann og ritstjórnann. Þegar hann var umsækjandi um efrideildar þingmeðsku í ríkisþinginu í Ohio, tók faðir hans mynd af syni sínum, er áður hékk á skrifstofuvegg læknisins, og

færði út í gluggann. En Harding yngra fanst fátt um. Fór hann til föður síns og bað hann, að færa myndina aftur á sinn stað. "Við skulum láta aðra hafa mig til sýnis, ef þeir óska þess, en allir vita hvar þú stendur gagnvart mér."

Eftir rúm þrjátíu ár af blaðamensku má það merkilegt telja, að dagblað hafi aldrei flutt illyrði um nokkurn mann, og það ekki sízt, þegar einn maður hafði öll völd við blaðið og stóð, auk þess, einatt í stórræðum.

Vinsældir Hardings hafa einnig verið miklar í heimahögum. Tvívegis var hann kjörinn til þingmensku í efri deild ríkisþingsins í Ohio. Þá var hann kosinn vara-ríkisstjóri. En 1914, tveim árum eftir að repúblíkanaflokkurinn klofnaði út af ágreiningi Tafts og Roosevelts, 1912, er lyktaði með kosningu Wilsons og sigri demókrata í báðum málstofum þjóðþingsins, náði Harding kosningu í Ohio, til efri deildar þjóðþingsins í Washington, með rúmum 102 þúsundum meiri hluta atkvæða.

Við forseta kosninguna 2. nóvember 1920, á fæðingardag Hardings þegar hann varð fimtíu og fimm ára, fékk hann almennara fylgi og fleiri atkvæði en dæmi eru til um nokkurn annan forseta Bandaríkjanna. Þrjátíu og sjö ríki Bandaríkjanna, öll nema ellefu suðlægustu ríkin, fylgdu Harding. Varð meiri hluti hans yfir 7 miljónir atkvæða. Í Suðurríkjunum hefir enginn af öllum hinum ágætu og frægu forsetum, er fylgt hafa stefnu repúblíkana, síðan á dögum þrælastríðsins, fengið þar meiri hluta atkvæða, unz Harding bar hærri hluta í Tennessee við síðustu forseta kosningu í hinni riddaralegu sigurför Roosevelts 1904, vonuðust hinir áköfustu vinir hans eftir því, að hann yrði fyrstur repúblíkana að bera sigur úr býtum í einhverju suður-ríkjanna. En sú von brást þá. Sú sigurför beið Hardings. Í kosninga-leiðangrinum heimsótti hann Tennessee. Og fólkið greiddi

honum meiri hluta atkvæða. Hann sigraði hina suðrænu Trójuborg demókrata.

Við forsetavalið fékk hann 5 atkvæði af hverjum 6 þar sem hann var búsettur. Þó var gagnsækjandi hans ríkisstjórinn í Ohio. Sá vitnisburður um manninn er vissulega betri öllum blaðagreinum og ummælum lítt kunnugra manna.

Þegar Ohio-ríkið, sem nefnt hefir verið "forseta móðir", valdi Harding sem forseta-efni í maí 1920, voru $\frac{3}{8}$ hlutir af útgjöldum við þá útnefning, greiddir af vinum hans í Marion og umhverfinu. Þeim hluta þess fjár er ekki eyddist, lét Harding skila aftur gefendum. Við forsetavalið í Chicago rúnum mánuði síðar, hagnýttu vinir hans sömu nafnspjöldin sem notuð voru í Ohio, einungis strikað yfir dagsetninguna í maí. Þó var umsækjandinn blaðamaður og prentsmiðjueigandi í góðum eignum.

Harding hefir jafnan verið laus við hégóma og uppgerðarlaus trúðmenska einkent manninn. Sónn mikilmenni þurfa engan fótstall.

Alþýða manna í Ohio ann Harding svipað og hún unni McKinley. Stórblöð þjóðarinnar, sem *The Literary Digest*, töldu Harding manna líkastan McKinley löngu áður en hann var útnefndur. Þeir sem bezt þekkja manninn, telja hann einlægastan sem Roosevelt, vingjarnlegastan sem McKinley og vinfastan sem Blaine. Það mæla kunnugir, að McKinley og Roosevelt hafi haft mest áhrif á Harding af samtíðarmönnum hans, — að móðurinni undanþeginni. Fyrir andlátíð fór Roosevelt ekki dult með vináttu þá og traust það, er hann bar til Hardings, með því að fela honum flutning sinna áhugamála á þingi Bandaríkjanna. Svipað traust kemur fram hjá samverkamönnum forsetans, er jafnan gripu til hans er mikið reið á. Þannig fengu flokksmenn hans Harding til að kyrra ærslin, er óvænlegast horfði til á fundi repúblikana 1912 í

Chicago. Var þá þegar spáð: “Þessi maður verður einhvern tíma forseti.”

Á næsta samkynja þingi í Chicago 1916, var Harding valinn til fundarstjóra. Ber það bezt vott um traust stórmenna þjóðarinnar á hæfileikum og réttsýni mannsins, því enn:

“þyngdi’ í lofti þoka dimm,
þrútin sat með ráðin grimm,” — —

í þjóðlífi Ameríkumanna, engu síður en á tíð Snorra og Gizurar út á ættjörð vorri.

Það þing útnefndi Charles E. Hughes, sem Harding setti síðar næstan sér í æðsta ráðherra sessinn, sem forseta efni. En framkoma Hardings á því þingi var slík, að margur erindsreki mælti að þinglokum: “Næst verður Harding valinn.” Reyndist þar að “spaks spá er geta.” —

Og þetta álit á manningum var ekki bundið við vini né flokksfylgi.

Maður er nefndur John William Sharp. Lengi hefir hann verið talinn með orðhögustu og gáfuðustu leiðtogum demókrata. Nú er hann efrideildar þingmaður í Washington, og hafði þar kynst Harding í fleiri ár. — Nú sátu þessir tveir menn saman og skeggræddu um framtíðina, er Sharp segir:

“Að ári liðnu verður þú fluttur á strætisenda (í Hvíta húsið), og þá bið eg þig að minnast mín og gera mig að sendiherra í Lissabon.” — “Mér er víst óhætt að lofa þessu,” gengdi Harding, “en hví viltu fara til Spánar?” — “Af því að það er sá staðurinn er síðast verður þur,” var svarið.

Harding forseti er talinn í fremstu röð ræðumanna með þjóð sinni. Hefir hann iðkað ræðugerð frá æsku. Við ritstjóra-starfið æfðist hann í að skýra frá hugsunum sínum skipulega. Hann beitir aldrei málskrúði. Orð hans eru ekki tóm orð sitt úr hverri áttinni. Talið er, að ræðugerð hans, er hann fjallar um almenn mál, sviði mest

til Lincolns. Hann þekkir þjóð sína vel. Fyrirlestra hefir hann flutt um land alt, bæði í sambandi við Chautauqua-starfið og sem stjórn mála- og blaðamaður. Að því kippir honum í kyn til annara andlegra aðalsmanna, norrænna og vestrænna, að hans fyrsta hugsun er jafnan náskyld Lincolns: "Er það rétt?" — Hann er því ekki ávalt "upp í móðinn". Tíðarandinn er ekki hans hæstiréttur. Talinn er hann óeigingjarn og allra manna gæfilyndastur. Jafnaðargeði hans er viðbrugðið. Karlmenska hans er frábær og er hún kynfylgja. Harding er rúm sex fet á hæð, eftir því þrekinn, riðvaxinn og að öllu manna tigulegastur. Mælt er að hann þekki þrek sitt, þótt fáir muni honum ljúfari meðal völdugra manna. Augun eru blá og túlka blíðlyndi hans. Umburðarlyndur er hann, jafnvel við mótstöðumanninn, en fáar sendinefndir munu skjóta honum skelk í bringu. Þegar hann var útnefndur létu ýmsir á sér heyra, að hann myndi vikadregur valdhafanna; — að hér væri um einhvern ívar beinlausu að ræða, sem borinn væri til tignar af bræðrum sínum, embættislýð og auðvaldi þjóðarinnar. En þó embættisreksturinn sé enn ekki langur, munu flestir, enda andstæðingarnir, kannast við hið gagnstæða í eðlisfari og starfi forsetans.

Faðir hans segir á þessa leið frá einkennum sonarins:

"Hann hugsaði ávalt fyrst um aðra menn, en síðast um sig. Það, sem fleira, hefir hann frá móður sinni. Engin kona er hennar líki. Hið góða, glaða eðlisfar hefir Warren beint frá henni. Hið hulda afl í lífi hans er frá góðri móður. Móðirin kendi honum og það var móðirin sem lét drenginn sinn byrja lífið rétt.

Astríki þeirra var mikið. Hjá henni lærði hann að elska, — elska meðbræður sína. Þau máttu naumast skilja, enda fylgdust þau jafnan að. Hún

unni blómum; eins gerði hann. Eftir að hann átti sitt eigið heimili, kom hann sjálfur með blómvönd til móður sinnar á hverjum sunnudagsmorgni, þegar hann var heima. En þegar hann var að heiman, þó hann væri á ferðalagi í Evrópu, lét hann færa henni blóm á hverjum sunnudegi. Þetta brást aldrei. Hjá honum var hver helgidagur "Móðurdagur." —

Þessi einfalda lýsing öldungsins á eðlisfari leiðtogans í lífi þjóðar sinnar er ljúfari en langt framtal frægðarverka og fagurra orða.

Sannast hér sem oftast vald móðurinnar yfir lífi barna sinna, og hve fundvísar þær eru á hið bezta í eðli barnanna. Og naumast mun sá maður bregðast með öllu bræðrum sínum er þannig batt ástir við móður sína.

Þegar Warren G. Harding var tuttugu og fjögurra ára kvæntist hann Florence Kling. Faðir meyjarinnar var ráðhagnum svo mótfallinn, að hann neitaði að vera viðstaddur vígslu þeirra. Skömmu síðar sótti tengdafaðirinn um embætti. Var því þá spáð, að Marion Star myndi muna kinnhestinn. En það fór á aðra leið. Blað Hardings studdi hann drengilega og urðu þeir upp frá því trygðavinir.

Hjónaband þeirra hefir orðið farsælt. Sennilega hefir föður frúarinnar fáttt grunað um framtíð dóttur sinnar og er það ekkert einsdæmi, að fyrirhyggja mannanna reynist skammsýn. — Húsfreyja Hvíta hússins hve ekki reyna að leyndu því, að hún sé enn ástfangin af hinum föngulega og fræga manni sínum. Heima fyrir er hann ávalt 'Warren' en hún 'Lou'. Er henni mjög hughaldið um smátt og stórt er að heill hans lýtur. Spurð um heimilis-hætti svaraði hún: "Warren talar fyrir heimilið, en eg baka handa því."

Harding forseti heyrir til baptista kirkjunni. Hann hefir lengi verið fulltrúi í safnaðarstjórn og

rækir kirkjugöngu reglulega. Í því sem öðru birtist trúmenska hans. Gjafmildur er hann og hjálpfús. Þegar hafin voru hér vestanhafs samskot til hjálpar bágstöddum Evrópulýð á orustusvæðunum var Warren G. Harding einn með þeim fyrstu er gáfu. Sendi hann ávísun fyrir 2500.00 og þessi orð með hraðskeyti: "Eg er þess fullviss, er við biðjum guðs blessunar til handa sjálfum oss, blessað hann margfaldlega ef vér gefum öðrum hlut í hagsæld vorri með hjálpfýsi og hluttekning."

Af högværð Hardings verður naumast of mikið sagt. sem eitt dæmi hennar má nefna þessi ummæli hans:

"Það var engin sérstök ástæða sem gerði mig forseta. Eg tel mig engan afburðamann. Eg var enda ófús að sækja um forseta starfið. En einhvern veginn trúí eg því af öllu mínu hjarta, að lundarfar mitt og lífsstarf hafi, ef til vill, gert mig hæfan fyrir hið sérstaka heims ástand nútímans."

Fáir nema afburðamenn tala þannig.

Harding er hvorki Czar eða Sesar. "Enginn einn maður er nógu stór til að stjórna þessu lýðveldi," mælti hann eitt sinn. Samkvæmt því velur hann ýmsa ágætustu menn þjóðar sinnar sér til ráðgjafa, sem Hughes og Hoover. Taft velur hann fyrir dómstjóra. Taki hann sér tómstund, situr hann á rökstólum við menn sem Edison og Ford. En hann hvílist sjaldan, enda er sem hann hafi erfitt þrek þórs. Venjulegast vinnur hann 16 til 17 stundir á hverjum degi. Verkamannafélagin myndu telja það langan vinnutíma. Hann rís árla úr rekkju, rakar sig sjálfur, les blöðin og borðar klukkan átta árdegis. Mrs. Harding neytir morgunverðar með honum, samkvæmt ósk hans.

Harding forseti hefir farið þrjár ferðir til útlanda til að kynna sér stjórnarfar, atvinnu, verkalaun, rekstur járnbrauta og tollmál. Nú telur

hann sjálfur sitt aðal áhugamál, "að létta byrði stríðsáranna á öllum lýð."

Þegar þetta er ritað, verður ekki með vissu sagt hve sigursæl friðarstefna Hardings og Hughes kann að verða á þingi því, er forsetinn kallaði saman í Washington, 11. nóvember 1921, til að ræða takmörkun á vígbúnaði heimsins. En svo mikið er víst, að í þeim á heimurinn, og þá sérstaklega Bandaríkin, einlæga friðflytjendur, er ekki hafa brögð undir brúnum, né tala neitt fingramál við þá bragða-Máusa, er enn ráða um of í heiminum.

Um stríðið hefir Harding forseti sagt: "Það má ekki endurtaka;" "heimurinn lamar velgengni sína með vígbúnaði;" "fólkið skjögrar undir skuldabyrðum styrjaldanna;" "nálega hver maður og hver kona þrá — að stríð sé gerð útlæg" og "hvernig geta mennirnir réttlætt, eða guð fyrirgefið ef hatur og styrjaldir ráða enn mestu?"

Við setning friðarfundarins fórust Harding meðal annars, þannig orð:

"Heiðruðu fundarmenn, Bandaríkin rétta yður hendur í einlægni og án eigingirni. Vér búum yfir engum ótta; vér þjónum engum óhreinum hvötum; vér grunum enga um fjandskap; vér höfum hvorki áformað eða æskjum eftir yfirgangs sigri. Ánægðir með það sem vér höfum, girnumst vér ekki það sem er annara. Vér æskjum einungis eftir að vinna að því með yður, sem æðra er og hærra og engin þjóð megnar að afkasta ein."

Það er engu líkara en neisti frá anda Abraham Lincolns hafi kveikt kærleiksljós þessa nýja fyrirlíða.

En honum er einnig ant um sæmd þjóðarinnar og þroska einstaklingsins, — einlægni og ráðvendni í öllu. Því fórust honum orð á þessa leið:

"Vér getum ekki búist við að hækka þjóðar fánann unz vér hækku merkji eða aukum gildi hins

einstaka manns. Aðal atriðið er ráðvandir menn. Það eru engin takmörk á þeim umbótum er ráðvendnin orkar. Hún göfgar menn og vekur traust. Roosevelt ofursti er gott dæmi. Ameríska þjóðin byggði tilbeiðslu sína á Roosvelt á þeirri almennu skoðun, að hann væri öðrum fremur ráðvandur."

Spádómleg ætla að reynast orðin, sem hin fágæta móðir forsetans hefir látið eftir sig. Hún var að tala um börnin við vin sinn. Um elzta barnið, sem nú er forseti Bandaríkjanna, og hið yngsta, sem varð trúboði á Indlandi, sagði móðirin:

"Þessi eru helguð þjónustu guðs og mannkynsins."

Af myndum Hardings fá flestir ranga hugmynd um manninn. Tæplega hefir þessi mynd í orðum tekist betur.

En þrátt fyrir manndóm og mannkosti Hardings má hann vara sig á raun-vizkunni í vísunni hans Bjarna, sem hann, því miður, kann víst ekki:

"Ekki er holt af hafa ból
hefðar upp á jökultindi,
af því þar er ekkert skjól
uppi fyrir frosti, snjó né vindi;"

og það eins fyrir því, að sá er þetta ritar trúir, að Harding og Hughes — þoli næðinginn, sem valdi og tign fylgja, flestum öðrum nútíðarmönnum betur.



Orustan við Marne.

(Þáttur sá, sem hér birtist, er þýddur með góðfúslega gefnu leyfi útgefendanna, Doubleday Page & Company, New York, úr "History of the World War" (saga heimsstríðsins) eftir Frank H. Simonds. Mr. Simonds er Bandaríkjamaður, fræðimaður mikill um stjórns- og herfræði og talinn einn snjallastur í sínu landi í þeim fræðigreinum. Meðan á ófriðnum stóð dvaldi hann í stríðslöndunum og var þá síðfeldlega á bardagastöðvunum. Ritaði hann þá stríðsfretir fyrir *American Review of Reviews* og þóttu þær greinar hans bera af sem um stríðið var ritað frá vígvöllum. Stríðssaga hans eru 5 stór bindi með myndum í góðum ytri búningi og er það ritverk hans frægt orðið fyrir snildarlega efnis meðferð og ljósa frásögu af stríðs atburðum, eins og sýnishorn þetta ber með sér. — *Útgef.*)

I.

Fimmti dagur septembers.

Á hádegi 5. september 1914 tók frönsk stórskotadeild hins 75ta (herfylkis) sig upp frá þorpinu Iverny — það er tæpar 20 mílur beint austur af París og ekki 5 mílur frá Meaux — og skullu óðara skot á hana frá þýzkri stórskotastöð á Monthyon-Pencharde holtunum, litlu austar. Fyrirliðinn féll og deildin hörfaði aftur. Það voru inngangsskotin að orustunni við Marne. Næstu fjóra daga stóð hin mesta orusta, sem sögur fara af, háð af langt yfir tveim miljónum manna í fylkingum, er tóku yfir ekki minna en 150 mílur, þ. e. a. s. frá umgrenni Parísarborgar austur til Verdunkastala.

Hér til höfðu Þjóðverjar átt sigri að hrósa einum á fætur öðrum, þeir höfðu vaðið með her sinn frá Liége um Brussels nær alla leið að hliðum Par-

ísarborgar, en í þessari orustu voru þeir hraktir aftur, neyddir til undanhalds, annar armur þeirra ekki minna en 70 mílur, og létu bæði fallbyssur, fána og fanga. Meira að segja þeir týndu þar sigri þeirrar orustunnar, er þýzkir herfræðingar höfðu undirbúið í fjörutíu ár og ætluðu að skyldi yfir taka; þar fauk þeim vonin um að lúka stríðinu með einu skjótu og snöru rothöggi, sem þeir ætluðu sér að hafa upp úr því að rjúfa hlutleysi Belgja. Sóknin hvarf frá þeim, og þeir urðu að setta sig við að láta herinn grafa sér skotgrafir og sitja í þeim næstu tvö stríðsárin að öllu verulegu framsóknarlausan.

Frakkar kalla afdrif orustunnar "kraftaverkið við Marne." Meðan stóð á orustunni var ekki hægt að segja greinilega af henni, en eftirá dró hug alþýðu frá henni að stórtíðindum þeim, er eftir komu. Eg segi hér frá aðalatriðum orustunnar eins og þau voru sögð mér á vígvöllum af frönskum liðsforingjum hálfu öðru ári síðar, eða eins og greint er frá þeim í ritum franskra herfræðinga.

Til að skilja ganginn í þeim óskaplega hildarleik, verða menn að hafa það hugfast að franskir herinn var aldrei yfirstiginn eða snúinn á flótta, þótt sú saga gengi staflaus milli manna, Frakkar unnu orustuna — Bretar tóku ekki þátt í henni svo teljandi væri, — og þeim var ekki sópað saman af flótta, svo skifti þúsundum og hundrað þúsundum manna, til þess að veita viðnám og leggja til orustu við hina, er eltu þá, heldur var orustan háð eftir festu ráði og fyrirfram gerðri fyrirætlan. Samkvæmt þeirri fyrirætlan voru frönsku hersveitirnar látnar síga undan frá landamærunum suður til orustustaðanna við Marne, og liðsaflinn brezki, sem lítill var og barðist þar með þeim.


Herstjórn Frakka lét sér mest um það hugað framan af stríðinu að forða hernum við skellum meðan óséð var hvar og hvernig aðalatlaga Þjóðverja

ætti niður að koma. Joffre hafði því ekki nema minni háttar sóknir frammi við Þjóðverja austur í Elsass, Lothringen og Luxemborg hinni belgisku; það var gert eftir ráðum herstjórnarinnar, en ekki í þágu neinna landsmálaflokka eða til að hugnast almenningi, þótt svo væri talað á þeim tímum. Sóknir þær lyktuðu með því að Frakkar máttu mið-ur í vopnaviðskiftunum við Morhange og Neufchateau og eins í fyrstunni við Muhlhausen, en unnu þar þó sigur á endanum, þótt þeir hefðu ekkert gagn af honum.

Herinn, sem háði þessar orustur, lét síga undan til sinna fyrri stöðva og hratt þar frá sér öllum áhlaupum. Norðurher Frakka og leiðangursliðið brezka átti í höggi við meginher Þjóðverja, sem var vonum fjölmennari og óð yfir Belgíu í þremur deildum. Frakkar biðu ósigur við Charleroi og hopuðu undan í góðu lagi, en brezka liðið týndist mest alt saman þar, því á það skall harðasta atlagan Þjóðverja.

Er Þjóðverjar tóku þann kost að vaða yfir Belgíu með mikinn her, vissi Joffre þegar fyrstu dagana í síðustu viku ágústmánaðar, að hann ætti við ofurfli liðs að eiga, þótt ekki gengu vísar njósnir af herafnanum, fyr en hann var kominn að og yfir landamæri Frakka og Belga. Hann tók því til hárumbil frá 25. ágúst að skipa hersveitum sínum gegnt Þjóðverjum á nýjan leik og haga svo til fylkingum að hann mætti hafa jafnt lið við þá eða meira þar sem mest lægi við, en jafnframt þessari endurfylkingu allri saman hafði hann einlægt í huga sér að taka upp sókn, þegar færi gæfist. Hann sýndist vera búinn til þess 1. september, því þá dró hann að sér tvo nýja heri, annan í fylkingarbrjóstið og hinn í vinstri fylkingararminn utan við fylkingararm Breta, og eyddi með því þeim geig, er Bretum staðið hafði af her Klucks síðan orustuna við Mons. Frakkaher var búinn til sóknar allar götur frá A-

miens til Verdun, en Bretar höfðu því miður hogað of mikið á hæl undan, því þeir höfðu beðið miklu meira tjón en Frakkar; og fyrir bragðið varð Joffre samt af að láta enn undan síga, jafnvel þótt Frakkar mættu betur í ýmsum áhlaupum, einkum við Guise. Að loknu því undanhaldi, námu armar fylkingar hans hinn vestari Parísarborg og hinn eystri Verdun, en fylkingarbrjóstið stóð í sveig á millum þeirra nær því suður að Signu. Það var



A—Maunoury
B—Bretar
C—Franchet d'Espéry

ORUSTAN VIÐ MARNE 5. SEPT.

D—Foch
E—De Langle de Cary
F—Sarrail

I—Kluck
II—Bulow
III—Hausen

IV—Wurtemberg
V—Crown Prince

ráð hans eða fyrirætlan að gera atlögu að Þjóðverjum úr stöðvum þessum.

Undanhaldið þetta síðasta, sem hófst 1. og var úti 4. september, gerði Þjóðverjum tvo kosti, er vandi var um að velja. Þeir gátu ráðist á París, síðan Joffre lét hoga suður um borgina, það var fýsileg beita en Kluck var of hygginn til að taka hana. Hann sá að það tæki oflangan tíma og lið þyrfti til þess, sem ekki væri hægt að fá nema með

Því að veikja fylkinguna annarstaðar. Fyrst hann vildi ekki þann kost, var ekki nema einn til, því ekki mátti hann slitna frá Bulow, og sá var að snúa suðaustur þvers fyrir kastala Parísarborgar. Markmið hans var að ná í vinstri fylkingararm Frakka og áform þýzka hersins alls, vitaskuld, að uppræta franska herinn allan, sem undir vopnum var.

II. Kluck heldur suðaustur.

Suðausturhaldið var ekki hættulaust fyrir Kluck nema lítið setulið væri fyrir í Parísarborg. Væri þar her fyrir, þá komst hann alveg í sama vandann og Bretar vóru í við Mons og Cambrai; jafnskjótt og her hans kom suður um Parísarborg, þá var hægt að sækja þaðan að honum í opna skjöldu. Þýzka fylkingin öllsaman var þá í sama voðanum og ensk-franska fylkingin hafði verið í, austan frá Vogesfjöllum vestur til Bretanna, sem vóru í fylkingarminum.

Vér komum nú að fyrri atlögunni af þeim tveimur, sem réðu niðurlögum Marne-orustunnar og nefndar eru í sögu Frakka bardaginn við Ourcq-ána og bardaginn við La Fère-Champenoise. Að því er virðist, var Kluck það nóg, eins og öllum þýzkum hershöfðingjum yfirleitt, að þeir hefðu borið fullan sigur úr býtum í vopnaviðskiftum framan af ófriðnum, hann var viss um, að því er virðist, að hann hafði ekki gegnt sér nema það lið, sem hefði farið áður halloka, og hann hafði engan grun um, að Joffre hafði dregið saman nýtt lið og mikið fyrir Parísarborg. Sá her, lið Maunorys herforingja, var nú til reiðu að veita honum bakslettur líkar þeim, er hann veitt hafði Bretum og Frökkum allar götur frá Mons til Oise-ár.

Að kvöldi 3. dags septembers kom Gallieni herforingja yfir Parísarherbúðunum, njósn frá njósnurum sínum, að her Klucks væri að hverfa frá Par-

ísarborg og héldi í suðaustur frá Senlis áleiðis til Meaux og yfirfararstaða Marneárinna, hann símaði það til Joffre og næsta dag var sú fyrirætlan lögð, sem hleypti Marne-orustunum af stokkunum. Hvorum herforingjanum fyrirætlunin er að þakka er um þráttáð af meðhaldsmönnum þeirra. Næsta dag (5. september) birti Joffre hernum boðskap sinn, þann er frægur er orðinn, að tími til atlögu væri nú að höndum borinn fyrir afglöp fjandmannanna, að nú mætti enginn bíla og þeir, sem ekki næðu fram að ganga, yrðu að falla, þar sem þeir stæðu.

Fyrirætlanin var sú, að her Maunorys skyldi ganga út úr hervirkjabúðum sínum við Parísarborg og halda beint austur og hlaupa á fylkingararmsverðina, sem Kluck hefði skilið eftir gegnt borginni, stökkva þeim á flótta austur yfir Ourcq, sem fellur suður í Marne fyrir ofan Meaux, halda svo yfir ána og koma í bakið á her þeirra Klucks og Bulows. Meginher Klucks var langt fyrir sunnan Marne andspænis Bretum og 5. her Frakka, er Franchet d'Esperey hafði stjórn yfir. Atlagan, sem Maunory var ætlað að gera, var í flesta staði áþekkt þeirri, sem "Stonewall" Jackson gerði á hægri fylking Hookers við Chancellorsville.

Bretum var ætlað alveg sama verkið og Napoleon fékk Grouchy í orustunni við Waterloo. Marskálki French var ætlað að sækja að Kluck að framan og láta hann nóga að sýsla, þar til Maunory gæfi honum bakslagið. Kluck hafði tvær herdeildir fyrir sunnan Marne andspænis Bretum og þar að auki riddaralið; Bretar höfðu þrjár herdeildir gegnt Klucks hernum og til hægri handar þeim var riddaralið Conneaus hershöfðingja vinstra megin við D'Esperey.

III. Bretar bregðast.

Það fór fyrir Bretum alveg eins og Grouchy. Þeir sátu hjá aðgerðalausir og fyrir bragðið setti

Kluck undan og sigur Bandamanna gekk saman að því skapi. Brezk alþýða gekk lengi duld þessarar skyssu. Það var snemma borið í hana og því trúað af almenningi yfirleitt, að Bretar hefðu haft sigur í orustunni við Marne og borgið öllu Frakklandi með honum. Það var fjarri öllum sanni. Bretar gerðu ekki svo mikið sem að berjast við Marne, en ef þeim hefði auðnast að gera það, sem von, ef ekki fyrirætlan, var til að þeir gerðu, þá hefði það kunn- að að ríða Kluck að fullu og Marne-orustan hefði kunnað að lykta með jafnskjótum fullnaðarsigri og Waterloo-orustan.

Frásagan af því, hvernig mönnum brugðust Bretarnir, er fljót sögð. Þeir Gallieni og Maunory hershöfðingjar fóru 4. september í bíl til fundar við Marskálk French, sem var í Melun. Þeir báðu hann að snúa liði sínu við, og gera áhlaup á heirdeildir Klucks tvær, er gagnvart honum væru, og beiddust þess, að áhlaupið yrði gert næsta dag, 5. september. Maunory var ætlað að hlaupa á hliðar- og bak- verði Klucks við Oureqána um sama leyti. Klucks hernum var ætlað að vera í klofanum milli þessara tveggja atлага og tynast þar. Þetta var aðallega sóknaraðferðin fyrirhugaða í orustunni við Marne. En French marskálkur lézt ekki geta verið búinn til atlögu á skemmri tíma en 48 stundum. Hann var aldrei til og fyrir því færði Kluck herdeildir sínar burt frá Bretum og sendi þær á móti Maunory. Það brjálaði fyrirætlanir yfirherstjórnar- arinnar frönsku algerlega, svo að við sjálft lá, að her Maunorys biði algerðan ósigur undir múrum Parísarborgar.

Kluck skildi ekki eftir gegnt Bretum nema ridd- aralið nokkurt til að villa þeim sjónir, en það dugði til að tálma framsókn af hálfu Breta. Her French marskálks fór ekki yfir Marne fyr en 9. september, og vinstri armur þeirra, sem helzt gat orðið að liði,

fór ekki yfir ána í tíma til að verða Maunoury að nokkru liði.

Satt að segja voru Bretar því alls ekki í orustunni við Marne, um það kemur brezkum og frönskum frásögnum saman, sem að nokkru eru hafandi. Þar með er kveðinn niður skáldskapurinn um það að Bretar byrgu öllu í orustunni; um hitt má lengi þrátta hvort hægt var að komast hjá því tapi, sem tómlæti þeirra olli. Gat French ekki verið fyrri til bragðs en hann var? Lét hann bezta færið renna úr greipum sér? Það er áreiðanlega álit frönsku hersöguritaranna, og dómar brezkra herfræðinga ganga í sömu átt.

Þeir, sem mæla marskálki French bót, halda því fram, að Maunory gerði áhlaupið fyr en skyldi og honum sé því um mistökin að kenna en ekki foringja Breta. En er nokkurt hald í annari eins viðbáru? Það er alkunna, að Foch vann orustuna með atlögu sinni 9. september við La Fère-Champenoise, og eins hitt, að hann var þá á nöfinni að fara hallokaa, þegar hann gerði atlöguna, og að hún lánaðist einmitt fyrir áhlaup Maunorys, sem hófst 5. september og riðlaði fylkingu Þjóðverja, svo bilið kom á hana, sem Foch smaug inn um.

Vér hikum ekki við að halda því fram, að Maunory gerði ekki áhlaupið fyr en vera bar. Hann gerði áhlaupið á þeirri stundu, sem Joffre tiltók og Joffre sá yfir allan orustuvöllinn en French marskalkur ekki nema skika af honum, og áhlaupið gerði hann, af því Joffre sá, að frekari bið var hættuleg. Að Joffre hafði rétt fyrir sér, sýna atvikin 9. september, rétt áður en Foch þreif færið til sigurs sjálfum sér og Frakklandi.

Þetta sýnir, að áhlaup Maunorys var ekki ótímabært. En það sannar ekki, að French marskalkur væri seinlátur eða "ofragur", eins og einn af brezku frásögumönnunum bregður honum um. Því miður

er öll frammistaða French á móti honum. Hann tafði of lengi við Mons, hann var seínlátur í undanhaldinu, sérstaklega við Guise, við ófarir þær, sem einn foringi Frakka hlaut þar, og seinn var hann að senda hjálparliðið til Neuve-Chapelle og Loos. Það varð bagi að öllum þessum töfum hans á sínum tíma, og fyllti mælinn á endanum svo, að hann varð að láta stjórn Bretahers á Frakklandi af hendi.

Eftir skýrslu hans sjálfs, sem kemur heim við örmul af vottorðum um frammistöðu hans í Marne-orustunni, var hann að nauða á Maunory að senda sér liðsauka, eftir að Maunory var kominn í verstu klípu fyrir það, að French lofaði Klucks hernum að klumast burtu frá sér öllum saman, nema riddurum, sem hafðir voru til að skyggja fyrir; og því er bággt að trúá öðru en því, að French var ekki maður til að sæta lagi sem bezt gegndi, hvort heldur það kom af því, að hann sá það ekki, eða hinu, að hann þraut orku og dugnað, sem þurfti til þess.

En hvernig sem í því liggur, þá leikur enginn vafi á því, að Bretar börðust ekki að neinu marki í orustunni við Marne og stuðluðu ekki að neinu verulegu leyti að sigri Frakka. Liðveizla French marskálks brást eins algerlega eins og Grouchys í Waterloo-orustunni. Skyssa Grouchys kostaði keisarann ríki hans, en skyssa French hafði ekki neitt viðlíka vond eftirköst; hún spilti því að Frakkar fengi eins mikið gagn og verða mátti mest af snildarlega úthugsaðri atlögu, og forðaði án alls efa Klucks hernum við algerðri eyðileggingu.

IV. Bardaginn við Ourcqá.

Lið Maunorys tók sig upp 5. september; helmingur þess hélt beint á móti fylkingararmsverði Klucks, 4. varaliðsdeildinni; hinn helmingurinn fór í sveig norður til að koma deildinni þar í opna skjöldu. Maunory hafði töluvert minna lið en 100,000 manns, þegar upp var lagt, en það var tvöfaldað eftir því sem leið á bardagann. Það var mjög

ósamkynja alt saman, Agieringar, Moroccomenn, varaliðssveitir og fáeinar sveitir af fremstu fylkingar mönnum. Til móts við það voru 5. september ekki nema 40,000 Þjóðverja.

Þar, sem bardaginn stóð við Ourcqá, eru breiðir og sléttir vellir norður af Marne-ánni og ganga austur í Ourcqárdalsbrúnirnar, þar steypast þeir ofan í djúpan dalinn. Vellirnir eru til að sjá rennsléttir, nema tvö skógarholt eru á þeim fáar mílur austur af Meaux. Það eru Monthyon og Penchard holtin. Um vellina renna margir lækir og smáþorp nokkur standa á þeim, en öll eru þau múra og girðingalaus og engin fyrirstaða þar fyrir fótgöngulið eða stórskotalið. Allmörg stórbóndabýli eru á völlum unum, áþekkt Chateau d'Hougmont við Waterloo, og komu í bardaganum til viðlíka nota og hann var hafður til í Waterloo-orustunni.

Kvöldið 5. september greiddi þetta lið Maunorys framgöngu og sló í bardaga við þýzka liðið á Monthyon og Penchard holtum. Holtin voru tekin um kvöldið og Þjóðverjar hopuðu árdegis þann 6. undan austur að Ourcqárdalsbrúnunum og höfðu dalinn að baki sér. Mörg þorp voru tekin með áhlaupum; af þeim má einkumnefna Barcy og Étrépilly þorpin; og Frakkar gerðu sig líklega til að koma að norðan að baki 4. varðliðsdeildinni og stökkva henni á flóttu.

En þá snerist bardaginn. Kluck virðist hafa séð og skilið voðann, sem hann var staddur í, og vonum fljótar, 6. september, flytur hann lið sitt burt frá Bretum. Hann lét fyrst aðra deild reglulegs hers fara og síðan fjórðu deild reglulegs hers, og skildi ekki eftir nema riddaralið undir stjórn Marwitz til að halda Bretum í skefjum. Með þessu liði gerði hann gagnáhlaup á Maunory og hnekti honum töluvert til baka; 8. september og næsta dag sveigði hann nyrðri arm Frakka svo mikið til baka, að hann stóð þverbeint

af hinni fylkingunni, og allar horfur voru á því þann dag, að hann ræki Maunory aftur til Parísar. Nóttina milli 9. og 10. september var setuliðið í Parísarborg undir vopnum og menn Maunorys biðu með óþreyju dögunar. Þeir voru enn með atlögu-skipun, en bjuggust ekki við öðru en áhlaupum og dauða sínum; þeir voru að þrotum komnir af hálfis fjórða dags bardaga.

Þegar dagur rann 10. september, voru Þjóð-verjar allir á burt. Kluck hélt undan norður til Aisne-ár; en það var ekki af því, að hann hefði sjálfur farið halloka. Þjóðverjum tókst að bera fyrir fyrsta höggið, er Frakkar ætluðu þeim. Kluck lánaðist að endurfylkja liði sínu, hafa sig úr voð-anum, sem hann var í, þegar bardaginn byrjaði, hnekkja liði Maunorys til baka, tryggja undanhand sitt og ná næstum því fullum sigri, alt saman fyrir það, að Bretum skauzt að halda svo mikið sem í aðra deildina Klucks hersins og af því að þeir reyndust frámunalega seinir á sér.

V. Le Fère-Champenoise.

En þótt áhlaup Maunorys næði ekki aðal-tilgangi sínum, þá riðlaði það bæði her Klucks og austur af honum hernum Bulows, sem vann sigurinn við Charleroi og var gegnt 5. her Frakka við Grand Morin-á suður af Montmirail og austur til St. Gond flóanna. Sá her lét undan síga, til að geyma fylkingarinnar við Kluck; en Frakkar sóttu hart á eftir þeim og gerðust mörg áhlaup beint á orustu-völlum Napoleons stríðsins fræga 1814. Montrail, Vauchamps og Champaubert lauguðust aftur í blóði eftir aldarfrið. En þeir D'Esperey og Bulow náðu aldrei að berjast til þrautar, því Bulow varð stöðugt að hopa til þess að halda uppi fylkingunni við Kluck. Því er þessi kafli Marne-orustunnar til-tölulega ómerkilegur. Hefði Kluck ráðist á Parísarborg, þá hefði D'Espereys her sjálfsagt komið

miklu meira við söguna, því Joffre var við því búinn, að það yrði gert.

Austur af D'Esperey var Fochs herinn, sem lét skriða til skarar í orustunni. Forverðir hans voru í fyrstu norðan við St. Gond flóa, sem eru ófærar mýrar, fullar af fenjum og ekki nema fáeinir vegir lagðir yfir þær. Mýrarnar eru allvondur þröskuldur fyrir herlið. Að baki hernum voru brekkurnar fyrir norðan Sézanneborg niður af Euvy hásléttunni. Þær fara lökkandi í suðaustur og hverfa niður að La Fére-Champenoise og Camp de Mailly sléttunni.

Þegar Klucks liðið fyrir sunnan Marne varð að hörfa undan fyrir áhlaupum Maunorys og Bulow þoka til baka, þá tók yfirstjórn Þjóðverjahersins það ráðs, að leita sigurs með því að gera aðsúg að Foch, sem var í fylkingarbrjósti Frakka. Með öðrum orðum, Þjóðverjar tóku það til bragðs, að reyna að rjúfa fylkingu Frakka frá Parísarborg til Verdun og rjúfa hana einmitt á miðju brjóstinu, þar sem Foch var fyrir. Foch var miklu liðfærri, þótt hann gerði snarpa atögu 7. september, þá var hann rekinn æ lengra suður með miklu mannfalli. Hríðin var hér mannskæðust í orustunni allri saman, og tíu þúsundir liggja í La Fére-Champenoise bænum einum saman.

Það var ekki þar með búið. Foch varð ekki einungis undan að láta, heldur var hægri fylkingararmur hans eða eystri keyrður langar leiðir suður á við, þar til herinn vissi nærri til austurs í staðinn fyrir til norðurs, og sund breitt kom á í gegn um alla fylkinguna milli Foch og De Langle de Cary's liðsins að austan.

Til skara skreið hér eins og við Ourcqá 9. september. Þann dag lánaði Franchet d'Esperey Foch tíundu deildina sína, því hann fann að hann komst af án hennar, síðan hann sópaði Bulow frá Petit Morin-ánni og Bulow hvarf norðvestur til móts við

Kluck. Tíunda deildin var þá látin sækja að miðfylking Þjóðverja vestanverðri. Þessi hjálp gerði vestri arm Fochs óhultan, og hann tók þá þaðan 42. herfylkið og færði það austur til Linthes og lét það gera þar, mjög síðla aftans, ógnarharða hrið að prússneska lífverðinum milli St. Gond flóa og La Féré-Champenoise.

Fylking Þjóðverja var mjög þunn fyrir á þessum stað, bæði fyrir það, að Bulow þokaði undan til móts við Kluck og fyrir kappið, sem Þjóðverjar lögðu á að halda uppi framgöngu sinni suður frá þar, sem þeir voru komnir rétt að því að slíta sundur fylkingu Frakka við Gourgancou. Þetta hvorttveggja, sem bar að samstundis, teygði úr fylkingu lífvarðarins, — sem átti að geyma tengsla við Bulow liðið að vestan og Hausens liðið í miðfylkingunni gegnt Foch—eins og teygjubandi, er togað er í frá láðum endum. Fertugasta og annað herfylkið óð í gegn um lífvörðinn líkt og hnífur ristir ost, eins og Frakkar sögðu síðar frá; það keyrði Saxa í riðla undan austur í og að La Féré-Champenoise og á flóttu, því Foch lét í sömu mund gera almenna atlögu.

Joffre sæmdi Foch fyrir þessa snörpu atlögu með því að segja hann "herkænastan allra í Norðurlálfu." Atlagan stökkti lífverði Prússa á flóttu, svo að hann lét meginið af stórskotaáhöldum sínum; hún braut upp fylkingu tveggja saxneskra herdeilda og sneri her Hausens öllum saman á flóttu, svo hann varð óðara að halda undan með sneypu. Þessari atlögu einni saman lyktaði líkast því sem fagur sigur gerir á orustuvelli. Því Bulow hélt undan í litlu eða engu ólagi, og Kluck bætti úr skakkafalli því, sem hann varð fyrir í fyrstunni og var á góðum vegi með að vinna bardagann við Oureqá, þá er Foch lét sitt högg riða.

En undanhald þeirra Klucks og Bulows og ófarinnar, sem miðfylking Þjóðverja varð fyrir undir

stjórn Hausens, réðu afdrifum orustunnar. Þá er Kluck kom fréttin um ófarirnar, snerist hann undireins til að halda hraðan undan norður að Aisne- og Bulow gaf þá einnig frá sér að ná aftur haldi á norðurbökkum Marne-ár, sem hann hafði verið of fljótur á sér að sleppa; og allur her Þjóðverja frá Parísarborg og austur að Vitry-le-Francois tók göturnar aftur heimleiðis.

VI. Frá De Langle de Cary og Sarrail.

Eftir er að segja stuttlega frá atburðunum austur frá. Þar hélt lið De Langle de Carys vörnum uppi yfir um Ornine-ána í þrjá daga og hratt af sér áhlaupum Wurtemborgarhersins á sviðinu milli Vitry-le-Francois til Revigny. Þar var spilt mannvirkjum meira en nokkurs staðar annars staðar í orustunni, og rústir Sermalsbæjar bera ljós merki um spellvirkjaæði Bæjara. Ekki var barist þar til þrautar fremur en við Montrail, því afdrifin af La Fère-Champenoise - hríðinni neyddu Bæjara til að halda undan.

Af liðinu, sem Sarrail var fyrir og stóð frá Revigny norður að Souilly, þar sem setuliðið í Verdun tók við, er það að segja, að það stóðst öll áhlaup krónprinsins. Hann sótti á að austan við Argonne og reyndi að rjúfa fylkingua þar og einangra Verdunkastala. Liðið komst í krappan þá er Þjóðverjar komu frá Metz til að sækja að baki þess við Meuse-ána hjá Tryon- og Lionville- virkjum, en setulið virkjanna varðist þar til þeim kom lið; og brjóta brýrnar af ánni reyndist nóg til að hefta yfirferð Þjóðverja.

Níundi september skar úr fyrir þeim Kluck, Bulow og Hausen, og raunar voru þeir Kluck og Bulow á hálfgeru undanhaldi þegar 6. september; en Wurtemborgarherinn og krónprinsins börðust enn nokkra daga og hopuðu loks undan í góðri skipan, er þess þurfti við fyrir undanhald vesturliðsins til að standa í fylkingu við það. Her Klucks og

Hausens, einir af fimm herum Þjóðverja, börðust með fullum mannafla sínum, og annar þeirra, semsé Hausens, beið algeran ósigur. Af Frakka hálfu börðust þeir Maunory og Foch með fullu liði og Maunory auðnaðist ekki að ná marki sínu, því hann fékk ekki þá hjálp, sem hann bjóst við af Bretum.

Hefði fyrirætlan Joffre eða Gallienis eða beggja þeirra til samans, komist í framkvæmd, þá hefðu Þjóðverjar farið svo flatt, að þeir hefðu ekki getað haldist við á Frakklandi. Hefði Hausen tekizt að rjúfa fylkingarbrjóst Frakka, jafnvel eftir að þeir Kluck og Bulow létu undan áhlaupi Maunorys, þá hefðu Þjóðverjar hrósað fullum sigri við Marne, og slitið Frakka her í tvo hluta, rekið annan inn að Parísarborg og hinn undir kastalaveggina austur frá.

Um eitt skeið var það almanna trúa, að orustan við Marne hefði unnizt fyrir viðureignina vestur við Parísarborg, og það er saga um það, að sigurinn hefði fengizt með því að flytja lið frá París í leigubílum. Þetta er satt, að lið var flutt í leigubílum, en það kom um seinan til að vinna Marne-orustuna. Það barg aftur við bardaganum við Ourcq. Eins er sagan um hluttöku Breta í orustunni röng. Bretar voru alls ekki í sjálfri orustunni. Þeir áttu ekki í höggi nema við bakverði, og bakverðirnir héldu í þá þangað til allar sigurhorfur voru gengnar úr greipum þeim.

Það má lengi þrátta um það, hvort Foch hefði getað komið atlögu sinni við, þótt Maunorys áhlaupið hefði ekki neytt Bulow til undanhalds með því að stökkva Klucks hernum norður fyrir Marne og róta allri þýzku fylkingunni til með því móti. En um það er ekki að þrátta, að Foch-hríðin hrósaði fullum sigri, þó liðið væri svo að segja á heljarþröminni, þegar atlagan var gerð, bæði kiknað fyrir skörpum atlögum í þrjá daga og fengið svo mikinn mannskaða, að sumar sveitir þess væru fallnar

gersamlega. Amerískir liðsforingjar, sem skoðuðu valinn, áður en búkunum var komið burtu, munu einhverju sinni segja sögur til sýnis um þá heift, sem barist var af, að dæma eftir mannfallinu.

VII. Afleiðingarnar.

Aldrei hafa neinar áætlanir verið birtar, hvorki um manntjónið né fanga né herfang. En það virðist lágt metið að gera, að fallið hafi eða sært liðug 300,000 manns af þeim 2,250,000, sem sóttust á milli Parísar og Verdun. Frakkar létu ekki minna lið en Þjóðverjar; þeir kunnu heldur að hafa látið meira, því þeirra var-sóknin á mörgum stöðum. Það er víst, að tap Frakka, tala fallinna og særðra, yfirsté tap Þjóðverja frá byrjun ófriðarins til loka undanhaldsins Þjóðverja eftir orustuna við Marne, en tala allra fanga, sem Þjóðverjar tóku í ýmsum víggirtum stöðvum, Mauberge, Longwy o. s. frv., er langt um hærrí.

Það er hér um bil víst, að Þjóðverjar voru liðfleiri en Frakkar í orustunni, en Frökkum varð miklu meira gagn af sínu liði fyrir afglöp Þjóðverja í samdrætti og röðun liðsins; því Þjóðverjar virðast hafa illa kunnað að beita liðsfjölda sínum, og haft бага af því, að þeir höfðu óþarflega mikið lið sumstaðar, þar sem ekkert eða lítið lá við.

Bæði Frökkum og Þjóðverjum skjátlaðist í fyrstu algerlega hverjar yrðu afleiðingar orustunnar. Frakkar héldu, að þeir hefðu unnið þann sigur, að Þjóðverjar yrðu að rýma úr Frakklandi. Þjóðverjar héldu, að þeir hefðu ekki beðið nema minniháttar hnækki og að þeir mundu fá náð sókn aftur að endurfylktu liði og fá aftur að reyna, hver bæri hærri hlut úr bítum. Hugarburður hvorra- tveggju hvarf með viðureigninni við Aisne-ána. Þjóðverjum tókst þar að hnekkja Frökkum til baka og grafa sig niður, en þeim auðnaðist aldrei að komast á stúfana aftur til að sækja fram.

Orustan við Marne beit í rauninni bakfiskinn úr sókn Þjóðverja, og rak alla þeirra stríðs fyrir-ætlan í strand, því hún var sú, að knýja Frakka til að leggja til þrautaorustu við sig, áður en sex vikur liði af ófriðnum, vinna þá orustu og rýma Frökkum úr stríðinu. Þeir sóttu fram til Marne og ætluðu Frökkum skell líkan þeim við Sedan. En Frakkar hrósuðu þar sigri líkum Antietams-sigrinum. Öll upphaflega fyrirhuguð ráð Þjóðverja voru yfirstigin í þessari orustu. Þeir voru kúgaðir til undan- halds, gefa upp sókn og sætta sig við lang- vinnan ófrið. En hvergi var þeim stökt á flótta, nema prússneska lífverðinum og Söxum Hausens, og þeim tókst að stöðva Bandamenn við Aisne-ána innan viku eftir ófarirnar við Marne 9. september, fylkja liði sínu meðfram Aisne-á og Meus og taka jafnvel upp áhlaup að nýju, en þeir höfðu ekkert upp úr þeim.

Mönnum má ekki lást, eins og áður hefir verið tekið fram og ekki er hægt að brýna of oft fyrir mönnum, að minnast, hvernig frakknesk-prússneski ófriðurinn (1870) gekk fyrstu vikurnar, þegar Marne-orustuna skal íhuga. Hvortveggi ófriðurinn byrjaði líkt, í hvorumtveggja boðuðu Þjóðverjar út bæði meira liði og betur búnu, og í hvorum- tveggja unnu Þjóðverjar inngangsorusturnar; en svo fer líkingin alt í einu út um þúfur. Í staðinn fyrir að fara ófarirnar við Mars-la-Tours og Sedan, heldur allur Frakka her skipulega undan, þar til endur- fylking leyfir nýja sókn, og þegar svo er komið, þá hörfa Þjóðverjar undan og fylkja á ný og lyktirnar eru, að hvorugir hafa betur í meira en þriggja ára skotgrafa stríði.

Þetta er "kraftaverkið við Marne", þegar öllu er á botninn hvolft. Yfir-herstjórn Þjóðverja hugði á þessa leið: "Vér höfum meira lið, betri byssur, betra lið; vér höfum hlutleysi Belgíu að engu, sveigjum hjá kastölum Frakka inn á sléttur Norð-


ur-Frakklands; þar vinnum vér sigur á Frökkum, tökum París og snúum oss að því búnu austur og gerum Rússum skil. Vér látum Frakkland greiða oss gjaldið til lausnar sér og göngum frá því svo, að oss sé enginn uggur af því um allan aldur."

Ekki vitund gekk eftir þessari stórmensku-fyrirættan. Ekki eitt eða neitt hefir komizt í framkvæmd af henni eftir þriggja ára stríð. Öllum er það ljóst, að Rússland hefði unnizt og Bretaveldi jafnvel komizt á glötunarinnar þröm, ef Frakkland hefði ekki staðið sig. En Frakkland stóð sig. Það vann þar þann mesta sigur, sem vegleg saga þess hefir frá að segja, þótt það fengi sama sem enga hjálp frá Bretum. Það barg sjálfu sér, Bretlandi og Rússum, og stríðið fékk eftir Marne-orustuna nýja sjóndeildarbauga og ólíkar horfur. Því er Marne-orustan í öllum skilningi ein af hinum fáu fullnað-arorustum í sögu mannkynsins. Hún virðist óviðjafnanlega stærri nú, eftir að nálega þrjú ár eru liðin, en daginn, sem menn fyrst fengu að vita, að ekkert yrði af því að Þjóðverjar tækju París, og kunnum vér þó ekki enn að meta til fulls afleiðing-ar orustunnar.

PÁLL BJARNARSON

þýddi.





S A F N
 til landnámssögu Íslendinga
 í Vesturheimi.

Ágrip af sögu

ÞINGVALLABYGDAR.

Safnað af HELGA ÁRNASYNI.

(Niðurlag frá 1920.)

Guðmundur Guðmundsson, sonur Guðmundar Einarssonar og Guðbjargar Guðmundsdóttur í Miðdal í Mosfellssveit. Fæddur 26. nóv. 1862. Árið 1887 gekk hann að eiga Þóru Gísladóttur; voru foreldrar hennar Gísli Gíslason og Sólveig Þorkelsdóttir, er síðast bjuggu í Reykjakoti í Mosfellssveit. Sama árið og þau giftust, fluttust þau vestur um haf og voru eitt ár í Winnipeg, þá tóku þau land hér í bygðinni og reistu bú, og kölluðu bústað sinn Fagradal. Þau settu saman bú sitt með meiri efnun, en alment gerðist hér hjá landnemum, enda blómgaðist bú þeirra vel. Þau voru bæði mikil myndarhjón og bar alt á heimili þeirra vott um snild og reglusemi. Þau lögðu góðan skerf til allra félagsmála bygðarmanna. Guðmundur lézt .9 maí 1891. Eina dóttir barna var þeim auðíð og heitir Gróa Guðmundína. Eftir lát Guðmundar réðist Þorkell Gíslason, bróðir Þóru til hennar

og var hjá henni um eitt ár, en þá tók við búi hjá henni Jón Sveinsson, ættaður af Kjalarnesi, og giftust þau sumarið 1892 og fluttust til Alberta og búa nálægt Markerville.

Sigurður Magnússon Breiðfjörð,

sonur Magnúsar Jónssonar og Önnu Jónssdóttur á Hamarlandi í Reykhólasveit við Breiðafjörð. Fæddur 1849. Heitir kona hans Kristbjörg Guðbrandsdóttir Sæmundssonar frá Firði í Múlasveit og þaðan fóru þau til Canada 1891 og settust að hér í bygðinni á heimilisréttarlandi og hafa búið þar síðan. Tvo syni eiga þau uppkomna, og heita Guðbrandur og Magnús Andrés. Sigurður hefir stundað smáskamtalækningar og komið mörgum að góðu liði. Þau hjón hafa komið hér vel fram og allsstaðar getið til hins betra.

Þórður Þórðarson var ættaður af Vopnafirði og hafði komið til Canada með fyrstu Íslendingum sem hingað fluttust og staðnæmdist í Ontario um nokkur ár. Þrígiftur var hann. Hét þriðja kona hans Rósa Ólafsdóttir og var hann nýgiftur henni þegar hann kom í þessa bygð 1886. Þau settust hér að með allgóðan bústofn og stunduðu nautgriparækt og búnaðist vel. Þórður lézt 18. maí 1904, 74 ára gamall. Fimm árum síðar seldi ekkjan land sitt og flutti búferlum vestur til Birch Creek og tók þar heimilisréttarland ásamt með tengdasyni sínum Júlíusi Jónssyni, sem giftur var dóttur þeirra Þórðar og Rósu og heitir Lára Sesselja. Síðar fluttist þetta fólk nálægt Tantallon í Sask., og þar lézt Rósa 20. marz 1915, 60 ára gömul. Þau Þórður og Rósa voru beztu manneskjur og komu hvarvetna fram til góðs.

Guðmundur Þórðarson, sonur Þórðar, sem hér á undan er talinn. Vann hann hér hjá föður sínum

um tíma, en tók síðar land og bygði á því og dvaldi þar með syni sínum 10 ára gömlum veturinn 1903—'04. Hann átti konu börn og bú í Winnipeg. Hann lézt 24. marz 1904, með þeim hætti að hann fór þann dag að heiman að afla eldiviðar og skildi drenginn eftir heima. Þegar á daginn leið, skall á hríðarbylur með hörkufrosti og varð hann úti og fanst eigi fyr en um vorið að snjó tók af jörðu.

Gunnar Gunnarsson, sonur Gunnars Einarssonar og Guðlaugar Árnadóttur, er lengi bjuggur á Dalbæ í Hrunamannahreppi í Árnessýslu og hjá þeim ólst hann upp til fullorðins ára. Árið 1862 giftist hann Ingveldi Eyólfsdóttur á Innri-Ásláksstöðum á Vatnsleysuströnd, og byrjuðu þar búskap. Síðar flutti hann að Fagurhól í sömu sveit og síðan suður í Voga. Konu sína misti hann 1892 og ári síðar flutti hann til Canada og nam land hér í bygðinni. Sex börn eignuðust þau hjón Gunnar og Ingveldur og af þeim eru fjögur hér: Ólafur; Gunnar, giftur Gróu Magnúsdóttir; Ingibjörg, kona Þorkels Laxdals og Eyjólfur. Gunnar er fæddur 6. sept. 1832 og er um 82 ára, er enn býsna ern og fjörugur í anda og fylgist með því sem fram fer. Er hann hér á vegum barna sinna nú (1916).

Ólafur Gunnarsson, sonur Gunnars og Ingveldar, sem hér eru talin áður. Fæddur 6. jan. 1866. Átta ára fór hann til afa síns á Dalbæ og dvaldi hjá honum til fullorðins ára. Árið 1898 fór hann af landi burt til Ameríku. Var hann við ýmsa bændavinnu í Dakota, þar til hann flutti til Þingvallanýlendu, settist hér á heimilisréttarland 1904 og giftist sama árið Kristínu Magnúsdóttur Einarssonar. Er heimili þeirra í öllu tilliti myndarheimili.

Eyjólfur Gunnarsson, bróðir Ólafs þess, er næst hér á undan er talinn. Fæddur 4. ág. 1876. Hjá foreldrum sínum dvaldi hann þar til móðir hans

lézt 1892, og fór þá til Reykjavíkur og stundaði sjómensku í átta ár, og síðan hingað og tók hér land. Kona hans er Sigríður Sveinbjörnsdóttir Loptssonar, sem áður er getið um.

Jón Ólafsson. Fæddur 1826 á Þorbergsstöðum í Dalasýslu. Kona hans Kristbjörg Bergþórsdóttir f. 1830 á Leikskálum í Haukadal. Þjuggu þau fyrst á Þorbergsstöðum, en síðar á Hornstöðum. Þeim varð 19 barna auðið og komust 13 til fullorðins ára, sem þau ólu önn fyrir og má af því ráða, að þar hefir ráðdeild og dugnaður haldist í hendur að leysa uppeldi þessa hóps, eins vel af hendi og þeim tókst það. Sérstaklega var til konunnar tekið, hvað hún hefði afkastað viðvíkjandi búskapnum. Jón var mesti dugnaðar- og framfaramaður, en naut sín ekki á heimilinu af þeirri ástæðu, að hann stundaði smáskamtalækningar og var því sífellt á ferðalögum og mikill gestangangur á heimili hans, og eyddi þannig miklu af tíma sínum frá heimilisstörfum. Hjón þessi fluttust af Íslandi árið 1888 og komu hingað um haustið og voru til húsa um veturinn hjá Tómasi Pálssyni. Um vorið námu þau land og áttu þar heimili, þar til Jón lézt 1890. Var hans mjög saknað af öllum þeim, er honum kyntust, því hann var heppinn í lækningum sínum og hjálpaði mörgum þann stutta tíma, sem hann dvaldi hér. Eftir lát manns síns fór Kristbjörg til Arngríms Kristjánssonar, tengdasonar síns, sem giftur var Ásu Sólveigu dóttur þeirra, og þar lézt hún 1894.

Bergþór Ólafur Jónsson, sonur Jóns Ólafssonar og Kristbjargar Bergþórsdóttur, sem næst á undan eru talin. Hann var fæddur 1853. Giftist 1885 Þórunni Stefánsdóttur frá Kalmanstungu í Hvítársíðu, og fóru þau í húsmensku að Hamraendum í Stafholtstungum til Björns Jónssonar og Ólafíu Stefánsdóttur systur Þórunnar. Fluttust til Can-

ada árið 1886 og voru nær tvö ár í Winnipeg og síðan námu þau land hér og bjuggu á því til 1897. Bergþór lézt 25. júní 1909 og Þórunn 17. júní 1916. Búskapur þeirra hjóna var fremur í smáum stíl, en fóru vel með allt er þau höfðu undir höndum og höfðu nóg fyrir sig að leggja.

Arngrímur Kristjánsson frá Steðja á Þelamörk í Eyjafjarðarsýslu. Hann kom til þessarar bygðar með mági sínum Jósef Ólafssyni og Margrétu systur sinni árið 1888 og nam land við hliðina á bújörð þeirra. Árið 1894 gekk hann að eiga Ásu Sólveigu, dóttur Jóns Ólafssonar frá Hornstöðum. Búskapur þeirra gekk furðu vel, þó heilsufar konunnar væri oft mjög tæpt, og miklu til kostað. Arngrímur var umhyggjusamur dugnaðarmaður og yfirvann furðuvel erfiðleikana. Tók góðan þátt í safnaðarfélagslifinu og lagði drjúgt fram í vinnu og peningagjöfum. Þau eignuðust þrjá drengi, sem heita: Kristbergur, Jón Kristinn og Bergþór Ólafur. Arngrímur lézt 30. ág. 1910. Brá þá ekkja hans búi og seldi það við uppboð og fluttist með sonum sínum til Wynyard, og býr þar nú, 1915.

Stefán Ólafsson, sonur Ólafs Stefánssonar á Fjalli á Skeiðum; var Ólafur sonur síra Stefáns Stefánssonar á Felli í Mýrdal. Móðir Stefáns, var Ingunn Ófeigsdóttir (ríka) á Fjalli. Stefán giftist Guðrúnu Hinriksdóttur, Gíslasonar frá Nethörmum í Ölfusinu; nam hún yfirsetukonufræði í Reykjavík og gengdi ljósmóðurstörfum í Biskupstungum.

Árið 1888 fluttust þau frá Íslandi til Þingvallanýlendu, tóku land og bjuggu hér þar til sumarið 1892, að þau fluttust til Foam Lake-bygðar. Þar lést Guðrún árið eftir, en Stefán er þar með börnum sínum, þegar þetta er skráð 1915.

Guðmundur Sveinbjörnsson, er fæddur 18 júlí

1861, sonur Sveinbjarnar Snorrasonar frá Laugum í Hrunamannahreppi. Fjögra ára fór hann í fóstur til móðurbróður síns, Guðm. Jónssonar á Stórafljóti í Biskupstungum, og var hjá hanum í 20 ár. Árið 1885 gekk hann að eiga Guðrúnu Þorsteinsdóttur, Jónssonar og Kristinar Guðmundsdóttur, Jakobs-sonar Snorrasonar prests á Húsafelli, og bjuggu foreldrar hennar lengi á Haugshúsum á Álftanesi.

Þau Guðmundur og Guðrún, fluttust hingað frá Króki á Álftanesi 1900, og hafði Magnús Hinriksson og kona hans Kristín, sent þeim farareyrir hingað; er Kristín kona Magnúsar, systir Guðrúnar. Hafa þau hjón eignuðust 5 börn og lifa 4: Guðmundur, Kristín Álfheiður, gift Ásm. Sveinbjörnssyni Loptsson, Þorsteinn Sveinbjörn, Guðbjartur Óskar. Eins og fleiri byrjuðu þau búskap með litlum efnum, en lánast vel og er efnahagur þeirra í góðu lagi. Sýna þau öllum sem þau til ná, góðvild og gestrisni og taka góðan þátt í fjárframlögum til félagsskapar bygdarmanna.—(júlí 1916).

Guðbrandur Sæmundsson og Kristbjörg Jónsdóttir, bjuggu lengi á Kirkjubóli og síðar á Firði í Múlasveit í Barðastrandarsýslu. Af níu börnum þeirra eru fjögur hér í landi: Ingibjörg, kona Árna Arnasonar í Churchbridge; Kristbjörg, kona Sigurðar Magnússonar; María, kona Konráðs Eyjólfssonar, og Sigríður, öll til heimilis hér í bygðinni. Eina dóttur átti Guðbrandur áður en hann giftist, sem Guðrún heitir; hún er ekkja og á hér heimili. Guðbrandur var hreppstjóri og sveitaroddviti í Múlasveitinni um mörg ár; var hann og smiður góður bæði á tré og járn og stundaði þar að auk smáskamtalækningar. Þau hjón fluttust frá Firði í þessa sveit 1892 og voru hér í húsmensku. Samferða þeim hingað voru tvö gamalmenni, systkini Kristbjargar, er Eiríkur og Kristín hétu; höfðu þessi fjögur gamalmenni fylgst að á lífsleiðinni og má

segja, að þau yrðu samferða inn í eilífðina, því öll dóu þau sama haustið, 1896, og liggja hlið við hlið í gamla grafreitnum við Þingvallakirkju.

Árni Hannesson. Foreldrar hans voru Hannes Arnason og Hólmfríður Magnúsdóttir, prests að Glaumbæ; bjuggu þau allan sinn búskap á Marbæli í Skagafjarðarsýslu. Tólf ára misti Árni móður sína og fór þá til móðursystur sinnar, Sigríðar á Auðunnarstöðum í Viðidal og var þar 5 ár. Kona Árna er Guðrún Hallgrímsdóttir Erlendssonar og Margrétar Magnúsdóttur, systur Dr. Guðmundar Magnússonar í Reykjavík. Þau Árni og Guðrún voru bæði vinnuhjú í Steinnesi hjá síra Eiríki Briem, og þar giftust þau og byrjuðu búskap á parti af jörðinni; þaðan fóru þau að Kagaðarhóli í Asum, síðan að Þorbrandsstöðum og seinast að Þjörnólfsstöðum í Langadal, og þaðan í þessa bygð 1888, en námu hér eigi land fyrr en 1891, og bjuggu þar 8 ár. Fluttust þá á leiguland við Binscarth. Vorið 1900 fóru þau búferlum að Manitobavatni og keyptu tvö lönd við Ísafoldar pósthús, og búa þar nú góðu búi og hafa þar, sem fyrr, hylli allra, sem kynni hafa af þeim.

Guðbrandur Guðbrandsson frá Vatni í Haukadal í Dalasýslu. Kom hann hingað í bygðina 1887, ásamt Jóni Jónssyni söðlasmið, sem giftur var systur Guðbrandar, Guðbjörgu að nafni. Guðbrandur tók hér land og voru þau Jón og Guðbjörg hjá honum þar til 1893, að þau fluttust til Winnipeg. Síðan hefir Guðbrandur verið þar einbúi. Hann er maður fásáttinn, en vandaður til orða og verka.

Eileifur Jónsson. Foreldrar hans voru Jón Björnsson, Jónssonar, Erlendssonar, og Ingibjörg Eileifsdóttir; bjuggu þau lengi í Fljótstungu í Borgarfjarðarsýslu. Föður sinn misti Eileifur ellefu ára og fór þá að Brekkukoti í Reykholtaldal og dvaldi

þar til tvítugs. Kona hans er Kristín Árnadóttir Jónssonar á Háþæ á Vatnsleysuströnd. Byrjuðu þau búskap á Háþæ og áttu nokkurn sjávarútveg. og var Eileifur formaður á skipi þau árin er hann bjó á Háþæ. Árið 1900 fluttust þau til Canada. Voru þau eitt ár í Manitoba, komu síðan hingað í byggð og tóku land. Eiga þau hjón þrjá syni, mannvænlega menn og eru þeir hjá foreldrum sínum. Þau hjón eiga all-álitlegt bú. (1916).

Hinrik Gíslason. Foreldrar hans: Gísli Hinriks-son og Guðrún Jónsdóttir, síðast á Nethömrum í Ölfusi. Kona Hinriks var Jórunn Magnúsdóttir frá Steinsholti í Leirársveit. Af sex börnum þeirra, sem komust til fullorðins ára, fluttust fjögur vestur um haf, og er þeirra getið í sögubrotum þessarar byggðar. Hinrik og Jórunn komu hingað 1901 og dvöldu hjá Magnúsi syni sínum þar til Jórunn lézt 1907; þá fór Hinrik til Eyjólfssonar síns, sem hér er næst talinn.

Eyjólfur Hinriksson, fæddur 2. apríl 1867. Var hann að miklu leyti alinn upp í Stritu í Ölfusi hjá Guðm. Guðmundssyni (d. 1892). Giftur er hann Ingibjörgu Björnsdóttur frá Bakkarholtsparti í Ölfusi. Frá Eyrarbakka fluttust þau hingað til lands 1903, með hjálp Magnúsar bróður Eyjólfssonar og Guðrúnar systur hans; komu þau með fjögur börn, sem þau áttu, og settust fyrst að hjá Magnúsi Efitr að Eyjólfur hafði unnið hjá bændum hér í byggðinni um tvö ár, tók hann heimilisréttarland og hefir búið þar síðan. Níu börn eiga þau hjón, 4 piltar og 5 stúlkur, og eru öll í föðurgarði utan elzta barnið, Þuríður, sem gift er. Bú þeirra hjóna er all-snoturt, eiga góðan nautgripastofn, vel meðhöndlaðan og gefur hann af sér eins góðan ávöxt og best má vera,—því Eyjólfur er búmaður góður og fer mæta vel með alidýr sín. (1915).

Magnús Sigurðsson. Var hann ættaður úr Suð-ur-Múlasýslu. Ingigerður Jónsdóttir hét kona hans. Fluttust þau hingað frá Winnipeg 1886 og námu land. Dvöldu þau á landi sínu þar til Magnús lézt veturinn 1893 og það ár flutti ekkjan á burt. Þau komu hingað efnalítill, en voru vinnugefin og áttu vel fyrir sínum daglegu þörfum, og komu sér vel við alla, sem þeim kyntust.

Böðvar Jónsson. Fæddur 1869; voru foreldrar hans Jón Sæmundsson og Ingibjörg Böðvarsdóttir í Auðsholti í Ölfusi. Föður sinn misti hann 1883 og vorði 1886 fluttist hann með móður sinni til Canada og beint til Þingvalla-bygðar; tók Böðvar hér land og móðir hans annað. Böðvar uppfylti allar lögákvæðnar skyldur á landi sínu, bygði íveruhús og fjós og plægði lándið. Vorið 1893 seldi hann svo þessa bújörð sína, með öllum umbótum fyrir eitt hross og flutti til Vatnsdalsnýlendu og ári síðar inn að Maniobavatni.

Kristján Jóhann Kristjánsson, sonur Kristjáns Jónssonar og Jóhönnu Bjarnadóttur, sem bjuggu í Garðhúsum í Vogum. Kona hans heitir Petrína Pétursdóttir. Vorið 1900 komu þau frá Íslandi hingað og eftir tvö ár tóku þau land og reistu bú, og hefir búskapur þeirra gengið þeim vel. Tvö börn hafa þau eignast, sem heita Jóhann og Guðrún.

Víglundur Vigfússon, fæddur á Syðra-Langholti í Hrunamannahrepp 1863, sonur Vigfúsar Guðmundssonar í Hlíð og Auðbjargar Þorsteinsdóttur, jarðyrkjumanns í Úthlíð í Biskupstungum. Kona hans er Sigríður Þorsteinsdóttir frá Breiðabólstað í Reykholtssdal. Á Íslandi bjuggu þau í Miðdal og síðast í Útey í Laugardal. Til Vesturheims fóru þau árið 1900 og settust að í Selkirk; eftir þriggja ára veru þar komu þau hingað í bygðina og tóku

heimilisréttarland. Fjögur börn eiga þau á lífi, einn dreng og þrjár stúlkur. Þau hjón hafa komið fyrir sig myndarlegu bú, með dugnaði og ráðdeild. (1915).

Konráð Eyjólfsson frá Kálfárdal í Laxárdal í Húnavatnssýslu. Til Canada kom hann 1887. Árið eftir giftist hann Guðbjörgu Sveinsdóttur og ári síðast fluttust þau hingað í byggðina. Konráð misti konu sína 1891, en þrem árum síðar giftist hann í ænað sinn, Maríu Guðbrandsdóttur Sæmundssonar, sem áður er getið. Haustið 1895 varð Konráð fyrir tilfinnanlegum skaða. Sléttueld bar að bæ hans að kveldi dags, eftir að skepnur voru í hús komnar. Brunnu þar inni 7 kýr, 1 hestur, nokkrar sauðkindur, hænsn og öll hey hans. Allmargir urðu til þess að bæta Konráði skaðann. Brátt fjölguðu skepnur hans aftur, en þá kom það fyrir, að systir Konráðs, Elíabet, bláfátæk ekkja með fimm ungum börnum heima á Íslandi, bað bróður sinn hjálpar. Seldi þá Konráð það af gripastofni sínum, sem þurfti til að senda henni og börnunum farareyri hingað vestur og kom hún hingað ásamt börnum sínum árið 1900 og settist að hjá bróður sínum. Elíabet er ekkja eftir Sigurð Finnbogason, er síðast bjó í Fagranesi á Reykjaströnd í Skagafjarðarsýslu. Tók hún land í nágrenni við bróður sinn, Konráð, og vann sér inn eignarréttinn. Tvær dætur hennar eru giftar hérlendum mönum og búa vestur á Kyrrahafsströnd; Eyjólfur heitir sonum hennar og er lausamaður. Býr Elíabet hjá bróður sínum og dóttir ein, er Jónína heitir. (1915).

Sigurður Ketilsson, Sveinssonar, Magnússonar alþingismanns í Syðra-Langholti í Árnessýslu, Andréssonar. Kona Ketils, móðir Sigríðar, er Pálína Sigurðardóttir Pálssonar frá Haukadal í Biskups-tungum. Þau Ketill og Pálína fluttust til Canada

árið 1887, og hafa búið í Brandon í Manitoba síðan, nema hvað Ketill kom hingð einn saman og vann sér eignarrétt á heimilisréttarlandi hér í bygðinni 1909. Sigurður sonur Ketils er giftur Guðlaugu Sveinbjörnsdóttur Loptssonar. Attu þau heima um þrjú ár í Churchbridge og höfðu á höndum greiðasölu; en 1910 fóru þau á land Ketils og hafa búið þar síðan og eiga nú þá jörð. Átta börn eiga þau hjón, 6 drengi og 2 stúlku. Sigurður er eftirlitsmaður vegabóta fyrir stjórnina hér á stóru svæði. (1917).

Grímur Guðmundsson, sonur Guðmundar Grímssonar og konu hans Margrétar, er lengi bjuggu í Þjórsárholti í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu, og þar er Grímur fæddur 1857. Kona hans er Ingibjörg Erlindsdóttir frá Dalbæ í Hrunamannahreppi. Árið 1886 fluttust þau hingað í bygð frá Íslandi og tóku land ári síðar og bjuggu hér þar til 1894 að þau fluttust austur að Manitobavatni og búa þar nú (1917) góðu búi. Þrjú börn eiga þau á lífi. Ein dóttir þeirra, Jónína, er gift Kristjáni (Þorleifssyni) Thorvaldson kaupmanni í Bredenburg, sem er bær við vesturjaðar Þingvallanýlendunnar.

Kristján Jónsson, fæddur 1874, sonur Jóns Jónssonar og Sólveigar Jónsdóttur í Þrándarkoti í Laxárdal í Dalasýslu. Hjá foreldrum sínum var hann til 10 ára aldurs. Eftir það átti hann heima á ýmsum bæjum þar í sýslu þar til hann fór til Noregs 1899 og dvaldi þar tvö ár. Þá fór hann til Canada og hingað í bygðina kom hann 1903 og nam land og giftist það sama ár Matthildi Jóhannesson af sænskum ættum; eiga þau tvö börn, pilt og stúlku. Kristján er maður greindur vel og hagarðingur. Heimili Kristjáns er mjög snoturt innan húss og utan og eru þau hjón bæði hin kurteisustu í allri framkomu. (1916).

Árni Jónsson er fæddur 17. marz 1856 að Tungu í Fljótshlíð; foreldrar hans voru Jón ívarsson og Kristín Nikulásdóttir. Nikulás faðir Kristínar bjó á Selalæk á Rangárvöllum. Þegar Árni var á öðru ári, druknaði faðir hans; brá þá móðir hans búi og fluttist að Breiðabólstað í Fljótshlíð, til Jóns prófasts Halldórssonar og konu hans Kristínar Vigfúsdóttur, systur Bjarna skálds Thorarensen. Þegar séra Jón dó 1858, hafði ekkja hans tekið ástfóstri vjð Árna og fluttis hann með henni að Hraungerði til séra Sæmundar sonar hennar, og þaðan haustið 1867 að Stóruvöllum í Landsveit til síra Guðmundar Jónssonar tengdasonar síns. Haustið 1884 giftist Árni Margrétu Guðmundsdóttur Magnússonar í Stekkholti í Biskupstungum, og Þuríðar Þorsteinsdóttur, garðyrkjumanns, sem bjó eitt sinn í Úthlíð í Biskupsungum. Þau Árni og Margrét dvöldu í Reykjavík þangað til árið 1887, er þau fluttust til Canada, komu til Þingvallanýlendu um jól sama ár; fluttu þaðan vorið 1895 til White Sand River, sem er nálega 35 milur norðvestur af Yorkton, og hafa búið þar síðan. — Þeim Árna og Margrétu varð þriggja sona auðið, sem allir dóu í æsku.

Guðrún Guðmundsdóttir, ljósmóðir, er fædd 1. okt. 1853 í Teigakoti í Akraneshrepp í Borgarfjs. Foreldrar hennar voru Guðmundur Jónsson, óðalsbóndi í Teigakoti og Guðrún Þorkelsdóttir frá Eilífsdal í Kjós. Móðir sína misti hún 11. ára gömul og varð þá að vinna fyrir sér sjálf. Á kvennaskólann í Reykjavík fór hún og síðan lærði hún ljósmóðurstörf og gengdi þeim störfum eftir það meðan hún var á Íslandi. Árið 1880 giftist hún sæmdarmanninum Þórði Guðmundssyni, verzlunarmanni á Háteig á Skipaskaga, en misti hann 1884, að hann druknaði. Tveim árum eftir það fluttist hún til Canada og í maímánuði 1887 kom hún hingað í bygðina og nam land og settist þar að þar til 1894

að hún færði sig til Theodore-pósthús og var þar í 10 ár, síðan fór hún til Foam Lake bygðar og keypti þar land og hefir búið þar síðan. Guðrún hefir verið dugnaðarkona mikil og sómakona í alla staði. Fjölda margar konur báðumegin hafsins bera til hennar ljúfar endurminningar fyrir hennar velunna starf og hjálpsemi í veikindum og ljósmóðurstörfum, sem hún inti af hendi ætíð svo samvirkusamlega.

Bernharður Jónsson frá Laxárnesi í Mosfellssveit í Kjósarsýslu. Faðir hans Jón Bernharðsson og móðir Margrét. Fluttist hingað með þeim feðgum Narfa og Guðbrandi 1886. Þrem árum síðar giftist hann Valgerði Eiríksdóttur frá Miðbýli á Skeiðum. Búskapurinn gekk þeim vel; og komu sér vel hjá öllum er þeim kyntust. Sá galli var á hjá þeim að ekkert vatn fanst í landeign þeirra og urðu þess vegna að flytja á burt og fóru til Foam Lake bygðar. Seldu land sitt með húsum og umbótum fyrir einn hest. Bernharður lézt 1910, en ekkja hans á heima þar í bygðinni. (1916).

Ögmundur Ögmundsson frá Hrafnkelsstöðum í Hrunamannahreppi í Arnessýslu og Þorbjörg Kjartansdóttir. Þau fluttust frá Íslandi í þessa bygð 1888 og námu land. Höfðu þau búið góðu búi á Íslandi og komu því með nokkurn bústofn og áttu því laglegt bú. Héðan fluttust þau 1893 og reistu bú nálægt Winnipeg. Þorbjörg lézt 1911 og Ögmundur fjórum árum síðar. Þau voru valinkunn sæmdarhjón.

Jón Gíslason, fæddur 1871. Foreldrar hans Gísli Jón Sigurðsson og Hólmfríður Jónsdóttir a Geitastekk í Hörðudal í Dalasýslu. Til Canada fluttist Jón 1891 og 5 árum síðar giftist hann Jónínu Sigríði dóttir Kristjáns Sigurðssonar Bakkmann og

Ingveldar Bjarnadóttur. Voru þau um nokkur ár í Winnipeg og fluttust síðan hingað í bygðina 1903. Af börnum eiga þau fjóra pilti og eina dóttir.

Guðmundur Sakariasson, sonur Sakariasar Björnssonar og Kristínar Brynjólfsdóttur af Húsavík í Þingeyjarsýslu, fluttust þau hjón hingað til lands 1885 og eiga heimili í Winnipeg, þegar þetta er ritað. Guðmundur á fyrir konu Guðrúnu Ólafsdóttir Ólafssonar af Akranesi; sex börn eiga þau á lífi. Hingað í bygðina fluttust þau 1910 og voru efni þeirra þá lítil, en hafa blómgast vonum fram- ar og líkur til að þau eigi hér góða framtíð. (1916).

Séra Guttormur Guttormsson.

Séra Guttormur Guttormsson er fæddur í Krossavík í Vopnafirði, tíunda dag desembermánaðar árið 1880—"frostaveturinn". Foreldrar hans voru þau hjónin, Guttormur Þorsteinsson og Birgitta Jósefsdóttir. Ólst hann upp í föðurhúsum þar í Krossavík þar til árið 1893, að foreldrar hans fluttu vestur um haf með barnahópinn. Þau settust að í Nýja Íslandi. Guttormur fór þá til vandalausra til að vinna fyrir sér, því fjölskyldan var stór og efnin lítil heima fyrir. Stundaði hann ýmsa atvinnu fram að tvítugu, fyrst í grend við Gimli og síðan í Winnipeg. Á þessu tímabili naut hann þó tilsagnar nokkurrar á alþýðuskólum; gekk á Gimli skóla tvo og hálfan vetur, en einn vetur (1897—98) á Mulvey skóla í Winnipeg. Þó var skólagangan slitrótt og litlar horfur á áframhaldi í þá átt. Mátti heita, að hann væri afhuga öllu skólanámi eftir Mulvey-vistina.

Haustið 1901 stofnaði kirkjufélagið íslenskt kennaraembætti við Wesley College í Winnipeg. Séra Friðrik Bergmann var kennarinn. Þá lýsti af nýjum degi í menningarsögu Vestur - Íslendinga. Mentahugurinn vaknaði af dvala hjá íslenskum

unglingum víðs vegar um landið. Guttormur byrjaði nám á Wesley þá um haustið og lærði við þann skóla hvern veturinn af öðrum þar til hann tók burtfararpróf við Manitoba háskólann vorið 1907. Eftir það las hann guðfræði við prestaskólann lúterska í Chicago og var vígður til prests í Fyrstu lútersku kirkju í Winnipeg sumarið 1909. Á skólaárum vann hann fyrir sér í hverju sumarfríi við barnakenslu eða önnur störf. Sumurin 1903 og 1904 kendi hann börnum í Vestfold skóla við Grunnvatn í Manitoba, en önnur tvö (1906 og 1908) á Minerva skóla nálægt Lögbergs pósthúsi í Saskatchewan. Auk þess hélt hann uppi guðsþjónustum og gjörði ýms önnur prestsverk, í Þingvalla- og Lögbergs- bygðum og víðar, á sumrunum 1907—'8. Störf þau annaðist hann, þótt óvígður væri, undir umsjón kirkjufélagsins. Eftir vígslu þjónaði hann á ýmsum stöðum, í Manitoba og Saskatchewan, sem heimatrúboðsprestur kirkjufélagsins. Var hann sendur til samskonar starfa vestur yfir Klettafjöll haustið 1911, og vann að heimatrúboði á meðal Íslendinga á Kyrrahafsstönd, mestmegnis í Blaine, Vancouver, Victoria, Bellingham og á Point Roberts, fram á næsta vor. Þá barst honum köllun frá söfnuðunum í grend við Churchbridge í Saskatchewan. Séra Hjörtur Leó, sem þar hafði þjónað um þriggja ára tíma, hafði þá sagt kalli þessu lausu, og gjörðist þá séra Guttormur þjónandi prestur á þeim stöðvum, og gegndi þar prestsstörfum til júnímánaðarloka 1918, er hann flutti til íslenzku safnaðanna í Minnesota.

Séra Guttormur er ekki landnámsmaður í venjulegum skilningi. Hann hefir aldrei "tekið" heimilisréttarland eða stundað búskap. En æfiatriðin, sem sögð eru hér að framan, geta gefið mönnum nokkurn veginn glögga hugmynd um það, sem drifið hefir á dagana fyrir flestum íslenskum náms-

mönnum á frumbýlingsárum þjóðflokks vors hér vestra.

Árið 1910 kvæntist séra Guttormur og gekk að eiga Rannveigu, dóttur Gísla Egilssonar frá Skarðsá í Skagafirði og Ragnheiðar Jóhannsdóttur konu hans. Gísli hefir lengi verið búsettur í grend við Lögbergs pósthús í Saskatchewan og verður hans getið í landnámssögu þeirrar bygðar. Hús lét séra Guttormur reisa sér í bænum Churchbridge sumaríð 1913 og átti þar heimili fram á síðasta sumar. Börn hafa þau hjón eignast fjögur, og eru þau öll á lífi.

EFTIRMÁLI.

Churchbridge.

Um 1888 myndaðist dálítið þorp með þessu nafni, sem enn er óbreytt, og aðal bygð Íslendinga sækir til. Þorpið myndaðist að tilhlutan Ensku kirkjunnar og undir umsjón Churchbridge Colonization Company. Þar var byggt prestsetur, kirkja og skóli; gistihús, járnsmiðja o. fl., og allmargir Englendingar námu lönd í nágrenninu. Félagið, sem nefnt er, bygði hús á löndunum og lánaði sömuleiðis fé til að kaupa skepnur og nauðsynlegustu jarðyrkju verkfæri. Fyrstu verzlunarbúð bygði hr. Bjarni Davíðsson Westmann sunnan, við járnbrautina. Árið 1889 flutti til Churchbridge hr. Jóhann G. Thorgeirsson frá Winnipeg og bygði sölubúð norðan járnbrautarinnar. Verzlun hans óx brátt, bæði var maðurinn aðlaðandi og innflutingar miklir, einkum árin 1890 og 1891. Nú voru efni nýbyggja flestra mjög litil, en framfarahugur og greiðvikni Jóhans G. Thorgeirssonar kaupmanns á mjög háu stigi, og ekki mun það ofmælt, að margir búendur, sem um það skeið áttu heimili í bygðinni, eigi honum þakkætisskuld að inna, bæði fyrir lán, er hann

veitti, þegar ekki var í önnur hús að venda, og ekki síður fyrir síglatt viðmót og framkvæmda hvöt. Slíkt verður aldrei fullmetið — í landaurum. Árin kringum 1890 voru hin lökustu, sem yfir þessa byggð hafa komið — að undanteknu árinu 1907, þegar allur jarðargróður fraus; bændur gátu ekki staðið í skilum við verzlunina, og um vorið 1894 flutti Jóhann G. Thorgeirsson til Winnipeg. — B. D. Westmann keypti búð hans og rak verzlun þar til 1918. Á sama tíma og Jóhann G. Thorgeirsson kom hingað Ólafur Jónsson Ólafssonar frá Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu, setti á stofn aktýgjaverzlun og rak þá verzlun í tvö ár; seldi þá verzlunina Þorsteini nokkrum Oddssyni, sem áður bjó á landi úti, en flutti sjálfur til Winnipeg. Ekki rak Oddsson verzlunina hér nema fá ár. Hann flutti sig með hús og búslóð til Binscarth, Man., og nokkrum árum síðar til Winnipeg — Pálmi Sigtryggsson og Helga Runólfsdóttir kona hans höfðu um tíma gistihús í Churchbridge. Eftir fá ár seldu þau það enskum manni og fluttu í burtu. — Magnús Stefánsson Thorláksson og kona hans Monica Einarsdóttir Suðfjörð fluttu hingað frá Manitobavatni 1903 og reistu Hotel í Churchbridge, voru þar um nokkur ár og seldu svo hótelið þýzkum manni. — Þeir aðrir Íslendingar, sem í Churchbridge hafa búið eða enn eru þar, munu nefndir á öðrum stað í sögubrotum þessum.

Sýning hefir verið haldin á hverju ári síðan um árið 1892. Þar hefir verið sýndur allskonar kvikfénadur og alifuglar, hannyrðir, korntegundir og garðávextir þeir, sem hér vaxa. — Jóhannes Einarsson var forseti sýningarnefndarinnar um nokkur ár, og A. O. Olson skrifari nú í seinni tíð.

Skólahús var byggt á fyrstu árum bæjarins. Árið 1913—14 reyndist það alt of lítið; var þá byggt vandað skólahús úr tígulsteini, er mun hafa kostað

um \$8,000. Þar er nú kent, auk vanalegrar alþýðu-skólafræðslu, 9. og 10. stig af miðskólafræðslu.

Lánið. —

Á árunum 1886, þegar verið var að byggja M. and N. W. brautina hingað (nú C.P.R.), þá lánaði það járnbrautarfélag nýbyggjum smá upphæðir til að byrja búskap með. Seinna myndaðist félag, sem nefnt var Canada Settlers Loan and Trust Co., sem lánaði bændunum \$300 til \$400 til að reisa bú á löndum innan vissrar vegalengdar frá brautinni. Auðvitað voru löndin veðsett fyrir skuldinni. Mörgum varð þetta til góðs. Í fyrsta lagi hefðu margir alls ekki byrjað búskap án þess. Og þó margir sleptu löndum sínum og lausafé því, sem enn var óeytt, til félagsins, þá höfðu þeir fengið töluverða reynslu í búnaði. Líka veitti sambandsstjórnin, þeim, sem mistu heimilisrétt sinn á þenna hátt, þau hlunnindi, að mega kaupa 160 ekrur hvar sem þeir fundu heimilisréttarlönd ónumin, fyrir \$1.00 ekruna. Og margir Íslendingar búa nú góðum búskap á þannig keyptum löndum, sem áður gengu í gegn um búnaðarskóla frumbyggjanna í Þingvallanýlendu.

Kirkjumál.

Í Almanakinu 1918 eru taldir upp prestar er komu til bygðar þessarar fram að árinu 1898. Eftir það komu ýmsir af kirkjufélagsprestum hingað, flúttu guðsþjónustur og intu prestverk önnur af hendi. Séra Pétur Hjálmsson var hér fyrir lengri og skemmri tíma hvert ár frá 1902—1906. Árið 1909 var séra Hjörtur J. Leó vígður til Þingvalla og Konkordíusafnaða og þjónaði þeim söfnuðum til vors 1912, að hann fór vestur á Kyrrahafsströnd, en séra Guttormur Guttormsson tók prestköllun hjá þessum söfnuðum og var hér þjónandi prestur þar til í júní 1918.

Í janúar 1898 bættust átta fjölskyldur við Þingvallasöfnuð úr Lögbersnýlendunni og á sama tíma gengu fjórar fjölskyldur í söfnuðinn úr Þingvallanýlendunni, en svo fluttu fjórar á burt. Eru þá eftir í söfnuðinum um alls 30 fjölskyldur — 76 fermdir 86 ófermdir — alls 162. Á þessu tímabili voru allar guðsþjónustur og gleðisamkomur haldnar í Félagshúsinu. En þegar til lengdar lét þótti Lögbergsnýlendumönnum ervitt að sækja samkomur svo langt (12—15 mílur) og fóru fram á að húsið væri fært nær sér, en búendur í suðurbygðinni voru því mótfallnir. Varð það þá að samkomulagi að kirkja yrði byggð í Löbergsnýlendu og fengu þeir nokkurn peningastyrk frá söfnuðinum, en sjálfir lögðu þeir fram fé og vinnu að mestum hlut til kirkjubyggingarinnar, sem byggð var á árunum 1902—4. En þá urðu bændur í suðvestur bygðinni óánægðir og sögðu sig úr Þingvallasöfnuði veturinn 1901. Í október það ár kom séra Jón J. Clemens hingað og dvaldi fram í nóvember, flutti guðsþjónustur og framdi önnur preststörf. Hélt hann þá fund með þeim sem gengið höfðu úr söfnuðinum og varð niðurstaðan, að þeir mynduðu söfnuð út af fyrir sig og skírðu hann Konkordíusöfnuð. Kom sá söfnuður sér upp kirkju 1904. Var sú kirkja vígð 4. júlí 1911, og sama dag fór fram vígsla Þingvalla-safnaðar kirkju í Lögbergsnýlendu og innsetning sér Hjörts J. Leó í prestsembættið hjá þessum söfnuð. Forseti kirkjufélagsins, séra Björn B. Jónsson, framkvæmdi þær vígsluathafnir.

Á safnaðarfundi í Lögbergsnýlendu 12. janúar 1910 lét séra Hjörtur J. Leó í ljós óánægju yfir því að guðsþjónustur væru hafðar í Félagshúsinu í Þingvallanýlendu, þar sem fram færu danssamkomur, átveizlur o. s. frv. Var þá á þeim fundi samþykkt að selja aðalhlut hússins, en laga hinn hlutann (kórinn) fyrir guðsþjónustur eingöngu. En á fundi sem síðar var hafður í Félagshúsinu var hús-

ið selt Goodtemplurum fyrir \$150.00 og samþykkt að byggja nýja kirkju við grafreitinn, sem er í suðausturhluta nýlendunnar; var því kirkjusmið lokið 1911 og vígð sama sumar, og ber sú kirkja nafn safnaðarins. Nú átti þá Þingvallasöfnuður tvær kirkjur og stóð svo þar til í janúar 1914, að samþykkt var að skifta söfnuðinum þannig, að Lögbergsgöðin væri söfnuður út af fyrir sig, ætti kirkjuna sem hjá þeim væri og hétu Lögbergssöfnuður. En suðaustur hluti bygðarinnar héldi kirkju Þingvallasafnaðar og bæri það nafn.

Akuryrkja.

Á árunum 1893—4, þegar mestur var útflutningur hér úr bygðinni, hættu margir af þeim sem eftir urðu við akuryrkju. En á árunum 1901—1902, þegar auðfélögin keyptu hér öll járnbrautarlönd, fóru allir að stunda akuryrkju aftur, af þeirri ástæðu að bændur bjuggust við að öll lönd mundu byggjast þá og þegar og þá eigi nægilegt landrými fyrir nautgripahjarðir þeirra. Síðan hafa nýlendubændur stundað akuryrkju eins mikið og kringumstæður hafa leyft. Eru nú akuryrkjuverkfæri hjá öllum í fullu standi og uppskera hepnast eftir árferði. 5 þreskivélar eru nú í eigu íslenzkra bænda í Þingvallanýlendu.

Lestrarfélag

var stofnað hér í bygðinni á fyrstu árunum. En árið 1894 þegar mestur var burtflutningurinn var það leyst upp. Nokkrum árum síðar var aftur myndað lestrarfélag í austurhluta bygðarinnar og er það enn við líði.

Pósthús.

Á fyrstu árunum fengu Íslendingar póst sinn frá Shelmouth og síðar frá Langenburg. En eftir að Churchbridge bær myndaðist varð hann aðal pósthús bygðarmanna og var Bjarni D. Westmann, póstafréiðslumaður þar til 1896, að við þeim starfa tók A. E. Lewerton, kaupmaður. Þingvallapóst-hús var á stofn sett af Tómasi Pálssyni og var hann fyrsti póstafréiðslumaður í bygðinni. Þá tók við því starfi Thorarinn Normann og síðar Alexander O. Olason um nokkur ár og síðast Magnús Hinriks-son, þar til pósthúsið var lagt niður 1917.

ÁGÚST JÓNSSON.

(1873—1919)

Ágúst Jónsson var fæddur 20. júní 1873 í Lásakoti á Álftanesi. Hann var sonur Jóns Jónssonar og Önnu Þorsteinsdóttur, sem þar bjuggu lengi. Um



fermingu fór hann til Guðjóns Erlendssonar og Valgerðar Jónsdóttur, sem þá bjuggu í Svísholti á Álftanesi, og var hann hjá þeim þar til er hann giftist, árið

1899, Sigríði Erlendsdóttur, dóttur Erlendar Eyólfs-sonar og Margrétar Ingimundardóttur í Skálholti í Biskupstungum.

Árið 1900 fluttu ungu hjónin til Canada og settust að árið 1901, á Bluff, þar sem nú heitir Reykjavík P.O. í Manitoba. Þar vann Ágúst heitinu aðal-
lífsstarf sitt, því að þar bjó hann til dauðadags. Hann byrjaði búskap með tvær hendur tómar, en með dæmafáum dugnaði og hagsýni jukust honum efni, svo að þegar hann dó, hinn 20. febrúar 1919, á miðjum aldri, var hann kominn í allgóð efni; hann hafði hýst vel heimili sitt og átti stórt bú, auk annara efna.

En dugnaður og fjárafli auka því að eins gildi mannsins, að rétt sé með efnin farið. Ef dugnaðurinn og hagsýnin eru einungis í því falin að hrúga saman fé til þess að svala nautnafýsn sinni eða hégómagirni, eða þá að nurla og "grafa í jörð," þá er það ekki þess vert að því sé á lofti haldið.

En Ágúst heitin var eins víðsýnn og félagslyndur eins og hann var duglegur og hagsýnn. Hann var hinn vinsælasti af öllum bygðarmönnum, því að hann var fljótur til hjálpar, hvenær sem á þurfti að halda, og hvarvetna fremstur í félagsmálum og ósérhlífinn í öllu starfi.—Ekki hafði hann notið annarar bóklegrar mentunar en þeirrar, sem krafist er til fermingar á Íslandi; en eg hefi ekki þekt marga ómentaða alþýðumenn sem voru jafn víðsýnir og sanngjarnir í skoðunum sínum.

Ágúst Jónsson var karlmannlegur maður á velli,

hár vexti og svaraði sér vel. Hann var djarflegur í framkomu glaður í viðmóti við alla og spaugsamur. En er hann talaði alvörumál, var hann ávalt berorður og ákveðinn, en þó sanngjarn í samvinnu.

Þau hjónin áttu sjö börn, og eru sex á lífi. Ekkjan lifir mann sinn og býr búi sínu með börnunum. Hún er hin mesta dugnaðarkona og átti sinn þátt í efnalegri velmegun þeirra hjóna. Guðbergur heitir elzti sonur þeirra, og er hann nú fyrir búinu, þótt hann sé að eins tvítugur að aldri.

Adam Þorgrímsson.



Hvers vegna eru jólin 25. desember?

Þótt undarlegt megi virðast, skeytti kirkjan mjög lítið um fæðingardag Krists fyrstu þrjár aldirnar. Mikið var deilt um það hvenær bæri að halda páska, upprisubátíðina, en fæðingardagurinn var ekki haldinn hátíðlegur. Fyrst á fjórðu öld byrjaði kirkjan í vesturhluta rómverska ríkisins að minnast fæðingar Krists 25. desember, og síðar var sá siður tekinn upp í austurhluta ríkisins.

Þessi dráttur getur að eins hafa stafað af því að enginn vissi hvenær hinn rétti fæðingardagur var.

Enginn vissi heldur hvaða ár Kristur var fæddur. Tilraun var gjörð til að finna árið með því að fylgja bendingum tveggja tilvitnana í Lúkasar guðspjall, sem skýra frá, að Jesús hafi verið um þrítugt á fimtánda stjórnarári Tíberíusar keisara. En lítil hjálp er að tilvitnunum þessum, því guðspallamaðurinn getur ekki nógu nákvæmlega um aldur Jesú, segir aðeins, að hann hafi verið um þrítugt. Og sé það rétt, sem hann segir, hlýtur Jesú að hafa fæðst árið eitt eða tvö samkvæmt voru tímatali. Það er áreiðanlegt að Jesús hefir fæðst fyr en þetta, því að Heródes, sem nefndur er hinn mikli dó um vorið á fjórða ári áður en vort tímabil hefst og öllum fræðimönnum ber saman um að Jesús hafi fæðst í hans stjórnartíð. Það er þess vegna óvíst hvert ár hann hefir fæðst, en að líkindum hefir það verið einu eða tveimur árum áður en Heródes dó, eða 5 til 6 árum áður en tímatal vort bendir til.

Sama óvissan er með fæðingardaginn og mánuðinn. Clemenz frá Alexandríu, sem dó árið 220

getur um ýmsa mánaðardaga, sem menn þá héldu að væru fæðingardagur Kristis, 18. eða 19. apríl og jafnvel 29. maí. Hippolytus frá Romaborg, sem var uppi nokkru síðar telur fæðingardaginn og árið vera 25. desember á 42. ári Ágústusar keisara. En þetta er alt ágizkanir. Hefði kirkjan vitað hvenær fæðingardagurinn var, þá hefði verið haldin fæðingarhátíð, og hefði fæðingarhátíð verið haldin, þá hefði þessi ruglingur með fæðingardaginn ekki getað átt sér stað.

Jólahátíðin var fyrst og fremst hátíð hinnar vestur-rómversku kirkju. Margar tilgátur eru til um það hvers vegna kirkjan valdi 25. desember. Ein er sú að hin heiðna Satúrns-hátíð hafi ráðið deginum. Satúrns-hátíðin var haldin í Rómaborg seint í desember. Þá höfðu þrælur málfrelsi og athafna frelsi, vinir skiftust á gjöfum og borgarstrætinn voru full af hátíðabúnu fólki. Allmikið slark og lauslæti átti sér stað í sambandi við hátíð þessa. Hátíð þessi var eflaust haldin til minningar um löngu liðna gullaldartíð, þegar allir menn voru frjálsir og jafnir. En Satúrns-hátíðin varaði aðeins frá 17. til 23. desember og náði ekki til dagsins sem síðar var tekinn upp sem jóladagur. Enginn vafi er á því að sumir jólasíðir, svo sem það, að gefa gjafir, eiga rót sína að rekja til þessarar rómversku fornhatíðar, en næsta ólíklegt er að hún hafi ráðið valinu á deginum.

Þá er önnur tilgáta um uppruna jólanna, sem telur þau vera áframhald í kristnum sið af heiðnu hátíðinni *Natalis Invicti* (fæðingardagur hins ósigraða sonar) er var haldin um vetrarsólstöður samkvæmt rómversku tímatali. Þessi tilgáta er sennilegri en hin fyrri, en verður þó ekki tekin gild án frekari íhugunar.

Sleppi maður í bili þessu hátíðahaldi kirkjunnar

í vesturhluta rómverska ríkisins og snúi sér að austurhlutanum, þar sem grískan var málið, kemst maður að þeirri niðurstöðu, að þar einnig var hátíðahald, sem, ef til vill hefir haft áhrif á jólahátíðina. Austuræna kirkjan hafði hátíðahald 6. janúar, sem var kallað vitrunarhátíð. Þessi hátíð var óþekt í vesturænu kirkjunni. Það er unt að fá útskýringu bæði á þessari hátíð og hátíð vesturænu kirkjunnar 25. des. sem gjörir grein fyrir báðum. Í bók eftir kaþólskan prest, *Duchesne* að nafni, sem nefnist "Uppruni og þroskun kristilegra kirkjusiða" er þetta gjört. Bókin er ágætlega samín og dregur í engu taum kaþólsku kirkjunnar.

Samkvæmt skoðun þessa lærða, kaþólska höfundar er líklegt að fæðingardagur Krists hafi verið áætlaður þannig að leggja þann dag, sem var álitinn að vera dánardagur hans til grundvallar og á þann hátt mátti fá tiltekinn árafjölda. Þar sem engin víska var um dauðadag Krists var hann áætlaður ýmist 21. marz, 13. eða 19. apríl og jafnvel enn aðra daga. 25. marz var samt sem áður almennast viðurkendir. Hippolytus og aðrir rithöfundar fastsetja dauða Jesú það ár er 14. dagur hebreska mánaðarins Nisan bar upp á föstudag 25. marz. En þau árin, sem þetta gat átt sér stað, er aldur pásكاتunglsins því til fyrirstöðu að það hafi verið dagurinn er Kristur var krossfestur. 25. marz getur ekki hafa verið dánardagur Krists, og eina ástæðan til þess að sá dagur var valinn var sú, að vorjafndægur voru þann dag samkvæmt þá gildandi tímatali og að sköpun heimsins átti að hafa skeð þann dag. En út frá þeirri staðhæfingu, að Kristur hafi dáíð 25. marz var sú staðhæfing gjörð, að holdtekja hans hafi hlotið að ske 25. marz. Og með því að reikna í jöfnum tölum frá þeim tíma, því symbolík kirkjunnar tekur aðeins

jafnar tölur til greina, hlýtur Kristur að hafa fæðst 25. desember.

Hin sama stjörnufræðilega og symbolíska aðferð útskýrir 6. janúar sem var dagur opinberunarhátíðar austrænu kirkjunnar, er þá mintist fæðingar og skírningar Krists ásamt heimsókn vitringanna. Sé nú talið til baka frá þessum degi níu mánuði, þá höfum við 6. apríl. Hvaða merkisdagur var 6. apríl í austrænu kirkjunni?

Kirkjusögu höfundurinn Sozomen minnst á trúflokk, sem hét Montanistar, og hélt páskahátíðina þennan dag. Fjórtán dagar aftur á bak frá 6. apríl og við höfum 24. marz, vorjafndagur, samkvæmt þeirra tímatali og einnig sköpunardag heimsins. 6. apríl var fyrsta fullt tungl hins fyrsta mánaðar. "Gríska fæðingarhátíðin, 6. janúar," segir Duchesne, "er þannig í sambandi við þennan páska útreikning, sem er grundvallaður á stjörnufræðislegum athugunum samskonar og þeim, sem ég hefi leitast við að fastákveða 25. desember sem fæðingardag Krists með."

En þótt þessum fræðimanni virðist þetta sennilegasta niðurstaðan neitar hann því ekki að hið forna, heiðna hátíðahald hafi ekki haft nokkur áhrif á gjörðir kirkjunnar í þessu efni.

*Hversvegna Carnegie mundi eftir**THOMAS BURT.*

Nafnkunnari menn eru til á styrkþegaskrá Carnegies heldur enn fyrrum ráðgjafi, *Thomas Burt*, en enginn þeirra á sér ef til vill, annan eins uppgangsferil og hann og jafn vel fallinn til að vekja áhuga og samúð hins mikla "sjálfmannaða" stálkonungs.

Thomas Burt er nú svo aldraður, að núlifandi kynslóð man hann varla, né þann tíð, er hann var talinn með hinum nafnkendustu mönnum á Bretlandi hinu mikla, en maklegt er að minnst þess, að hann var fyrsti verkamaður, sem komst á þing og hinn fyrsti, sem hóf sig úr kolapytti upp í stjórnarsess í ríkisráði Englakonungs.

Thomas Burt fæddist fyrir 82 árum síðan í sótu-ugum kofa kolanámumans, Péturs Burt í Norðymbrulandi, og 10 ára gamall var hann settur til vinnu fyrir fárra pence laun á dag og gerður "ökudrengur" niður djúpi námanna og ól aldur sinn neðan jarðar næstu 18 árin að mestu leyti. Á þeim tíma fékk hann tvö ár alls uppfræðslu í barnaskóla þorpsins. Það var allur skólagangur hans um dagana.

Hann var 22 ára að aldri og verkamaður í nám-unum, þá er hann fór fyrst að eiga við almenningsmál. Hann gerðist þá ritari án launa, Norðursambands Bindindisfélaganna. Félög þessi voru að mestu merkamenn í kolanámum, og héldu að ekkert væri skaðlegra námamönnum enn áfengisnautn. Í þessari stöðu varð Thomas Burt handgenginn ritara-störfum og sömuleiðis fundarsköpum og fundarstjórn,

og fórust störfin svo vel úr hendi, að hann gerðist þar næst ritari Námumannafélags - Norðymbrulands. Hann aflaði sér í þessari stöðu svo mikils orðstírs, að hann varð til þess að koma honum á þing seinna. Hann hafði ekki lengi verið í ritarastöðunni og var ekki nema 27 ára gamall, þá er verkfall mikið bar að hendi. Í Námumannafélaginu voru þá ekki nema 4000 manns og á bankanum ekki nema 230 sterlingspund í verkfallssjóði. Ritari félagsins, þótt ungur væri, beittist fyrir öllum málum. Hann fékk marga til að ganga inn í félagið, var sér út um styrk frá öörum félögum og um það leiti, sem verkfallið vanst, því það vanst undir forustu hans, voru í sjóði 700 sterlingspund á bankanum í reiðupeningum. Verkamenn réðu af að koma honum á þing fyrir þessi afrek og gerðu það 1874. Önnur eins kosningaúrslit voru eins dæmi og vöktu eftirtekt manna að sama skapi. Thomas Burt sómdi sér yel í þingsætinu, svo að aldrei hefir maður, er skákað hefir verið þann veg í sess, sem hann á raunar ekki heima í, sómað sér betur. Hann fór aldrei með smjaður né oflæti, var frá fyrstu kurteis og virðulegur í framgengni, sóttist hvorki eftir að vekja athygli manna á sér né fældist eftirtekt manna, heldur fór í öllu að eins og það tíddist helst í heimi, að kolanámumenn væru kosnir á þing. Hann hlaut virðingu og traust allra þingflokka þegar frá byrjun og hefir haldið því til þessa tíma eftir meira enn 45 ára óslitna þingmennsku í neðri málstofunni. Hann var þingmaður fyrir *Morpeth* allan þann tíma.

Thomas var einn af fulltrúunum, sem sendir voru af hálfu Breta á alþjóða verkamannafundinn í Berlin, er Vilhjálmur keisari kallaði saman með keisaralegu boðsbréfi 1890 og rak í svo raunalegt strand og þeir keisarinn og Bismarck urðu svo saupsáttir út af, að þar af gerðist yfirvarpið fyrsta til þess að

"hleypta hafnsögumanninum (Bismarck) niður". Hann var ritari Námuannafélags-Norðymbrulands yfir 40 ár. Hann sat í nokkur ár í stjórninni, því hann var þingritari iðnnefndarinnar. Hann var gerður ríkisráðherra árið 1906 og háskólinn í Durham veitti honum sína æðstu heiðursnafnbót, D. C. L.

Hann var maður allvel að sér fyrir margra ára lestur og góða gaumgæfni, þótt hann hlotið hefði litla skólatilsögn, og ritaði af og til greinar í helztu tímarit á Englandi.

Þegar á Thomas Burt er minnst og fyrstu kosning hans fyrir Morpeth, er það og frásöguvert, að hann tók við kjördæmi Sir George Grey, afa Grey lávarðs, sem nú er af Felloden, sem kunnari er af heitinu, Sir Játvarður Grey, og lengi var utanríkismálaráðgjafi (og bráðum á að verða sendiherra Breta hjá Bandaríkjunum). Frámunalegri breytingu var varla hægt að hugsa sér, heldur enn kjósa fyrverandi "ökudreng" í kolanámu, son lísilfjörlegs kolanámumanns í sæti það, sem fornkynjaður Whig-höfðingi hafði í setið og kominn var af einni hinna hágöfgustu lávarðsætta Englands.—*Þýtt.*

Tilviljanir

eða hversu hugvitsmönnum renna ráð i hug.

Þegar það kom út, að Ameríkanskur hugvitsmaður hefði fundið aðferð til að búa til stál án þess að breyta steypijárni í smíðajárn, þá þóttu það undra tíðindi. Hitt voru þó í rauninni meiri býsn að það fanst af tilviljan einni. Maðurinn var í rauninni að reyna að búa til demanta. Eitt sinn tæmdi hann buggler sitt til að ná úr því broti af hnífsblaði, er brotnað hafði og lent inn í belginn. Hann hugði að brotið myndi ónýtt orðið, en fann í stað þess, að það hafði breytst í stál af beztu tegund. Síðan tókst honum með tilraunum að þekkja málmblendinginn, sem myndaðist í járninu við kyngikraftinn í bugglerinu. Fundur hans var tekinn til hagnýtingar og nú er mælt, að afar þanþolið stál sé búið til fyrir minna en 2 pence pundið.

Roger Bacon var að leita að steini heimspekinga, þegar hann fann samsetning byssupúðurs, og *Balticher* var að setja saman jörð og leir í þeim vændum að búa til efni í deiglu, er gæti staðist þann ofsahita, er hann ætlaði sér að viðhafa í alkemískum tilraunum, þá er hann fann leyndardóminn að búa til postulín. *Glauber* var í leit að samskonar töfrum, þá er hann fann meðalið, sem nú er alþekt um allar álfur og heitið eftir honum, *Glauberssalt*. *Galilei* var hinn mesti hugvitsmaður og fann upp marga þarflega hluti. Honum hugkvæmdist að nota lögmál pendúlsins til margra þarflegra hluta, af því að athuga hreifingu ljóshjálms, er sveiflaðist fram og til baka í ítalskri kirkju, þá er hann var þar við messu.

Kloroformið fanst og fyrir tilviljan 1831. Nokkrir fræðimenn héldu fund með sér til að reyna að finna lyf, sem hafa mætti í stað *ethers*, því ilt orð var komið á hann fyrir æðimörg manslát, er orsakast höfðu fyrir kærulausa brúkun á honum. Þeir reyndu alla hluti, sem þeim þótti líklegt að gæti komið í stað hans, en kom fyrir ekki og þeir voru komnir að uppgjöf og orðnir vonlausir, þá er svo vildi til, að einn þeirra, sem var að handleika glösin í efnaprófstofunni, hafði hönd á dálítilli flösku með dökkleiturum legi í. Hann tók hana og helti dálitlu úr henni í prófstaup þeirra féлага og svo fóru þeir að þefa í því. Þeir urðu allir óvenjulega hýrir við fyrst í stað, en svo liðu þeir út af meðvitundarlausir einn á fætur öðrum. Þetta var fyrsta brúkun kloroformsins. Höfundarnir vissi ekki efna samband svefnlyfsins fyr enn þeir röknuðu úr rotinu eftir fyrstu inn-tökuna.

Í fyrstu var lampinn ekki nema kveikur látinn í lýsisker. Lampaglerið var tekið upp síðar og atvik-aðist af tilviljan. *Argund*, sem tók upp lampareyk-háfinn, hugkvæmdist hann af því að sjá til bróður síns lítils. Drengurinn var að leika sér í vinnustofunni að því að setja ólíuflösku sem botninn var úr, yfir ýmsa hluti. Alt í einu skákaði hann flöskubolnum yfir lampaljósið. Kveikurinn var mátulegur í flösku-botninn og ljósinu skaut upp langan sívalann flösku-hálsinn með miklu skærri birtu en áður. Atvikið var bein opinberun, enda var lampareykháfurinn fundinn upp nærri samstundis og varð óðara algengur.

Fundur miðskurðaprentsins (*Messotint*), sem tekið var fyrst upp á Bretlandi af *Rupert* fursta, var að þakka hugmynd, sem furstanum flaug í hug af því að sjá til eins af hermönnum sínum fægja riffil, er staðið

hafði úti í regni yfir nóttina. Hann neri ryðblettina með hördúk og þá kom ryðfar eftir þá í dúkinn. Furstanum flaug þegar í hug að þetta mætti hagnýta í þjónustu prentiðnar og setti iðnmenn nokkra til að gera tilraunir í þá átt, með þeim árangri að miðskurða aðferðin fanst er menn eiga að þakka ein hin fegurstu listaverk.

Þá er enn firðsjáin fundin fyrir tilviljan af hollenskum sjáglerasmið í fyrstunni. Börn hans voru eitt sinn að leika sér í vinnustofu hans, dóttir hans lítil hafði þá hönd á tveim glerum, er lágu þar á borði. Hún lagði þau saman og leit í gegnum þau á kirkjuturninn og var svo bilt við að sjá hann nær sér, en hana varði, að hún hljóðaði upp yfir sig. Faðir hennar gekk á hljóðið til að vita hverju það gengdi, og varð ekki minna hissa. En hann ígrundaði það og bjó firðsjána til upp úr því fyrir leikfang

Tilviljaninni er líka að þakka fundur steinprentlistarinnar (Lithography). *Senefelder*, sem fann hana upp, var ekki við eina fjöl feldur, því hann var á æfinni pentari, förusali, prentari og leikari. Hann vann við etugróft í eir, þegar hann rakst á að finna upp steinprentlistina. Kaupmaðurinn, sem hann verzlaði við, vildi ekki láta hann fá fleiri eirplötur, nema hann borgaði þær út í hönd, og þá tók hann það til bragðs að má gröftinn af gömlu plötunum og hafði þær upp aftur, þangað til þær urðu of þunnar. Þá reyndi hann að etugrafa stein. Eitt skifti var hann að búa stein undir gröft, þá bað móðir hans hann að gera lista yfir þvott handa þvottakonunni, er beið. Hann skrifaði listann með prentsvertu á steininn. Þegar hann ætlaði að fara til að taka eftirritið af, þá flaug honum alt í einu í hug, að það kynni að vera snjallræði að rita á steininn með sér-

stöku bleki og etja hann á eftir með saltpéturssýru. Hann reyndi það og fann með því upp steinprentið.

Nú á dögum mundi fólk þykjast svift einum helstu þægindum lífsins ef hætt væri að nota mjúk og hlý ullarrúmteppi í vetrarkuldanum. Sú var samt tíðin, er ullarrúmteppi þektust ekki, og við eigum þau hugviti fátæks manns að þakka. Fyrir nokkrum hundruðum ára var maður nokkur á Englandi, sem misti aleigu sína og varð blásnaður. Vetrarnótt eina kalda árið 1340 tók hann stykki af grófum ullardúk og breiddi ofan á sig í rúminu, og það varð til þess að honum datt í hug að fara að búa til ullarrúmteppi. Nafn mannsins var Thomas Blanket og ávalt síðan hafa ullarrúmteppi verið kölluð "blankets" á ensku máli.

Ný hveititegund.

Mælt er að Lúther Burbank, hinum heimskunna garðyrkjumanni í Kaliforníu hafi tekist að framleiða nýja tegund af hveiti. Þessi nýja hveititegund er árangurinn af ellefu ára tilraunastarfi. Kostir þess eru sagðir vera þeir, að kornin eru stór og hörð, og mjölið úr þeim er hvítt og gott. Hveitið er og auðugt af plöntulími og nær fullum þroska fyrir en nokkur önnur tegund, sem Burbank hefir gjört tilraunir með. Hvort þetta hveiti reynist eins vel í öðru loftslagi en því, sem er í Kaliforníu, er enn ekki vist, en hitt virðist fullreynt, að þar muni tilraunir Burbanks koma að miklum notum.

Þessi tilraun er að eins ein af mörgum, sem hafa sannað, oft af tilviljun, að mögulegt er að gjöra umbætur á verkum náttúrunnar. Margir eru orðnir því vanir að skoða vissa hluti sem óumbreytanlega. Þeir skoða mörg óþægindi og jafnvel sumt sem er ilt sem óhjákvæmilega hluti, rétt eins og römmustu forlagatrúarmenn í Austurlöndum. En meðan þessir menn hafa verið að reyna að haga sér eftir því sem þeir kalla rás viðburðanna, hafa Burbank og aðrir verið að reyna að laga ýmislegt í náttúrunni, sem er óæskilegt frá sjónarmiði mannanna. Burbank var þeirra skoðunar, að rósir gætu verið til án þyrna og að það mætti framleiða frælausar appelsínur. Hann gerði ótal tilraunir með óþreytandi þolinmæði og vann sigur. Það sem virðist vera ómögulegt verður mögulegt, þegar menn hafa trú Burbanks á mögulegleikum þess er þeir vilja gjöra og iðni hans. Það virðist sem að böendurnir ætli að fara sanna vísindalega það sem guðfræðingarnir hafa reynt að sanna, sem sé að hið bogna verði gjört beint, eins og spámaðurinn komst að orði.

Pögnin er hvíld.

Eitt sinn var gamli Commodore Vanderbilt—sá er lagði grundvöll hinna miklu Vanderbilt auðæfa—spurður að, hver væri hinn "leyndi lykill" að því að geta látið fyrirtækin hepnast, svaraði hann stuttaralega: "Haltu saman á þér munninum".

Að tala of mikið hefir reynst fótakeffi mörgum í viðskiftalífínu og á öðrum svæðum. Að vita hvenær skal segja og hvenær að þegja, er háð dómgreind hinna vitru. Af því að tala er svo auðvelt, en að þegja svo miklum erviðleikum bundið.

En svo geta menn farið of langt í því að benda á verðmæti þagnarinnar. Enski spekingurinn, Thomas Carlyle sagði að á Englandi væru 30 miljónir fólks, sem að mestu leyti væru fífl, og aðal-ástæðan fyrir þeirri staðhæfing var sú, að enskt fólk væri svo opinskátt—talaði of mikið. En Carlyle vissi gildi þagnarinnar, jafnvel þó hann væri framúrskarandi áhrifamikill í viðtali. Sú saga er sögð, að það hafi komið fyrir eitt sinn er skáldið og heimspekingurinn Emerson heimsótti Carlyle til Skotlands, þá hafi þeir setið saman heila kvöldvöku án þess að segja aukatekið orð hver við annan. Og þegar gesturinn stóð upp til að fara, staðhæfðu þeir hvor við annan að þessi kveldstund hefði verið þeim til mikillrar ánægju og uppbyggingar og þökkðu hver öðrum í einlögni samveruna.

Ekki að vigta börn.

Algengar hégiljur, sem möðrum þykir gaman að lesa.

Það er ekki nema eðlilegt, að ósköpin öll sé til af alþýðutrúarkreddum um börn og eins um hjúskap og andlát. Þær eru á hvers manns vörum og mjög hinar sömu víðast hvar í heiminum.

Það er t.d. haldið, að óheill sé að því, að vigta börn, fyr en þau eru árgömul. Þetta er algeng trúá

með mæðrum um allan heim, og svo mikið kveður að henni víða á Bretlandi, að mæður eru móti því að láta vega börn sín, fyr enn þau eru hálfmánaða gömul.

Önnur bábilja er það að standi óheill af því að klippa börnum neglur fyr enn þau séu árgömul. Mæður eiga að bíta af nöglunum, verði þær oflangar, því börnin verði þjófar, þegar þau komast upp ef neglurnar eru kliptar. Á Norður-Englandi er það trúá mæðra, að börn verði beztu söngmenn ef afklippurnar af nöglunum eru grafnar undir eskiviði, í fyrsta skifti og neglur eru kliptar.

Ef börn eiga að verða lánsmenn, þá verða þau að fara upp en ekki niður í fyrsta sinn og þau fara út úr herbergi því, sem þau fæddust í. Þegar herbergið er á efsta lofti, sem oft ber við, þá er leyst úr vandanum með því að stóll er settur í gáttina og ljósmóðirin stígur svo upp á hann, þegar hún fer út með barnið á armi sér. Margar kreddur eru til um barnaföt og hvernig eigi að fara í þau. Í fyrstu fötin á að færa fæturnar fyrst í og draga fötin svo upp um barnið en ekki steypa þeim yfir höfuð þess, því ella gengur gifta þess saman að góðum mun. Víða á meginlandi Norðurálfu eru rauð bönd höfð um ökla barna til þess að varna slysum.

Það er ein kreddan, og alveg eins algeng og sú að vigta ekki börn, að vaggi maður tómri vöggu, þá vaggi maður barni í hana.

Líka er það algengt að mæður láta tengur eða hnífa í vöggu barna sinna til verndar þeim.

Hvers vegna giftist fólk?

Eitt af því sem enginn, hvorki maður né kona, getur gjórt skynsamlega grein fyrir er það, hvers vegna hann eða hún leggur ástarhug á eina sérstaka konu eða mann meðal allra sinna vina og kunningja. Emerson likti samhygð meðal manna við hinn undursamlega og óskiljanlega samdrátt efnanna. Þegar um sanna ást er að ræða, er aðdráttaraffið milli elskendanna ómótstæðilegt og það er hið eina sem þeim er ljóst. "Eg veit það eitt að eg ann þér heitt, og einskis um þig spyr", eru orð, sem hver sá sem elskar getur tileinkað sér.

Prófessor Walter M. Gallichan segir í bók sinni um sálarfræði hjónabandsins, að engin innskoðun geti leitt í ljós, hvað ástin sé. Schopenhauer, sem var nafnkendur heimspekingur, hélt því fram, að líkamlegar orsakir lægju til grundvallar fyrir ástinni milli karls og konu. Það, að líkindum er að nokkru leyti satt, þótt óafvitandi sé; en á meðal mentaðra þjóða að minsta kosti er ástin að miklu leyti andlegs eðlis og oft mjög margbrotin.

Eftir því sem mannfélagið fjarlægist meir sitt upp-runalega, náttúrlega ástand, verða mögulegkarnir fyrir algjörlega náttúrlegu vali færri. Hrein, óblandin ást er engan vegin algengasta orsök til hjónabands; það eru margar aðrar orsakir, sem knýja bæði menn og konur nú á tímum til að giftast.

Tilgangurinn er ekki sá sami hjá karlmönnum og kvenmönnum. Konur, sem vilja komast hátt í heiminum og nenna ekki að vinna, krækja sér oft í auðuga menn, án þess að þær séu ástfangnar af þeim. Og ófríðar konur, sem ekki hafa getað náð í þá, sem þær hefðu helzt kosið, giftast oft út úr hreinni örvæntingu hverjum sem þær geta náð í, þegar þær sjá, að ekki er eftir neinu betra að biða. Sumar ungar stúlkur giftast af æfintýralöngun og nýungagirni þeim fyrsta sem býðst, sé hann annars ekki alveg óhæfur. Hjá öðrum aftur er sterk móðernisþrá, sem knýr þær til að giftast án verulegrar ástar.

Þá eru enn þá aðrar, sem giftast af eintómri hlýðni við siði og venjur og það á ekkert skyldara við ást en hver önnur óafvitandi hlýðni við það sem fjöldinn skoðar rétt. Og aftur er hjónabandið í augum sumra kvenna tilraun til að losast við erfiðleika við að hafa ofan af fyrir sér eða þreytandi heimilislíf.

Hjá karlmönnum eru ástæðurnar færri. Karlmaðurinn er efnalega sjálfstæðari, og þess vegna hafa hagsmunir lítil áhrif á hann, sé hann á annað borð fær um að vinna fyrir sér, þótt hann ef til vill kjósi sér heldur auðugt kvonfang.

Karlmaður, sem giftist að eins til þess að ná í peninga, fylgir vitanlega engu eðlilegu vali. Ágirnd eða leti eru hvatirnar, sem koma honum í hjónabandið. Að giftast til þess að ná sér í duglega ráðskonu eða matreiðslukonu, sem svo þarf ekki að gjalda kaup á ekkert skylt við ást; það mætti kalla hyggindi, sem í hag koma.

Menn lengjast á nóttunni en styttest á daginn.

Ef lágir menn vilja bæta nokkrum þumlungum við hæð sína, þurfa þeir ekki annað en að liggja í rúminu. Ekki verður sagt með sanni að það sé of erfið. Englendingur nokkur uppgötvaði þetta fyrstur manna, en franskur læknir gjörði síðan tilraunir til að sanna að þetta væri rétt. Eftir heils árs tilraunir komst hann að þeirri niðurstöðu, að hann gæti bætt þremur áttundu af þumlungi við hæð sína yfir nóttina, en að hann styttest næstum jafn mikið yfir daginn. Útskýringin á þessu er mjög einföld og sennileg:

Á milli hryggjar liðanna er efni, sem hefir all mikið fjadurmagn; aðskilur það beinin hvert frá öðru og tengir þau um leið saman. Þetta efni veldur því að unt er að beygja hrygginn á allar hliðar, án þess þó að beinið sjálft verði fyrir nokkurri sveigju. Þegar maður stendur uppréttur, ber hryggurinn þunga höfuðsins (og er sá

Þungi ekki lítill, þegar um þá er að ræða, er hafa stór heilabú) og þá þrýstist hryggurinn saman. Þegar aftur á móti þungi höfuðsins hvílir ekki á hryggnum, lengist hann við það að efnið milli liðanna þenst ofurlítið út. Þetta er ástæðan til þess að hryggurinn lengist á nóttunni, þegar líkaminn liggur flatur en styttist aftur á daginn.

Þeir sem hafa legið lengi veikir sýnast oft hærri þegar þeir standa upp úr legunni, og því meira sem ung börn hvílast, því fljótar vaxa þau.

Hundadagar.

Þeir eru svo nefndir af heimsku og hjátrú.

Forn Rómverjar kölluðu sex eða átta heitustu daga ársins hundadaga (caniculares dies). Samkvæmt hugmynd þeirra var það að þegar hundstjarnan (Sirius) kom upp samtímis sólunni, þá varð veðrið heitara. Hitinn stafaði því bæði frá sólunni og stjörnunni.

Hundadagarnir hjá Rómverjum voru frá 3. júlí til 11. ágúst. Sumir töldu þá frá 24. júlí til 1. september.

Sírius (hundstjarnan var svo nefnd sökum þess að hún var bjartasta stjarnan í stjörnu þyrpingunni "Stærri hundurinn" (Canis Major).

Silki.

Silkiþráður er allra þráða beztur. Silkivefnaður komst fyrst á fót í Kína, meira en 3000 árum fyrir fæðingu Krists. Síðar komst hann á í Indlandi og í Japan og loks í Norðurálfunni um 552 e. K. Þar sem silki er ofið er þrifnaður fyrsta skilyrðið. Verksmiðjurnar eru hreinsaðar með afar mikilli nákvæmni, til þess að hafa alt sem hreinast. Kína framleiðir enn þá meira silki en nokkurt annað land, þaðan hafa verið flutt út yfir 25 miljón pund af óunnu silki á einu ári. Kjólar ríkra kvenna hér í Ameríku eru, að efninu til, búnir til af silkiormum, sem starfa hvíldarlaust hinumegin á hnettinum meðan við sofum.

Smávegis.

Það er eftirtektarvert hversu margar stórorustur hafa verið háðar á sunnudögum þannig t. d. var orustan við Salamanca háð sunnudaginn 2. júlí 1812; orusturnar við Vimiers, Tuentes d' Onoro, Cindad Rodrigo, Othez, Toulouse og Vittoria voru háðar á sunnudögum og voru þeir dagar nefndir hinir blóðugu sunnudagar Wellingtons. Waterloo orustan var einnig háð á sunnudegi. Paarderberg orustan í Búastríðinu var háð sunnudaginn 18. febrúar 1900 og skæðasta orustan við ána Aisne í ófriðnum mikla, var sem menn muna, háð sunnudaginn 20. sept. 1914.

Í mörgum gosbrunnum eru pípurnar, sem vatnið rennur út um, gerðar í líkingu við ljónsmunn, og er orsökkin til þess sem hér segir. Meðal Forn-Egypta var vatnsvöxturinn í ánni Níl langmerkasti viðburðurinn á árinu, vegna þess að öll velgengni þjóðarinnar hvíldi á honum. Áin flóði yfir bakka sína á hverju ári, þegar sólin var í ljónsmerki, og þess vegna notuðu Egyptar ljónsmynd sem merki hins frjógandi vatns, sem flæddi yfir landið.

Bóndi nokkur í Berkshire, Massachusetts setti upp fuglahræðu á akri sínum rétt við járnbraut. Vélameistarar og kyndarar á lestum, sem framhjá fóru, léku sér að því að kasta kolamolum í hræðuna, og á þann hátt eignaðist bóndi meira en tvær smálestir af kolum eftir sumarið.

Hvers vegna er sunnudagurinn fyrsti dagur vikunnar?

Sabbatsdagur Gyðinga var sjöundi dagur vikunnar, hvíldardagurinn, sem kom á eftir erfiðisdögum sex. Sunnudagurinn var fyrsti dagur vikunnar og var haldinn

helgur til minningar um upprisu Krists. Þess vegna er hann einnig kallaður drottinsdagur. Í Postulasögunni 20,7 er skýrt frá því að lærisveinarnir hafi komið saman á fyrsta degi vikunnar í Tróas, til þess að brjóta brauð. Justin píslarvottur, einn hinna fyrstu kristnu höfunda, segir að kristnir menn hafi komið saman fyrsta dag vikunnar vegna þess að Guð skapaði heiminn og Jesús reis upp frá dauðum á þeim degi.

Hversu langt getum við séð? Það fer eftir ýmsu t.d. hversu hreint loftið er, hæð hlutarins, sem á er horft, ljósmagninu og hæð augans yfir sjávarflöt, Maður, sem er 5 feta hár, getur séð hálfu þriðja mílu vegar út á sjóinn, ef hann stendur á ströndinni; sex feta hár maður sér þrjár mílur; af þakinu á hun rað feta háu húsi má sjá þrettán mílur, og af tindinum á þúsund feta háu fjalli sést fjórutíu mílur. Flugmaður, sem flýgur í einnar mílu hæð fyrir ofan sjávarflöt sér alt hringinn í kringum sig í níutíu og sex mílna fjarlægð. Mílu hátt fjall sést úr níutíu og sex mílna fjarlægð sé loft hreint og ljósmagnið nógu mikið.

Prófessor D'Arcy Thompson, sem er nafnkendur fiskifræðingur, sagði nýlega í fyrirlestri, sem hann hélt í Lundúnum, að hvalir hefðu einu sinni gengið á fjórum fótum. Hvalir, sagði hann, að hefðu upprunalega haft fjóra útlími, en að afturlímirnir hefðu horfið með tímanum. Endur fyrir löngu gengu forfeður hvalanna á fjórum fótum eitthvað líkt því og selir hreyfa sig nú á hreifum sínum.

Þegar 365 dagar eru í árinu endar það æfinlega sama vikudag og það byrjar.

Kyrrahafsstrandar járnbrautin í Mexíkó er sex þúsund mílur á lengd, en það er fjórum sinnum meiri vegalengd en lengd allrar austurstrandarinnar meðfram Mexíkóflóanum.

Í Cuba er til krabbategund er lifir á þurru landi og getur farið hraðar en hestur eða strútur.

Lægsti landblettur í Bandaríkjunum er í Dauðadalnum svo nefnda í Kaliforníu og er 276 fet fyrir neðan sjávarflöt.

Í Babýlon til forna var það siður við giftingar, að presturinn sleit þráð úr klæðum brúðarinnar og annan úr klæðum brúðgumans, hnýtti þá saman og gaf brúðurinni til merkis um sameiningu hennar og mannsins. Þaðan er komið enska orðatiltækið, að hnýta hnútinn (tying the knot), sem þýðir að gefa saman í hjónaband.

Í Japan er öll upphæðin sett efst á reikninginn og sundurliðunin fyrir neðan.

Ostrur geta lifað 20 ár, en beztar eru þær til fæðu um það leyti og þær eru 5 ára gamlar.

Ástæðan til þess að fuglar detta ekki af prikum sínum eða trjágreinum, þegar þeir sofa, er sú að tærnar á þeim geta ekki opnast þegar fóturinn er kreptur.

Hringar eru vanalega bornir á græðifingri vinstri handar vegna þess að sá fingur er minst notaður og vinstri höndin minna en sú hægri.

Á Íslandi eru allir bolvetlingar með tveimur þumlium, til þess að hægt sé að smeygja þeim tafarlaust á hendurnar, þegar út er komið, án þess hygga þurfi að hver eigi upp á vinstri eða hægri hönd. Hér eru þeir með einum þumli.

Frakkar taka meira í nefið en nokkur önnur þjóð í Norðurálfunni — nema ef vera skyldi Íslendingar.

Skrítlur.

Prestur nokkur hafði miklar mætur á ógnar sterkri tegund af pækli (pickles) og hafði ætíð í förum sínum á ferðalagi flösku með honum í. Eitt sinn er prestur á ferð og tekur miðdagsverð á gestihúsi og setur flöskuna fyrir framan sig á borðinu. Ókunnur maður sest við borðið hjá presti og er honum borinn matur, biður hann prest að réttu sér pækil-flöskuna. Það hlakkaði í prestinum, því hann hafði gaman af að sjá hvernig manningum yrði við, þegar hann bragðaði á innihaldinu og réttir honum flöskuna með allri hæversku. Eftir fáein- ar mínútur, sér prestur að vatn streymir úr augum manns- ins og hann getur naumast náð andanum.

Eftir að maðurinn hafði náð sér aftur nokkurn veginn, ávarpar hann prest:

"Eg get mér til að þér séuð prestur".

"Já, vinur minn, það er eg".

"Eg geri ráð, fyrir að þér flytjið prédikanir?"

"Já, herra minn, eg prédika tvisvar á viku".

"Prédikið þér nokkur tíma um hinn eilifa helvítis eldinn?"

"Já, eg álit það skildu mína, svona stundum, að minna söfnuðinn á hina eilífu refsing".

"Eg hélt svo hlyti að vera. En þér eruð sá eini af yðar stétt, sem eg hef mætt, sem ber með sér sýnishorn."

Pétur leit í "Kveldblaðið" og las þar andlátsfregn sína, sér til mikillar skelfingar. Hann flýtti sér að síma til Hans vinar síns og sagði: "Hefir þú séð það í blaði- nu, að eg er dauður?"

"Já", svaðarði Hans og kom voða fát á hann,—
"hvaðan talarðu?"

Jónatan : "Eg þekki mann, sem hefir verið kvæntur í þrátíu ár og er heima hjá sér á hverju einasta kveldi".

Jónatanína (hrifin) : "Þetta er nú sönn ást".
 Jónatan : "Ó, ekki er það nú,—það er gigtveiki".

Frúin : "Þér skilduð við manninn í fyrra og nú eruð þið tekin saman aftur".

Matreiðslukonan : "Já, nú erum við í uppheittu hjónabandi".

Háskólakennari nokkur, sem oft var nokkuð viðutan, hafði dvalist uppi í sveit og var að fara heimleiðis úr sumarfríi. Þegar hann var seztur í járnbrautarvagninn og lestin komin af stað, fór hann að velkja fyrir sér, hvort hann hefði ekkert skilið eftir. Hann tók upp vasabók sína, athugaði hana spjaldanna á milli og leitaði þar af sér allan grun.—Þegar hann kom á járnbrautarstöðina, kom dóttir hans fagnandi á mótí honum, en þegar hún sá, að hann var einn síns liðs, sagði hún : Pabbi ! Hvar er hún mamma ?"

Þá vaknaði gamli maðurinn eins og af svefni og sagði : "Já, þetta fann eg á mér, að eg hafði gleymt einhverju í sveitinni, þó að eg kæmi ekki fyrir mig, hvað það var !"

Prestur er að skíra barn. "Hvað á barnið að heita?" spyr hann.

"Alexander, Cæsar, Napóleon, John Jellicoe, Llyod George, Bonar Law, Kitchener".

Prestur (lágt við meðhjálparann) : "Bætið meira vatni í skírnarskálina !"

Hann : "Við erum að stofna happdrætti í mannúðlegu skyni. Það er gamall maður, blásnaður. Viljið þér ekki kaupa einn seðil ?"

Hún : "Í öllum bænum ! Hvað ætti eg svo sem að gera með karlfauskinn, ef eg skyldi draga hann ?"

"Segðu mér, Stína frænka, hvernig atvikaðist það, að þú komst í kynni við seinni manninn þinn?"

"Það var hreinasta æfintýri. Eg var á gangi með fyrra manninum mínum, þegar sá seinni kom brunandi í bifreið og ók yfir hann. Þetta var upphafið að okkar vináttu."

Bjartsýni. Vesturheimsmenn eru manna bjartsýnastir og "bregða sér sízt við voveiflega hluti" eða þótt komið sé í óvænt efni. Því til marks er þessi saga:

Maður nokkur datt út um glugga á 20. hæð á stórhýsi í New York. Þegar hann féll framhjá opnum glugga á 10. hæð, heyrðist hann segja: "Öllu er óhætt ennþá!"

Pétur: "Heldurðu, Anna, að þú vildir eiga mig, þó eg hef mist annan fótinn í stríðinu?"

Anna: "Já! Þúsund sinnum heldur vildi eg eiga þig, Pétur, á einum fæti, en nokkurn annan, þó hann hefði fjóra fætur".

Maðurinn: "Þessi nýkomni skrifari hjá borgarstjóranum er undarlegur maður. Hann langar til að eiga alt, sem hann sér".

Móðirin: "Viltu þá ekki, góði minn, bjóða honum heim til okkar til kvöldverðar, þá getur hann séð dæturnar okkar".

Maður, sem var nýkominn frá Evrópu til San Francisco, stóð þar á götu með hendurnar í vösunum. Gengur þá fram hjá honum innfæddur maður, sem spyr háðslega: "Því standið þér hér með hendurnar í vösunum?"

Evrópumaðurinn: "Eg hef verið hér svo fáa daga, að eg er ekki búinn að læra enn þá að stinga höndunum í annara vasa"

(Sumar af þessum skriftum eru teknar úr Þjóðv., féll. Almanakinu 1921)

*Helztu viðburðir og mannalát meðal
Íslendinga í Vesturheimi.*

Um áramótin 1920 og '21 fekk Jóhannes kennari Eiríksson meistarnafnbót (Master of Arts) við háskóla Manitobafylkis með ágætis vitnisburði. Efni þess sem hann skrifaði um var : *Political Economy and Political Science.*

Í maí mánuði 1921 tóku stúdentspróf við Manitoba-háskólann :

Valentínus Valgarðsson, með ágætiseinkunn í öllum námsgreinum og gullmedalínu háskólans fyrir próf í stærðfræði.

Ingólfur Gilbert Árnason, með 1. einkunn.

Í maí 1921 útskrifuðust frá háskóla Manitobafylkis í lögfræði :

Árni G. Eggertson og
Edwin G. Baldwinson.

Í læknisfræði :

Kristján J. Austmann og
Steinn O. Thompson.

Frá landbúnaðardeildinni :

Þórey Þórðardóttir í hústjórnarfræði.

Júní 1921—Stefán Á. Bjarnason útskrifaðist í aldinafræði og hlaut meistara-gráðuna (Master of Arts) við háskólann í California. Ennfremur voru honum veitt "James Rosenberg" verðlaunin og hann gerður að heiðursfélaga við háskólann fyrir dugnað í vísindalegri starfsemi, því jafnframt náminu gaf hann sig við kenslu og vísindalegum rannsóknum.

Í maí 1921—Jóhannes Ólafur Olson tók fullnaðarpróf í tannlækning (Doctor of Dentistry) við Royal College of Dental Surgeons Toronto með fyrstu ágætis einkum (1A). Sonur Haraldar Jóhannessonar Olson og konu hans Hansínu Einarsdóttir (af Húsavík í Pineyjars.).

Í júní 1921—Jósep T. Thorson, lögfræðingur í Winnipeg, skipaður rektor við lögfræðisskóla Manitobafylkis.

Júní 1921—Síra Björn B. Jónsson, prestur Fyrsta lút. safnaðar í Winnipeg sámdur doktors-nafnbót í guðfræði (Doctor of Divinity), af The Theological Seminary í St. Paul, Minnesota.

Júní 1921—John Russell Vatnsdal tók fullnaðarpróf við *Reed College* í Portland, Oregon, með 1. ágætiseinkum og um leið var honum veitt aðstoðarkennarstaða í stærðfræði við *Yale* háskólann í New Haven, Connecticut í Bandaríkjum. John er 19 ára gamall, sonur Thordar Vatnsdal og konu hans Önnu Jónsdóttir Jónssonar frá Munkaþverá í Eyjafirði.

17. júní 1921 var myndastyttan af Jóni Sigurðs-syni afhjúpuð við hið nýja þinghús Manitobafylkis í Winnipeg. Frú Stefanía Guðmundsdóttir, leikkona frá Reykjavík afhjúpaði myndastyttuna.

37. kirkjuþing Hins ev. lút. kirkjufélags Íslendinga í Vesturheimi stóð yfir frá 23. til 27. júní að Lundar, Manitoba. Síra N. Steingrímur Thorláksson var kosinn forseti fyrir það komandi ár.

Júlí 1921—Dr. Jón Ólafsson Foss gekk undir próf í læknisfræði við háskóla Norður-Dakotaríkis, og settist hann síðan að sem læknir í Cavalier, höfðuðstað Pembina County's. Dr. Foss kom frá Íslandi í júnímánuði sama ár.

2. ágúst 1921 — Einar Benediktsson, skáld, var heiðursgestur þjóðminningardags Íslendinga í Winnipeg. Nefndin er stóð fyrir hátíðahaldinu það árið, bauð skáldinu að koma. Kona hans var með honum hér.

Í september 1920 kom hingað frá Íslandi frú Stefanía Guðmundsdóttir, leikkona, með þrem börnum sínum. Var það að all-miklu leyti að tilhlutan Leikfélags Ísl. í Winnipeg, sem það ár var stofnað, að leikkonan tókst þessa ferð á hendur. Dvaldi hún hér í landi þar til í sept. 1921 og allan þann tíma voru sýndir sjónleikar í Winnipeg og út í fjölmennustu byggðum Íslendinga í Vestur-Canada, Dakota og Minnesota, með mikilli aðsókn fólks. Frú Stefanía vann sér hér miklar vinsældir hvar sem hún fór, og óhætt er að fullyrða, að eigi hefir ljúfari gestur Vestur-Íslendingum komið austan um haf enn frú Stefanía Guðmundsdóttir.

28. okt. 1921 var Sveinbjörn Johnson, lögfræðingur í Grand Forks, N. Dak. kórin dómsmálaráðgjafi fyrir Norður-Dakotaríkið.

8. okt. 1921 fór fram hornsteinslagning kirkju Sambandsafnaðar Ný-guðfræðinga og Únitara í Winnipeg.

MANNALÁT.

FEBRÚAR 1920

18. Kristján Jónsson, bóndi við Westbourne, Man. Fæddur á Kirkjubóli í Múlahreppi í Barðastrandars. 18. ág. 1861. Foreldrar, Jón Bjarnason og Kristín Jónsdóttir. Fluttist hingað til lands 1891.
5. marz 1920: Guðrún Árnadóttir, kona Tómasar Jóhannssonar við Elfros, Sask. (sjá Almanakið fyrir 1917, bls. 94.)
11. maí 1920: Kristín Örnólfsdóttir á Skógarnesi í Mikley. Örnólfur Magnússon og Sigríður Sigurðardóttir á kirkjubóli í Önundarfirði voru foreldrar hennar og var hún fædd þar 24. júní 1854. Ekkja eftir Daníel Eggertsson.
25. ágúst 1920: Sigurgeir Björnsson, að Mountain, N. Dak. Fæddur að Geitafelli í Þingeyjars. 20. sept. 1848. Foreldrar Björn Björnsson og Bóthildur Jónsdóttir. Fluttist vestur um haf frá Haga í Vopnafirði 1876. Ekkja hans heitir Guðfinna Jóhannsdóttir frá Fljótsbakka í Þingeyjars.

OKTÓBER 1920

7. Jón Bjarnason, að heimili tengdasonar síns, Steins bónda Dalmanns við Lunda, Man. Var fæddur í Miðvík í Laufássókn í Þingeyjarsýslu 3. ág. 1835. Fluttist vestur um haf 1876.
11. Björg Jónsdóttir hjá syni sínum Jóni Samson í Winnipeg, ekkja Jónasar Jónssonar Samsonarsonar. Fædd 20. jan. 1840 á Kálfstöðum í Hjaltadal í Skagafjs. Jón Jónsson og Gyða Jónsdóttir hétu foreldrar hennar.
31. Þóra Jóhannesson í Vancouver, B. C., 88 ára. (frá Ýtri-Görðum í Kolbeinsstaðahreppi í Hnappadalssýslu.

NÓVEMBER 1920

3. Ingveldur Jónsdóttir hjá syni sínum, Sig. Sigurðssyni bónda við Elfros, Sask., ekkja Sigurðar Jónssonar (dáin 1890) frá Deildartungu í Borgarfjarðarsýslu; 78 ára.
4. Helga Bjarnadóttir í Keevatin, Ont. (systir Torfa sál. Bjarnasonar í Ólafsdal); 52 ára.
15. Sigurður Hallgrímsson Holm í Detroit, Mich., fæddur á Löngumýri í Hólminum í Skagafirði 14. maí 1855, sonur Hallgr. Halgrímssonar Holm og konu hans, Guðbjargar Jónsdóttur; ekkja hans Helga Kristjánsdóttir; fluttist hann vestur um haf 1889 frá Marbæli í Óslandshlíð.

17. Þóra, kona Kristjáns Árnasonar (Anderson) í Baldur, Man. Fædd á Ísólfsstöðum á Tjörnnesi 1. júlí 1848.
21. Guðný Kristín Finnsdóttir, kona Jóns Jónssonar (smíðs) í Geysis-bygð í Nýja Íslandi; 63 ára.
25. Jónas Samsonarson við Kristnes-pósthús í Sask., fæddur á Hávarðsstöðum í Pistilfirði 11. ágúst 1854. Tvíkvæntur, fyrri kona hans Katrín Ásmundsdóttir af Seyðisfirði (dán 1894), síðari kona, Sigríður Pálsdóttir Ísfeld frá Eyvindará í Eiðapinghá. Fluttist til N. Dak. af Seyðisfirði 1889.
27. Guðni Þorláksson í Victoria, B. C. Fluttist af Ísafirði til Vesturheims 1888, ættaður úr Húnav.s.; 70 ára.
29. Guðfinna Árnadóttir, kona Hjálmars Jónssonar Bergmanns í Chicago. Fædd 27. maí 1851 að Hamri í Laxárdal í Þingeyjarsýslu, voru foreldrar Ari Vigfússon og Guðrún Ásmundsdóttir. Fluttist hingað vestur 1874.

DESEMBER 1920

20. Hólmfríður Pétursdóttir á heimili sonar síns Aðaljóns Christvinssonar í Markerville, Alta. Foreldrar hans Pétur Pétursson og Rannveig Jónsdóttir; fædd á Pétursstöðum á Lauganesströnd, um 17. maí 1848; ekkja Kristins Magnússonar (d. 1888).
25. Hrólfur, sonur Jakobs Crawford í Athabasca, Alta; 23. ára.
27. Kristín Benjamínsdóttir hjá syni sínum Gunnari Björnsyni ritstjóra í Minneota, Minn.; 82. ára.

JANÚAR 1921

2. Elín Jóhannsdóttir að Gardar, N. Dak., ekkja eftir Pálma Hjálmarsson (d. 1911), dóttir Jóhanns Schram og konu hans Ragnheiðar Pálsdóttur prests Erlendssonar á Brúarlandi í Deildardal í Skagafjarðarsýslu og þar fædd 1838.
3. Esther Traustadóttir Kristjánssonar bónda í Gardar-bygð, kona G. S. Gestsonar, bónda í Eyford-bygðinni í N. Dak.
6. Hans Benedikt Jóhannesson í Winnipeg; (ættaður úr Þingeyjarsýslu; fluttist hingað til lands 1882, hafði þá um nokkur ár verið póstur milli Akureyrar og Seyðisfjarðar.
7. Guðrún, dóttir Ivars Jónassonar í Langruth, Man.; dán í Reykjavík á Íslandi. Fædd í Winnipeg 12. júní 1893.
9. Guðleig Bergvinsdóttir Erlendssonar, kona Guðjóns Einarssonar í Pembina (ættuð af Áltanesi), 60 ára.
13. Martein Jónasson bóndi í Framnes-bygð í Nýja Íslandi; sjötugur að aldri (ættaður úr Húnav.s. Fluttist til þessa lands 1888.
13. Gestur Guðmundsson Jónssonar, bóndi á Sandy Bar í Nýja Íslandi (ættaður af Austurlandi); 44 ára.

15. Guðbjörg Bjarnadóttir í Spanish Fork, Utah; dóttir Bjarna Bjarnasonar er um eitt skeið bjó á Söndum í Gullbringus; tvígift; fyrri maður Guðm. Einarsson, sfðari Hjálmar Bjarnason; 78. ára.
16. Hildur Guðlaug Stefánsdóttir, kona Jóns bónda Halldórs-sonar, Egilssonar við Swan River pósthús; 26 ára.
17. Búi Jónsson, í Winnipegosis, Man. Foreldrar Jón Jónsson og Ólöf Guðmundsdóttir á Skaga í Dýrafirði í Ísa-fjarðarsýslu, var Búi þar fæddur 29. sept. 1848. Ekkja hans heitir Þórlaug Guðbrandsdóttir. Fluttust hingað til lands 1887.
17. Jóhannes Markússon bóndi við Bredenbury, Sask.; 64. ára.
21. Einar Einarsson á Auðnum í Gimli-veit, fæddur á Auðnum í Þingeyjars. 2. febr. 1836. Fluttist til Nýja Íslands 1879. Guðbjörg Grímsdóttir heitir ekkja hans og höfðu þau verið saman í hjónabandi 58 ár.
22. Jón Pétursson í Edmonton, Alta (frá Kolgröf í Skagafjarðarsýslu.) Fluttist til þessa lands 1876; 88 ára.
26. Rannveig Runólfsdóttir hjá syni sínum Þorsteini bónda við Milton, N. Dak., ekkja Guðm. Guðmundssonar er um eitt skeið bjó á Geitadal í Skriðdal í S.-Múlasýslu; 80 ára.

FEBRÚAR 1921

5. Sólveig Kristjánsdóttir, kona Sigurðar Jóhannssonar við Alta Vista-pósthús í B. C., (ættuð úr Ísafj.s.); 63. ára.
6. Guðný Guðlaugsdóttir, hjá stjúpóttur sinni Ástu S. Árnason í Pembina, N. Dak., ekkja Jósafats Sigvaldasonar (d. 1890); bjuggu þau lengi á Gili í Svartárdal í Húnav.s., en fluttust vestur um haf 1885 og settust að í Pembina; 87 ára.
6. Tómas Lúðvík, sonur Þorsteins Eyólfssonar og Kristjönu Jónsdóttur, við Ósland pósthús í B. C.; 27 ára.
17. Hólmfríður Helgadóttir, kona Þorsteins bónda Jósefssonar við Sinclair pósthús í Manitoba (ættuð úr Mývatns-veit), 58 ára.
18. Þorgerður Jónsdóttir, að Lundi í Breiðuvík í N. Ísl., kona Sveins Árnasonar; eru þau úr Borgarfjarðars., bjuggu sfð-ast á Klepp í Reykholtssdal; 76 ára gömul.
19. Jóhanna Kristjánsdóttir, kona Jóhanns Nikulásssonar Snædal, bónda við Lillesve, í Grunnavatnsbygð; ung kona.
19. Kristín Pétursdóttir, kona Þorláks bónda Jónassonar við Dafoe, Sask. fædd í Reykjahlíð við Mývatn 7. júlí 1845.
20. Egill Magnússon í Wnnipeg; 64 ára.
20. Hannes Ásmundsson bóndi við Frys, Sask.; 71 árs.
21. Felix, sonur hjónanna Guðmundar Finnssonar og Ingbjargar- ar Ófelgsdóttur í Selkirk Man.; 36 ára.

22. Magnús Ellis Magnússon, til heimilis í Winnipegosis, Man. Fluttist hingað til lands frá Reykjavík, en ættaður úr Snæfellsnessýslu; 51 árs.
22. Jón Benjamínsson hjá syni sínum Benjamín bónda við Lundar, Man. (frá Háreksstöðum á Jökuldal); 86 ára.
24. Sigfríður Einarsdóttir, kona Kristjáns A. Oleson í Glenboro, Man. (ættuð úr Þistillfirði, fædd á Hvappi 9. ág. 1879).
25. Þórunn, kona Steingrims Þórarinssonar í Winnipeg; 54 ára að aldri.
28. Guðlaug Snjólfisdóttir, kona Péturs Júlíusar Thomson í Winnipeg. Foreldrar hennar Snjólfur Snjólfsson og Sigríður Vilhjálmisdóttir, er bjuggu á Hánefsstöðum í Seyðisfirði; 62 ára.

MARS 1921

1. Stefán G. Johnson, bóndi í Argyle-bygð, sonur Þorsteins Jónssonar bónda á Hólmi í sömu bygð; 47 ára.
4. Þorsteinn Sigurðsson, bóndi á Þingeyrum í Geysis-bygð í N.-Íslandi (ættaður úr Skagaf.s.); 62 ára.
5. Guðmundur Torfason, bóndi í Grunnavatns-bygð í Manitoba. Fluttist hingað vestur úr Reykholtssdalnum árið 1900; 66 ára.
7. Guðmundur Bjarnason að Lundar, Manitoba, fæddur 12. marz 1847 að Austur-Skálanesi við Vopnafjörð; foreldrar: Bjarni Árnason og Ingveldur Sigurðard. Fluttist til Ameríku 1882; ekkja hans heitir Guðrún Eyjólfína Eyjólfsd.
16. Guðbjörg Evartdóttir Jónssonar, að Markerville, Alta. (ættuð úr Skagafirði). Ekkja eftir Guðm. Þorvaldsson; 80 ára.
22. Halldór Hjaltason Sveinssonar, bóndi í Argyle-bygð (ættuður úr Ísafjarðarsýslu); 62 ára.
26. Semundur Elríksson, hjá syni sínum Jóhannesi bónda við Mountain, N.D. Sonur Elríks Hjálmarssonar prests á Þór-oddsstað í Köldu Kinn. Fæddur 14. júní 1833. Fluttist frá Kaldbak á Tjörnesi til Ameríku 1882. Fyrri kona hans var Sigríður Jóhannesdóttir frá Laxamýri, síðari kona, sem lifir hann, Elínrad Jónasdóttir frá Hvammi í Höfðahverfi í Þingeyjarsýslu.
27. Sigurður Christopherson bóndi við Crescent - pósthús í British Columbia; fyrrum bóndi í Argyle-bygð, Man.
30. Jakobína Þorsteina, dóttir Magnúsar Johnson og konu hans í Winnipeg; 19 ára.
Lára Árnadóttir Valdasonar í Blaine, Wash.; gift hérlandum manni, Roper; 24 ára.

APRÍL 1921

1. Guðbjörg Pálsdóttir, kona Eyjólfis Eyjólfssonar Olson í Winnipeg. Fædd á Dagverðargarði í Hróarstungu í N.-Múlas. 14. okt. 1854; voru foreldrar hennar Páll Ásmundsson og Þóra Elríksdóttir.
13. Steinunn, kona Árna O. Anderson í Winnipeg; 38 ára.

16. Björn Guðmundsson, við Íslendingafljót sonur Guðmundar Skagalíns á Njálstöðum í Húnavatnss. Var póstur milli Reykjavíkur og Akureyrar nokkur ár og var kunnur undir nafninu "Björn póstur"; 80 ára.
17. Kristbjörg Guðlaugsdóttir Shaw í Winnipeg (ættuð úr Pistilfirði í Þingeyjars.); 48 ára.
18. Benedikt Kristjánsson, til heimilis að Hensel, N.-Dak; 40 ára.
26. Einar Björnsson, bóndi við Gerald Sask.; 80 ára.
29. Guðjón Vigfússon, í San Diego, California (ættaður frá Apavatni í Grímsnesi í Árnessýslu).

MAÍ 1921

1. Kristín Kristjánsdóttir, kona Ingigunnars Stefánssonar bónda í Eyford-bygð í N.-Dak; 21 árs.
6. Sigurjón Sigfússon, að Mountain, N.-Dak. Fæddur að Krossanesi í Eyjafj.s. 8. febr. 1864, sonur Sigfúsar Jónssonar og konu hans Ingibjargar Árnadóttur, er þaðan fluttust vestur um haf 1876.
8. Fanney Fjeldsted, gift hérlandum manni, Charles Caze að nafni (ættuð úr Snæfellsnessýslu); 22 ára.
10. Ólafur Björn Brynjólfsson í Willow City í N. Dak., sonur Brynjólfs Brynjólfssonar frá Skeggstöðum í Húnavatnssýslu; 64 ára.
15. Þorsteinn Einarsson, í Pipestone-bygðinni í Manitoba. Einar Gunnarsson og Guðbjörg Þorsteinsdóttir voru foreldrar hans, þjuggu þau í Hvammi undir Eyjafjöllum; 87 ára.
22. Sveinn Björgúlfsson bóndi í Argyle-bygð; frá Gilsárstekk í Breiðdal í Suður-Múlas.; 87 ára.
25. Kristbjörg, kona Ólafs bónda Oddssonar í Fagraskógi við Íslendingafljót; 72 ára.

JÚNÍ 1921

1. Ólafur Guðmundsson, bóndi við Wynyard, Sask. Foreldrar hans voru Fuðm. Pétursson og Þorbjörg Finnbogadóttir, er fluttust hingað til lands frá Smiðsgerði í Kolbeinsdal í Skagafirði 1876; 56 ára.
8. Ingibjörg Guðmundsdóttir, við Wynyard, Sask., ekkja Þorkels Magnússonar. Foreldrar: Guðmundur Gíslason og Sigríður Símonardóttir á Laufási í Skagafirði, og þar var Ingibjörg fædd 15. sept. 1852.
11. Vigfús Anderson, að heimili sonar síns, Sigurðar kaupm. Anderson í Minneota, Minn.; nær áttæður.
12. Sigríður Jónsdóttir, á heimili Friðriks Hanssonar Niels-sonar, bónda við Árborg, Manitoba (ættuð úr Skagafirði); 94 ára.
13. Prófessor Runólfur Fjeldsted, í Glenboro, Manitoba.
17. Lára Bjarnason í Winnipeg, ekkja séra Jóns Bjarnasonar, D. D.
18. Halldór Halldórsson, bóndi við Lundar, Man., einn af frumbyggjum Áltavatnsbygðar (sjá Alman. 1914).

25. Hólmfríður Ágústsdóttir Jónssonar við Lundar Manitoba; 22 ára.
28. Einar Sigurðsson Anderson, sonur Sigurðar Andersonar og konu hans, er heima eiga í San Francisco, Cal.

JÚLÍ 1921

1. Guðmundur Guðmundsson Nordal, í Duluth, Minn.; faðir hans var Guðmundur Ólafsson er um eitt skeið bjó á Krkjubæ í Norðurárdal í Húnaþingi; hafði verið búsettur í Duluth í 35 ár.
3. Methúsalem Einarsson á Mountain, N.-Dak., sonur Einars Eymundssonar og konu hans Þorbjargar Þorvarðsdóttur, er bjuggu á Fagranesi á Langanesi. Ingibjörg Kristjánsdóttir hét kona hans (d. 1916). Fluttust þau hjón frá Fagranesi til Dakota 1883, og bjuggu allan sinn búskap í Mountain-bygð; 67 ára.
6. Geirþrúður Dahl í Milwaukee, Wisconsin; dóttir Guðm. Guðmundssonar og Hólmfríðar Snæbjarnardóttur; fædd í Skorrvík í Dalasýslu 10. marz 1836.
6. Þuríður Þorbergsdóttir, kona Þorvaldar Þorvaldssonar í Riverton við Íslendingafjót. Fluttust hingað til lands 1887 frá Hofdølum í Blönduhlíð í Skagafirði. Foreldrar: Þorbergur Jónsson, hreppstjóri á Dúki í Sæmundarhlíð, og Helga Jónsdóttir prests Reykjafns á Ríp í Hegrnesi, og þar fædd 8. jan. 1838.
8. Ingibjörg Sveinsdóttir, dóttir Sveins Björgúlfssonar (d. 22. maí þ.á.) í Argyle-bygð; á fertugs aldri
8. Margrét Oddsdóttir Halldórssonar, í Pipestone-bygð, Man. Fædd í Keldnakoti á Rangárvöllum 15. ág. 1861.
8. Gunnar Helgason, bóndi í Swan River-bygð í Manitoba. Fæddur á Geirólfsstöðum í Skriðdal 15. ág. 1859. Foreldrar hans voru Helgi Hallgrímsson frá Stóra-Sandfelli og Margrét Sigurðardóttir frá Mýrum í sama héraði. Fluttist til Canada 1893 frá Bæðvarsdal í Vopnafirði.
10. Ástríður Tómasdóttir, kona Ófeigs Sigurðssonar bónda við Innisfall í Alberta-fylki. Voru foreldrar hennar Tómas Jónsson Þórðarsonar á Spóastöðum í Biskupstungum og Guðrún Þormóðsdóttir; 63 ára.
18. Sigríður Ingimundardóttir, við Mortlach, Sask., ekkja eftir Ólaf Ólafsson (dáninn 1876), áttuð úr Dýrafirði; 85 ára.
28. Hallgrímur Friðriksson, bóndi á Hauksstöðum í Geysisbygð í Nýja Íslandi (ættaður úr Skagafirði). Heitir ekkja hans Sigríður Pétursdóttir; 58 ára.
29. Þorsteinn, sonur Guðmundar M. Borgfjörð, bónda við Árborg, Man.; 24 ára.
29. Sigríður Hermannsdóttir, kona Jóns T. Bergmanns, til heimilis í Kirkland við Seattle, Wash. Dóttir Hermanns Jónssonar, fyrv. skólastjóra og alþingismanns og konu hans Guðrúnar Jónsdóttur; 32 ára.

ÁGÚST 1921

5. Jón Brandsson, að Gardar, N.-Dak., einn af fyrstu landnemum í Gardar-bygðinni. Kona hans var Mærgret Guðbrandsdóttir Sturlaugssonar í Hvítadal (d. 190). Fluttust þau frá Fremribrekku í Dalasýslu vestur um haf 1878; 79 ára.
9. Þurfdóttir Jónsdóttir, kona Jóns Klemenssonar bónda við Silver Bay póshús í Manitoba; (fluttust þau hjón hingað frá Geirbjarnarstöðum í Köldukinn í Þingeyjars.).
11. Þorleifur Sveinsson bóndi í Viðirbygð í Nýja Ísl. (frá Enni í Húnavatnssýslu), giftur Guðrúnu Eggertsdóttur (ættuð úr sömu sýslu), og nú er ekkja; 52 ára gamall.
16. Guðrún Jóhannsdóttir, í Winnipeg, ekkja eftir Ingvar Búason. Fædd að Ingveldarstöðum á Reykjaströnd í Skaga-firði 20. Júní 1875; Jóhann Sigvaldason og Guðrún Björnsdóttir hétu foreldrar hennar.
21. Hannes, sonur Jóns Hannessonar Norman og konu hans Vilfríðar Jóhannsdóttur Erlendssonar, til heimilis í Hensel, N.-Dak.; 19 ára.

SEPTEMBER 1921

3. Laufey Ísleifsdóttir, kona Skúla Benjamínssonar í Winni-peg (ættuð úr Eyjafirði); 42 ára.
3. Sæmundur Björnsson, skósmiður í Selkirk, Man.
4. Steinunn Ísleifsdóttir, kona Björns J. Lindsals í Winnipeg (frá Efstadal í Laugardalshreppi í Árness.). Foreldrar: Ísleifur Eyvindarson og Jörunn Eyjólfsdóttir, er lengi bjuggu á Snorrastöðum í sömu sveit; 53 ára.
11. Lárus Þórarinn, sonur Klemens Jónssonar og konu hans Ingibjargar Jónsdóttur í Selkirk, Man.; 27 ára.
15. Tómas Jóhannsson við Elfros, Sask. (sjá Almanak 1917, bls. 94 og 95).
11. Jón Gunnar Rögvaldsson í Winnipeg (ættaður úr Skaga-firði); 26 ára.
12. Addie Viola, kona Jóhanns Josephsonar í Langruth, Man.
14. Elín Einarisdóttir, í Winnipeg, ekkja eftir Stefán Johnson, kaupmann, aldurniggin kona.
16. Hjálmur Árnason, í Winnipeg (úr Borgarfjarðars.); 60 ára.
20. Árni Arelfus, sonur Páls E. Ísfeld bónda við Húsavík-pósthús í Nýja Íslandi; 18 ára.

OKTÓBER 1921

4. Karólína Dalmann, í Winnipeg.
5. Friðhólm, sonur Pás E. Ísfelds, bónda í Árnesbygð í Nýja Íslandi.
10. Stefán Sigurbjörnsson Benson í Selkirk.
17. Vilborg Árnadóttir, kona Jónasar Helgasonar í Winnipeg.

NÓVEMBER 1921

17. Sefán, sonur Víglundar Jónssonar og konu hans Ingibjargar, til heimilis á Gímli; 18 ára.
19. Bertel Lincoln, sonur Jóhannesar Gíslasonar og konu hans Valgerðar Stefánsdóttur að Gardar, N.-Dak.; 26 ára.

Ártöl nokkurra merkisviðburða.

	Fyrir Kr.
Fall Trójuborgar	1183
Stofnun Kartagoborgar	878
Stofnun Rómaborgar	753
Jerúsalem hertekin af Nebúkadnesar	588
Július Cæsar fer til Bretlands	55
	Eftir Kr.
Jerúsalem eyðilögð af Titusi	70
Constantinus keisari snýst til kristni	313
Rómverjar yfirgefa Bretland	410
Krossferðirnar byrja	1096
Tyrkir taka Miklagarð	1453
Bíblían fyrst prentuð í Mentz	1462
Columbus fann Ameríku	1492
England og Skotland sameinast	1602
Þrjátíu ára stríðið byrjar	1618
Gíbraltar tekinn af Bretum	1704
Friðarsamningarnir í Utrecht	1713
Canada tekin af Frökkum	1759
Frimerkalögin gengu í gildi	1765
Bandaríkin segja sig undan Bretum	1776
Fyrsta nýlenda stofnuð í Astralíu	1788
Napoleon Bonaparte verður keisari	1804
Franski leiðangurinn til Moskva	1812
Bardaginn við Waterloo	1815
Fyrsta gufuskip fer yfir Atlantshaf	1819
Gull fundið í Californíu	1848
Gull fundið í Astralíu	1851
Fyrsta alheims sýning í London	1851
Dominion of Canada stofnað	1876

Til minnis.

- Til eru, að sögn, 2750 tungumál.
 Fyrstu nálar búnar til um 1545.
 Fyrstu hjólvagnar á Frakklandi 1559.
 Fyrsta fréttablað á Englandi gefið út 1588.
 Fyrsta blaðaauglýsing birtist 1652.
 Fyrsti sjónauki gerður 1590.
 Fyrsta gufuvél hér í álfu (frá Engl.) 1753.
 Fyrst gerðar eldspítur 1829.
 Fyrstu umslög hagnýtt 1829.
 Fyrstu stálpennar búnir til 1830.
 Steinolía fyrst hófð til ljósa 1826.
 Fyrsta gufuskíp úr járnri bygt 1830.
 Glergluggar fyrst í húsum á Englandi á 18. öld.
 komu saumavél 1846.

Til minnis um Ísland.

- Fyrst fundið Ísland af frum á 8. öld. Af Norðmönnum 860
 Fyrst varanleg bygð hefst 874.
 Fyrsta Kötflugos, er sögur fara af, 894.
 Fyrstu lög og Alþing sett 930.
 Fyrstur trúboði, Friðrik biskup, saxneskur, 981.
 Fyrsti lögsögumaður, Hrafn Hængsson, kosinn af lögréttu
 930.
 Fyrsta kirkja er í ritum talin bygð um 984, að Ásl í Hjalta-
 dal, en það mun sannri nær, að örlygur gamli hafi reist kirkju
 að Esjubergi nálægt 100 árum áður.

BRUKID TUCKETTS
ORINOCO
 Skorið stórt fyrir Pípu—
 Skorið fínt fyrir Cigarettes.



ÓLAFUR S. THORGEIRSSON :

- Fyrstur lúterskur biskup, Gissur Einarsson, 1539.
Fyrstur fastur skóli á Hólum 1552.
Fyrstur íslenskur rithöfundur, kunnur, og faðir íslenzkrar sagnritunar, Ari Þorgilsson, prestur, f. 1067, d. 1148.
Fyrsta Heklugos, er sögur fara af, 1104.
Fyrsta klaustur, reist á Þingeyrum, 1133.
Fyrsta nunnuklaustur í Kirkjubæ í Vestur-Skaftafellssýslu 1186.
Fyrsti konungur yfir Íslandi, Hákon Hákonarson (konungur Norðmanna) 1262—63.
Svarti dauði geysaði 1402.
Selni plágan 1495.
Fyrsta prentsmíðja á Breiðabólstað í Vesturhópi um 1530.
Fyrstur prentari Jón Mathíasson, sænskur prestur.
Fyrstur íslenskur biskup, Isleifur Gissurarson, 1054.
Fyrst prentað nýja testamentið, þýtt of Oddi lögmanni Gottskálkssyni 1540
Fyrstur fastur latínuskóli í Skálholti 1552.
Fyrsta íslensk sálmabók, sem til er, prentuð 1555.
Fyrst prentuð biblían, þýdd af Guðbrandi biskupi, 1584.
Spítali stofnaður fyrir noldsveikt fólk 1652.
Fyrsta galdrabrenna 1625 (hin síðasta 1690.)
Prentsmíðjan flutt frá Hólum að Skálholti 1695, og að Hólum aftur 1703.
Stórabóla geysaði 1707.
Fyrsta Jónsbók (Vidalíns) kemur út 1718.
Fyrst drukkið brennivín á Íslandi á 17. öld.
Fyrst fluttur fjárkláði til Íslands 1760.
Fyrst drukkið kaffi 1772.
Fyrsta lyfjabúð á Nesi við Seltjörn 1772.
Fyrstu póstgöngur hefjast 1776.
Hið íslenska lærdómslistafélag stofnað í Kaupmannahöfn 1779.
Akveðið að flytja biskupsstólinn og skólann frá Skálholti til Reykjavíkur 1785.
Verzlunarelnokunin konunglega afnumin 1787.
Stofnað bókasafn og lestrarfélag á Suðurlandi (í Reykjavík) 1790.
Stofnað hið "Norðlenska bóklestrarfélag" 1791.

- Selnasta löggjafarþing haldið á Þingvöllum við Öxará 1798.
 Prentsmiðjan á Hólum flutt að Leirrárgörðum 1799.
 Landsyfrréttur settur á laggirnar í Rvík 1800.
 Fyrsta organ, sett í Leirárkirkju, 1800.
 Landið gert að biskupsdæmi 1801.
 Hólaskóli fluttur til Reykjavíkur 1801.
 Haldinn fyrsti yfrréttur í Reykjavík 1801.
 Latínuskólinn fluttur frá Reykjavík til Bessastaða 1805.
 Hið íslenska bblifufélag stofnað 1816.
 Fyrsti visir til fréttablaða, Klausturpósturinn, kemur út
 1818 (Minnisverð tíðindl ekki talin; þau komu út 1796—1808.)
 Prentsmiðjan flutt frá Leirrárgörðum til Viðeyjar 1819.
 Hið norræna fornfræðafélag stofnað í Kaupmannahöfn
 1825.
 Búnaðarfélag Suðuramtsins stofnað 1835.
 Fyrsti árgangur Fjölnis birtist 1835.
 Fyrst gefin út Ny félagsrit 1841, rit Jóns Sigurðssonar.
 Prentsmiðjan flutt frá Viðey til Rvíkur 1844.
 Fyrsta alþing í Reykjavík 1845.
 Latínuskólinn fluttur til Reykjavíkur frá Bessastöðum 1846.
 Prestaskólinn settur í Reykjavík, 1847.
 Fyrsti stjórnáráðfundur haldinn á Þingvöllum við Öxará 1848
 Fyrsts blað Þjóðólfs prentað 1848.
 Hrossa-sala til útlanda byrjar um 1850.
 Prentsmiðja sett á stofn á Akureyri 1852.
 Fyrsta póstgufuskip kom til Reykjavíkur 1858.
 Spítali settur á stofn í Reykjavík 1863.
 Forngripasafnið sett á stofn í Reykjavík 1863.
 Barnaskóli í Reykjavík stofnaður 1863.
 Þjóðvinafélagið stofnað 1870.
 Fyrst fluttir inn skozkir ljáir 1871.
 Settur háskóli í Reykjavík 1911.

BRUKID TUCKETTS
ORINOCO
 Skorið stórt fyrir Pípu—
 Skorið fínt fyrir Cigarettes.



INNIHALD:

1.	Almanaksmánuðirnir og fleira -	1-20
2.	Warren G. Harding, forseti Bandaríkjanna. Eftir Jónas A. Sigurðsson, með mynd	21-36
3.	Orustan við Marne. Eftir Frank H. Simonds. Páll Bjarnarson þýddi -	37-54
4.	Safn til landnámssögu Ísl. í Vesturheimi: Ágrip af sögu Þingvallabygðar. Safnað af Helga Árnasyni. (Niðurlag)	55-75
5.	Ágúst Jónsson. Eftir Adam Þorgrímsson	76-78
6.	Hversvegna eru jólin 25. desember? (Þýtt)	79-82
7.	Thomas Burt. (Þýtt) - -	83-85
8.	Tilviljanir, eða hversu hugvitsmönnum renna ráð í hug -	86-89
9.	Til minnis: Ný hveititegund—Þögnin er hvíld—Ekki að vigta börn—Hvers- vegna giftist fólk?—Menn lengjast á nóttunni og styttest á daginn—Hunda- dagar—Silki - - -	90-95
10.	Smávegis - - -	96-98
11.	Skrítlur - - -	99-101
12.	Helztu viðburðir og mannlát meðal Íslendinga í Vesturheimi -	102-112
13.	Ártöl nokkurra merkisviðburða Til minnis—Til minnis um Ísland	113-115

BRUKID TUCKETTS

ORINOCO

Skorið stórt fyrir Pípu—
Skorið fínt fyrir Cigarettes.



The Guarantee Laundry Þvottavél

er búin til í Winnipeg úr því allra bezta efni af furu, sem til er og negld saman með galvaniseruðum nöglum og böndum. Canada fura hefir reynst að vera bezta viðartegund, sem til er í heimi að hafa í þvottavélar, jafnvel eins góð og cyprus-viður, þar eð hin þéttu bönd í viðnum gera hann ógegnkvæman af vatni og sápu. Efnið í þvottavélunum er þykt og því endingargott. Balastafirrir eru 1¼ þml. þykkir og 2 þml. lokið. Þvottahólkurinn (cylinder) þar sem þvotturinn er látinn í, er 1 1-4 þml. þykkur og lokið 1¼. Að brúka þessar þyktir af efnivið gerir það að verkum að vélin er sérlega traust að öllu leyti

Að balinn geti þrútnað eða gisnað er og fyrirbyggt með galvaniseruðum járnböndum sem balinn er bundinn með og er svo un.búðið að slíkt getur eigi orðið, járnböndin eru þannig tempruð, og er þetta stórt atriði, því ef balinn væri eigi þannig, útbúinn, væri hann sífeldlega háður því að þrútna eða gisna, væri að því skemd mikil. Trúðurinn innan í cylind-irnum sem lyftir þvottinum, er búinn til úr eik og póleraður svo vandlega og að öðruleyti frá honum gengið að hann getur eigi gert skaða á fínustu dúkum eða öðru sem eigi hefir mikið þol. Hurðin á þvotta-ásnum (cylinder) sterklega bundin með látúns lásam.

H'eypihurðin er búin til úr þykku galvaniseruðu járn og getur eigi bognað eða farið úr lagi.

Öil hjólin í "Guarantee" þvottavélinni eru búin til af stáli—nákvæmlega tempruðu til að standa alla áreynslu með djúpum tönnum svo ganghraðinn verður alt af jafn og mjúkur. Sama áhaldið setur vélin á stað (yfir)

Ásarnir í yfirbyggingunni eru búnir til úr steypum sverum málm, sem til þess er beztur og bundin með sverum járnhengul, eins og bezt má vera.

Öll hjólin sem beltin liggja á eru úr stáli, með áferð sem tryggja langa ending á leðurbeltunum og með því er komist hjá óþægindum sem samfara eru viðarhjólnum, sem gufa og hiti hafa svo slæm áhrif á.

Allur málmur eða stykki úr málm sem koma nálægt vatni eru ýmist úr látúni eða galvaniseruðu járni og þar með er trygð ending þeirra. Allur viður utan á vélinni hefir þjárf áferðir af máli, sem er perlu-grátt og stálleggjarnar nokkru dekkri.

Vatnslátid er auðvelt að tæma með pípu-úrrenslí í botni og búid út með loku, svo allur óþverri getur auðveldlega runnið burt, og ekkert er eftirskilið.

Hálfs hestafls motor er nægilega sterkur til að knýja vélina með.

The "A" tegundin af þessum vélum eru að öllu leyti svo úr garði gerðar að þær eru fullkomnar þar sem þær standa, nema hvað þarf að tengja þær við rafur-magnskraftinn. Þær eru nákvæmlega eins og myndin sýnir, sem er í auglýsing vorri á öðrum stað í þessu almanaki.

The EXTRACTOR er vél sem tekur vatnið og annað úr þvottinum eftir að hann hefir verið þvegin í stóru cylinder-vélinni.

Þvotturinn sem á að þurka í þessari vél er látinn í málmskálinna eða körfuna og síðan sett á stað og snýst með geysi-hraða, við loft þrýstinginn fer þvotturinn til hliðanna og við það fer allt vatn úr þvottinum gegnum götin á körfunni. Þannig verður þvotturinn þur á fám mínútum.

*“Dr. A. W. Chase's meðöl
eru þekt frá hafi til hafs”*

Dr. CHASE'S
Syrup of Linseed and Turpentine

Við þess mjúku, græðandi áhrif, losar það hóstann og gefur mikla linun. Læknar hósta og kvef, krampa, Bronchitis, andarteyppu, kíghósta og öll eymsl í hálsi og lungum. 35c og 75 flaskan

Send eftir ókeypis eintaki af Dr. Chase's receipt book—hún er gulls virði.

Margur sem þjáist af taugaveiklun, vakir um nætur og óskar þess að fari að morgna. Hann getur ekki sofð. Hver nóttin og dagurinn sem líður, er honum meiri og meiri þraut. Hann hugsar um hvernig hann geti læknast, hann haldi það ekki lengi út eins og sé. Að síðustu heitstrengir hann að reyna.



Dr. A. W. Chase's Nerve Food

og hann reynir hálf túsín öskjur og fær bót, sefur rólega og taugarnar komast í samt lag.

Dr. Chase's Nerve Food—50c. askjan—6 öskjur \$2.75.

Búið til af

EDMANSON BATES & CO.

Dept. T., Dr. Chase Bldg., TORONTO, Ont.

Til sölu hjá öllum kaupmönnum, eða beint frá

HOME REMEDIES SALES, 852 Main St., Winnipeg

Dr. A. W. Chase's Kidney-Liver Pills

Verkanir lifrarinnar, nýrnanna og magans er í svo nánu sambandi, að gangi eitthvað að einu þessara líffæra, sneritir það hin, svo að lyf sem Dr. Chase's Kidney-Liver Pills, með sérstökum og sameinuðum verkunum á þessi líffæri, er bót sjúkdómanna í mörgum tilfellum. Það læknað eigi í neinum skilningi alt sem að er, en það hefir yfirnáttúrlega vel hepnast að bæta öll eymsl, sem koma frá lifrinni, nýrum og maga og bætur:



Ein pilla í senn, 25c askjan

Harðlífi, magakvef, höfuðverk, óhreint blóð, ofþreytu, niðurgang, lifrarveiki, nýrnaveiki, eymsl í þvagfærum, bakveik, blöðrusótt, eymsl í síð og niðrum, gigt, Lumbago.

Dr. Chase's Ointment

er hið æskilegasta við kláða á hörundi eða við sárum, sem ekki vilja gróa. Kláða af öllum tegundum, bólur í andliti, skinnflagnir, sára fætur og tær, frostbólgu, brunasár, snarpar og sárar hendur og andlit, gömul sár.

Dr. A. W. Chase's Ointment er áreiðanlegt lyf við öllum kláða og öllum tegundum af gylliniceð. Kostar 60c askjan.

Búið til af

EDMANSON BATES & CO.

Dept. T., Dr. Chase Bldg., TORONTO, Ont.

Til sölu hjá öllum kaupmönnum, eða beint frá

HOME REMEDIES SALES, 852 Main St., Winnipeg